TINNA SIGURÐARDÓTTIR
Ekki of kalt til að kafa á Íslandi
ferðir bílar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

RÁÐSTEFNUR OG HVATAFERÐIR
Skyggnst inn í álfheima
Sérblað um ráðstefnur og hvataferðir
Í MIÐJU MARKAÐARINS Í DAG

Opið hús á sumardaginn fyrsta 19.apríl klukkan 14-17.
Allir velkomnir.
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
18. apríl 2007 — 104. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Kostar eina krónu

Þráinn Karlsson spjallar um Æfintýri á gönguför.

MENNING 33

Fær að tala inn á Simpsons-myndina

Stefán Birgir Stefánsson er aðdáandi gulu fjölskyldunnar númer eitt.

FÓLK 46

Heather heillar Kanann

Fyrirsætan á þó enn undir högg að sækja heima fyrir.

FÓLK 36

Sex stiga forskot

Manchester United setti pressuna yfir á Chelsea þegar liðið náði sex stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gær.

ÍÞRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



FROST NYRÐRA Í dag verða norðan 5-13 m/s, hvassast á annesjum. Él norðan til og austan, rigning eða skúrir suðaustan til en bjartviðri eftir hádegi á landinu vestanverðu. Vægt frost nyrðra en hiti 2-6 stig syðra, mildast suðaustanlands.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Samstarf um björgun tryggt

Samstarfssamningur milli LHG og bandarísku strandgæslunnar liggur fyrir. „Afar mikilvægur samningur“ segir forstjóri LHG. Auknar siglingar við landið þrýstu á gerð samnings um upplýsingagjöf og þjálfun.

LANDHELGISGÆSLAN „Aðalatriðið er að við erum að bjóða bandarísku strandgæslunni samstarf á jafnréttisgrundvelli um upplýsingagjöf og margvíslega samvinnu um leit, björgunarstörf, þjálfun og starfsmannaskipti,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.

Drög að samstarfssamningi Landhelgisgæslunnar og bandarísku strandgæslunnar liggja fyrir. Georg segir ríkan vilja til náins samstarfs af beggja hálfu. „Samningurinn er tvímælalaust mjög mikilvægur fyrir okkur.“

Georg segir samninginn við bandarísku strandgæsluna (US Coastguard) ganga næst samstarfssamningi íslenskra stjórnvalda við danska varnarmálaráðuneytið í björgunarmálum að mikilvægi. „Við vonumst jafnframt til að gerðir verði fleiri samningar í þessa veru í náinni framtíð.“

Ákvörðun um gerð samstarfssamningsins var tekin á fundum embættismanna og fulltrúa Landhelgisgæslunnar og strandgæslunnar í Washington og Boston dagana 12. og 13. apríl síðastliðinn og verður hann undirritaður í ágúst. Á fundunum var stofnað til beinna tengsla milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Landhelgisgæslunnar annars vegar og strandgæslunnar hins vegar, tengsl sem íslensk stjórnvöld telja mjög mikilvæg.

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segist ekki vilja útlista nákvæmlega hvað felst í samningnum en ljóst er að aðgengi íslenskra stjórnvalda að mikilvægum upplýsingum eykst til muna með nýjum samningi.

Spurður um upplýsingagjöfina segir Georg að Ísland muni leika stórt hlutverk í öryggismálum á Norður-Atlantshafi. „Við munum veita upplýsingar og fá upplýsingar sem nýtast okkur á margvíslegan hátt.“

Samningurinn nú er framhald samþykkta Íslands og Bandaríkjanna um samstarf í varnar- og öryggismálum frá því í september 2006. Georg segir auknar siglingar í kringum landið skipta afar miklu máli varðandi gerð samningsins og vísar til alþjóðlegrar ráðstefnu sérfræðinga um siglingar, öryggismál og olíu- og gasflutninga á Norður-Atlantshafi í Reykjavík í fyrra. „Við munum fá mikilvæga þjálfun í notkun upplýsingakerfa til að vakta skipaumferð og í uppgöngu í frakt- og fiskiskip, sem er ekki síður mikilvægt fyrir okkur.“

- shá

WILSON MUUGA KOMIÐ Á FLOT Árni Kópsson kafari, til vinstri, fagnar því með starfsmönnum Nesskipa að Wilson Muuga komst á flot í Hvalsnesfjöru í Sandgerði í gær. Skipið var dregið til Hafnarfjarðar. MYND/ELLERT GRÉTARSSON

Vel gekk að draga Wilson Muuga af strandstað í Sandgerði í gærkvöld:

Fer trúlega í slipp í Hafnarfirði

BJÖRGUN Vel gekk að draga flutningaskipið Wilson Muuga af strandstað í Hvalsnesfjöru í Sandgerði í gær og var von á því til Hafnarfjarðar um klukkan ellefu í gærkvöld. Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, var um borð í skipinu. Hann var ánægður með hvernig björgunaraðgerðir höfðu gengið.

„Hér eru allir í sjöunda himni. Ég vil vera varkár í fullyrðingum en það er óhætt að segja að allir eru ánægðir með að vera að koma á skipi til baka,“ sagði Guðmundur og taldi mannskapinn orðinn slæptan eftir sautján til átján tíma vinnu á sólarhring í sautján daga við að þétta skipið og búa það undir ferðina.

Dráttarbátar voru fengnir til að draga skipið af strandstað og lið á bát frá björgunarsveitinni Sigurvon í Sandgerði fylgdist með en búið var að þétta skipið og gera við öll göt. Guðmundur segir að dæla hafi þurft um 1.800 tonnum af sjó upp úr skipinu til að létta það og losa það á flóðinu.

Kristinn Adnegaard, forstöðumaður þjónustudeildar hjá Hafnarfjarðarhöfn, sagði í gær að Wilson Muuga yrði bundið við bryggju og svo yrði skoðað hvað yrði um skipið. Hann átti von á því að skipið færi í slipp í Hafnarfirði, hvort sem það væri til viðgerðar eða niðurrifs.

„Við finnum skipinu stað þar sem það getur verið í friði meðan á þarf að halda. Ef skipið fer í viðgerð hér getur þetta tekið nokkrar vikur. Verði það tekið út aftur þá þarf sjálfsagt að gera eitthvað við skipið þannig að það fer ábyggilega í slipp hér,“ sagði Kristinn.

- ghs

Álverið á Bakka við Húsavík:

Ákveðið að byrja á þriðja áfanganum

STÓRIÐJA **„Ég eldaði uppáhaldsmatinn hans Bergs, verkamannasteik með rabarbarasultu, í tilefni dagsins,“ sagði Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjórafrú í Norðurþingi, í gær. Mikil hamingja hefði verið á Húsavík þar sem tilkynnt var að hafist yrði handa við þriðja og síðasta áfangann í hagkvæmniathugun vegna byggingar álversins á Bakka.**

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur verið lokið við tvo áfanga af þremur samkvæmt viljayfirlýsingu Norðurþings, Alcoa og iðnaðarráðuneytisins sem skrifað var undir 16. maí á síðasta ári.

Hagkvæmniathugunin er unnin í samstarfi við Landsvirkjun og Landsnet. Stefnt er að því að ljúka henni í júní á næsta ári.

Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri sagði í Fréttablaðinu í gær að þegar þriðji áfangi hæfist væri hægt að segja að endanleg ákvörðun um byggingu álvers væri að nálgast.

- óhþ

AUÐLINDIR sjávar mega ekki safnast á fárra manna hendur sem EINKAEIGN.
www.xf.is
xF
Frjálslyndi flokkurinn

VELKOMIN Í SKAGAFJÖRÐ
Tekið til kostanna
ALÞJÓÐLEGIR HESTADAGAR Í SKAGAFIRÐI
20. - 22. apríl 2007
• Stórsýningar föstudags- og laugardagskvöld
• Reiðkennslusýning Hólaskóla
• Stærsta hesthús landsins Til sýnis föstudag
• Opinn dagur á hrossabúum Sunnudag
www.digitalhorse.is

SPURNING DAGSINS

Ívar, ætlið þið að gera prótínstykkin ykkar úti um allt?

„Sjálfsagt væri það gaman."

Hreystimennin Ívar Guðmundsson og Arnar Grant hafa í samstarfi við Freyju hafið framleiðslu á eigin prótínstykkjum sem þeir nefna Hreysti-súkkulaði.

Fangelsismálastjóri vonar að fangelsismál á Íslandi færist í nútímahorf:

Fangelsið á Akureyri endurbætt

FANGELSISMÁL Tilkynnt hefur verið að endurbætur á fangelsinu á Akureyri séu að hefjast. Mjög brýnt hefur þótt að bæta aðstöðu þar.

„Annaðhvort varð að loka fangelsinu eða endurbyggja samkvæmt kröfum nútímans, það var ekki um annað að ræða," segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri. Hann segir þá aðstöðu sem nú er fyrir hendi í fangelsinu ekki sæmandi. „Mjög lítið hefur verið hægt að gera þarna vegna aðstöðuleysis, útivistaraðstaða var lítil og vinnu- og heimsóknaraðstaða engin. Því fagna ég þessum breytingum mjög," segir Valtýr.

SLÆMAR AÐSTÆÐUR Að sögn fangelsismálastjóra hafa fangar mjög lítið haft við að vera í fangelsinu.

Fangelsismál á Íslandi eru í ólestri og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið unnið að því að gera úrbætur á þeim í heild og fjölga fangelsisrýmum.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hafa árlega verið vistaðir um hundrað fangar á Íslandi, þar af átta á Norðurlandi. Með breytingunum er búist við að á Akureyri verði pláss fyrir tíu manns. Auk endurbóta á núverandi aðstöðu verður byggt við lögreglustöðina.

Áætlun gerði ráð fyrir að breytingarnar kostuðu 227,9 milljónir króna. Fjögur tilboð bárust í framkvæmdirnar og var tilboði Virkni ehf. að upphæð 173 milljónum samþykkt.

- kdk

Alþingiskosningarnar 12. maí:

Framboðsfrestur að renna út

STJÓRNMÁL Framboðsfrestur vegna kosninganna 12. maí rennur út á hádegi föstudagsins 27. apríl – eftir tíu daga.

Á framboðslista eiga að vera tvöfalt fleiri frambjóðendur en nemur þingsætum í kjördæminu og skulu um 400 manns mæla með hverjum fram boðnum lista.

Kosningaréttur og óflekkað mannorð eru skilyrði kjörgengis. Sá sem sekur hefur gerst um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti telst hafa flekkað mannorð nema hann hafi fengið uppreisn æru sinnar.

- bþs

FORSÍÐA BOSTON NOW Fyrsta tölublað Boston Now kom út í gær.

Fyrsta tölublað Boston Now:

Íslendingar með fríblað til Boston-búa

FJÖLMIÐLAR Fríblaðið Boston Now kom út í fyrsta skipti í gær. Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrun Media Fund, sem gefur út blaðið, segir borgina henta fríblaði sem þessu sérlega vel og búast megi við því að auglýsingatekjur þess verði um einn milljarður árlega. Blaðið mun koma út í um 200 þúsund eintökum daglega.

Íslenskættaða fríblaðið mun keppa við fríblaðið Metro Boston en rætur þess má rekja til Svíþjóðar. Metro hefur þó ekki sjálfstæða ritstjórn líkt og Boston Now. Bandarískir fjölmiðlar virðast bjartsýnir á gengi blaðsins.

- kdk

Samgöngumiðstöð reist á tveimur árum

Samgönguráðherra vill að samgöngumiðstöð rísi í Vatnsmýri þótt flugvöllurinn kunni að hverfa þaðan. Forstjóri Flugstoða segir samgöngumiðstöðina hafa hlutverk þótt völlurinn fari. Borgarstjóri tekur undir það sjónarmið.

STJÓRNMÁL Flugstoðum ohf. hefur verið falið að undirbúa byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni í Reykjavík.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að með samþykkt samgönguáætlunar í mars hafi Alþingi samþykkt að reisa samgöngumiðstöðina. Rétt sé að reisa hana þótt Reykjavíkurflugvöllur kunni að hverfa úr Vatnsmýrinni í náinni framtíð enda sé hvatt til þess í nýrri skýrslu nefndar um framtíð flugvallarins. „Það liggur ljóst fyrir að næstu fjögur árin verður ekki tekin ákvörðun um framtíð vallarins. Fyrst þarf að rannsaka veður, flugaðstæður og flugöryggi og reyndar allt er varðar hugsanlegan flugvöll á Hólmsheiði eða Lönguskerjum. Flugvöllurinn getur verið í Vatnsmýri samkvæmt skipulagi til 2016 og í breyttri mynd til 2024. Flutningur er því ekki að bresta á."

Reiknað er með að bygging miðstöðvarinnar taki tiltölulega skamman tíma. „Við gerum ráð fyrir að það geti gerst á 24 mánuðum," segir Sturla.

Þorgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða, segir stefnt að því að samgöngumiðstöðin verði fjármögnuð og rekin á eigin forsendum. Notendur í víðum skilningi munu standa straum af kostnaðinum; flugfélög og önnur fyrirtæki í samgönguþjónustu, auk til dæmis verslana. Hvorki hann né Sturla þora að segja til um hver kostnaður verði nákvæmlega en benda á að í samgönguáætlun sé gert ráð fyrir að hann verði þrír milljarðar króna. „Það fer eftir því hversu stór hún verður og hvernig hún mun líta út. Hins vegar er ljóst að þetta verður einkaframkvæmd þannig að ríkissjóður mun ekki borga brúsann," segir Sturla.

FYRIRHUGAÐ STÆÐI SAMGÖNGUMIÐSTÖÐVAR Stefnt er að því að samgöngumiðstöð rísi í Vatnsmýrinni í Reykjavík, milli Loftleiðahótelsins og íþróttasvæðis Vals. Áætlað er að miðstöðin verði um 6.600 fermetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þorgeir segir að þó svo fari að flugrekstri verði hætt í Vatnsmýri verði áfram not fyrir bygginguna. „Það verður gert ráð fyrir því að flugvallarstarfsemin kunni að flytjast en eftir sem áður þarf að vera samgöngumiðstöð í borginni."

Flugvallarmál voru rædd utan dagskrár í borgarstjórn Reykjavíkur í gær og sagðist Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hlynntur því að ráðist verði í byggingu samgöngumiðstöðvarinnar. Fari flugvöllurinn muni mannvirkið nýtast til margvíslegra annarra samgöngumála.

bjorn@frettabladid.is

STURLA UM REYKJAVÍKURFLUGVÖLL

„Niðurstaða allra sem hafa skoðað málið og niðurstaða starfshópsins [hóps ráðherra og borgarstjóra] frá sjónarhóli flugrekenda og farþega er að Vatnsmýrin sé besti kosturinn og ég tek undir þau sjónarmið.
En ef talið er að flugöryggi verði fullnægjandi og það verði fullnægjandi fyrir þjónustuna að hafa völlinn á Hólmsheiði mun ég ekki leggjast gegn því, ef það er þjóðhagslega arðbært."

Stjórnendur N4 ósáttir við N1:

Firmamerkin sláandi lík

ATVINNULÍF Norðlenska fjölmiðlafyrirtækið N4 kannar nú réttarstöðu sína vegna hins nýstofnaða fyrirtækis N1. Nöfn og merki fyrirtækjanna eru lík og stjórnendur N4 telja að það geti ruglað neytendur í ríminu.

LÍK MERKI Stjórnendum N4 þykir ósvífið hjá stjórnendum N1 að koma fram með merki og nafn sem líkist þeirra.

„Það er afar ósvífið af þeim að koma fram og kynna merki sem líkist okkar svo mikið. Við teljum þetta siðlaust og ætlum að leita réttar okkar í málinu," segir Steinþór Ólafsson, stjórnarformaður N4.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir að áður en farið var af stað með nafnabreytinguna hafi þetta verið skoðað. „Það er okkar sýn að merkin séu það ólík að það eigi ekki að hafa áhrif á neytendur. Annað merkið er ferkantað en hitt tígullaga auk þess sem stafagerðin er ólík. Þá er rekstur fyrirtækjanna einnig ólíkur og því lítil hætta á misskilningi," segir Hermann.

- þo

GIRT Á HÁLENDINU

48 kílómetra langar girðingar

Landsvirkjun hefur auglýst eftir tilboðum í efni og uppsetningu girðinga meðfram Kelduá og Jökulsá í Fljótsdal. Verða þær samtals 48 kílómetrar að lengd. Verkinu skal lokið í október.

LANDSBJÖRG

Bátur dreginn til hafnar

Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar sótti í gær bát sem bilaði um 24 sjómílur vestnorðvestur af Rifi. Bilun varð í gírkassa bátsins en ekki var talin hætta á ferðum. Báturinn var dreginn til hafnar á Rifi. Einn maður var um borð og hann sakaði ekki.

BÍLL DAGSINS
OPEL ASTRA 1.8 ENJOY
Nýskr. 03.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 26 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Vilja skoða hvort olíuhreinsun samræmist plönum um stóriðjulausan fjórðung:

Kallar á jarðgöng í allar áttir

IÐNAÐUR Sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum tekur ágætlega í hugmynd Ólafs Egilssonar, fyrrverandi sendiherra og fleiri, um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Talið er að slík stöð geti veitt um 500 manns vinnu.

Sá fyrirvari er þó gerður að stöðin samrýmist hugmyndum um stóriðjulausa Vestfirði.

Úlfar B. Thoroddsen, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, segist hrifinn að því gefnu að hægt verði að koma olíuhreinsunarstöðinni fyrir í sátt við íbúa og umhverfi og „ekki síður þá í hundrað og einum sem stýra umhverfisumfjöllun á Íslandi". Jafnframt telur hann einsýnt að verkefninu fylgi umfangsmikil jarðgangagerð á Vestfjörðum. „Stöðin kostar marga, marga milljarða og jarðgöng upp á 20-30 milljarða milli allra staða væri varla vandamál."

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar, segir hugmyndina metnaðarfulla og vill skoða hana gaumgæfilega, enda ekki á hverjum degi sem sveitarstjórnarmenn fái á borð sín hugmyndir um 500 ný störf. „En það þarf að skoða þetta í samhengi við hugmyndir um stóriðjulausan fjórðung."

Ómar Már Jónsson, oddviti Súðavíkurhrepps, er sama sinnis en ítrekar að stigið verði varlega til jarðar. „Þetta er kannski ekki í takt við hugmyndir um náttúruvæna framtíðarsýn okkar og því eðlilegt að sveitarstjórnarmenn og íbúar gefi sér tíma í að skoða málið vel."

DÝRAFJÖRÐUR hefur verið nefndur sem álitlegur staður fyrir olíuhreinsunarstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

- bþs / shá

Fljúgum hærra

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
13,9% ávöxtun*

Glitnir
Sjóður 9
14,4% ávöxtun*

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
13,8% ávöxtun*

SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%**

Peningamarkaðsjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. mars 2007 uppreiknað á ársgrundvelli.
Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

Himinn og hat / SIA – 9070442

GENGIÐ 17.04.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,07	65,39
Sterlingspund	130,26	130,9
Evra	88,11	88,61
Dönsk króna	11,818	11,888
Norsk króna	10,906	10,97
Sænsk króna	9,557	9,613
Japanskt jen	0,5449	0,5481
SDR	99,0	99,6

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,6708

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfshópur kennara vill stórtækar breytingar á skipulagi náms:

Vilja afnema samræmd próf

MENNTAMÁL Starfshópur sem menntamálaráðherra fól að gera tillögur um fjölbreytileika og sveigjanleika í skipulagi náms og námsframboðs hefur lokið störfum. Í skýrslu hópsins eru lagðar til stórfelldar breytingar á íslensku menntakerfi. Lagt er til að samræmd próf í núverandi mynd verði lögð niður og skólinn verði gjaldfrjáls til 18 ára aldurs.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að jafnrétti til náms hafi verið haft að leiðarljósi við vinnuna. „Samræmdu prófin í 10. bekk leiða af sér mjög miklar bóklegar áherslur á kostnað annarra greina," segir Aðalheiður og bætir því við að sveigjanleiki í námi verði minni fyrir vikið.

SAMRÆMD PRÓF Starfshópurinn telur að samræmd próf í 10. bekk hafi of mikil áhrif á kennslu á unglingastigi. Bóklegar greinar fái of mikið vægi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í skýrslunni er lagt til að fræðsluskyldan nái til 18 ára aldurs og að skólinn verði gjaldfrjáls. „Við viljum að öll börn fái að stunda nám við hæfi til 18 ára aldurs óháð efnahag," segir Aðalheiður. Lagt er til að öll þjónusta sem nemendur fá í grunnskólanum verði frí, einnig matur og ritföng.

Með fræðsluskyldu til 18 ára aldurs er settur þrýstingur á stjórnvöld að standa betur að menntamálum. „Brottfall úr framhaldsskólum er mikið, margir finna ekki nám við hæfi. Það er dýrt að vera í skóla, sérstaklega fyrir þá sem ekki geta stundað nám í heimabyggð," segir Aðalheiður. - þo

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

Ekki áform um einkavæðingu

STJÓRNMÁL Tillaga VG, um að borgarstjórn Reykjavíkur ályktí um að einkavæðing Orkuveitu Reykjavíkur komi ekki til greina, var felld á borgarstjórnarfundi í gær.

Um leið og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri lagði til að tillögunni yrði vísað frá sagði hann: „Þetta er í fimmtugasta og fimmta sinn sem ég lýsi því yfir hér í borgarstjórn að engar fyrirætlanir eru í gangi hjá meirihlutanum um að selja Orkuveituna."

Var frávísunartillaga Vilhjálms samþykkt með átta atkvæðum gegn sex. - bþs

Íslandshreyfingin:

Jakob og Ásta í efstu sætum

STJÓRNMÁL Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður skipar fyrsta sæti lista Íslandshreyfingarinnar í Suðvesturkjördæmi og Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur fyrsta sætið í Suðurkjördæmi.

Svanlaug Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur og Lárus Vilhjálmsson framkvæmdastjóri eru í öðru og þriðja sæti í Suðvesturkjördæmi en sætin á eftir Ástu í Suðurkjördæmi skipa Ragnhildur Sigurðardóttir, vistfræðingur og hrossabóndi, og Baldvin Bielsen, stýrimaður og bílstjóri. - bþs

Þingmenn til Kaliforníu:

Í ferðalag rétt fyrir starfslok

STJÓRNMÁL Fjórir þingmenn, sem allir láta af þingmennsku við kosningarnar 12. maí, eru á leið í opinbera heimsókn til Kaliforníu.

SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

Þetta eru Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, en eiginmaður hennar Kristinn Björnsson verður einnig með í för, Sigríður Anna Þórðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Hjálmar Árnason.

Þingmennirnir hitta þingmenn ríkisþings Kaliforníu, vararíkisstjóra og embættismenn og fara um Los Angeles, San Francisco, Sacramento, Santa Monica og Monterey.

Þá heilsa þeir upp á Helga Tómasson, listrænan stjórnanda San Francisco-ballettsins. - bþs

SKÝRSLAN KYNNT Geir H. Haarde forsætisráðherra og Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynntu niðurstöður Vestfjarðanefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Stofnanir efldar til uppbyggingar vestra

Stefnt er að því að fjölga störfum á Vestfjörðum um 80 með sértækum aðgerðum. Viðbótarkostnaður ríkisins er 500 milljónir á ári, komist tillögur nefndar til framkvæmda. Efling opinberra stofnana á að skila flestum störfum.

ATVINNUMÁL Efling núverandi starfsemi opinberra stofnana á Vestfjörðum á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar er fyrirferðarmest í tillögum starfshóps um styrkingu atvinnulífs á vegum forsætisráðherra. Jafnframt skal leggja áherslu á að flýta fyrirhuguðum framkvæmdum í samgöngumálum á Vestfjörðum sem nú eru á langtímaáætlun. Uppbyggingu GSM-farsímaþjónustu og uppbyggingu háhraðatengingar á afskekktum svæðum á Vestfjörðum skal vera lokið á árinu 2008.

Alls eru tillögur nefndarinnar í 37 liðum sem áætlað er að skapi 80 ný störf sem kalla myndi á viðbótarkostnað fyrir hið opinbera upp á rúmlega 500 milljónir króna á ári þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Nefndin skoðaði einnig sérstaklega að rækjuvinnsla yrði styrkt sérstaklega með frystingu afborgana lána og vaxta hjá Byggðastofnun í fimm ár.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin muni fylgja tillögum nefndarinnar eftir eins hratt og auðið er. „Sumar tillögurnar eru þess eðlis að það tekur tíma að hrinda þeim í framkvæmd. Annað þarf að athuga sérstaklega eins og hugmynd um að koma sérstaklega til móts við rækjuiðnaðinn í landinu."

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, sat í starfshópnum. Hann er þeirrar skoðunar að ef tillögurnar ná fram að ganga þá verði það mikil lyftistöng fyrir fjórðunginn. Aðspurður hvort honum þyki hugmyndirnar seint fram komnar í ljósi þess að vandi Vestfjarða sé ekki nýr af nálinni segir Halldór að hægt sé að halda því fram. „Það eru margar nefndir búnar að starfa og mörg stefnumótunin verið samþykkt. En núna var nefndin skipuð af forsætisráðherra og tillögurnar hafa verið lagðar sérstaklega fram við ríkisstjórn og fengið þar umfjöllun. Mér finnst reyndar aldrei of seint að leggja fram tillögur sem þessar."

Starfshópnum barst tillaga frá Íslenskum hátækniiðnaði um uppbyggingu olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum. Tillöguhöfundar telja það álitlegt að stöðinni verði valinn staður á Vestfjörðum og beina því til sveitarstjórna að taka tillöguna til skoðunar.

svavar@frettabladid.is

NOKKRAR TILLÖGUR NEFNDARINNAR

- Efling Háskólaseturs Vestfjarða
- Uppbygging veiðarfærarannsókna
- Efla starfsemi við fiskeldi
- Setja á stofn aflakaupabanka
- Ný verkefni Fiskistofu
- Vöktun fuglalífs
- Vöktun gróðurs
- Gróðurkortagerð á Vestfjörðum
- Gagnagrunnur fyrir Veðurstofuna
- Aukin verkefni snjóflóðaseturs
- Miðlægur rekstur snjóflóðaeftirlits
- Snjóflóðarannsóknir
- Efling starfsemi sýslumannsembætta
- Menningarsamningur við Vestfirði
- Þjóðtrúarstofa á Hólmavík
- Skráning öryggismálasafns
- Þjóðminjasafns Íslands
- Skráning kirkjugripa
- Tölfræðiskráning safna
- Fjarvinnslukerfi Þjóðminjasafns Íslands
- Minjavörður Vestfjarða
- Aukin starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða
- Átak í uppbyggingu á þjónustu geðfatlaðra
- Verkefni við náttúruvernd
- Vinnueftirlit
- Efling þróunarseturs á Hólmavík
- Efling þróunarseturs Vestfjarða

10 stórar rósir
aðeins þriðjudag og miðvikudag

Afgreiðslutími:
virka daga 10 - 20 | laugardaga 10 - 18 | sunnudaga 12 - 18
IKEA®

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SKAMMVINN NORÐANÁTT

Í dag kólnar nokkuð í skammvinnri norðanátt. Það verður víða úrkoma, él norðan og austan til, hætt við rigningu eða skúrum suðaustan til en sunnan og þó einkum vestan til léttir smám saman til. Fínar horfur eru fyrir morgundaginn, þegar hægar vestlægar áttir með úrkomulitlu veðri leika um okkur en síðan er það gamla góða rigningin á föstudag.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Norðan 5-8 m/s. Bjartviðri eftir hádegi. Hiti 1-3 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



3-8 m/s.

» föstudagur



8-13 m/s sunnan til annars hægur vindur.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C	hálfskýjað	London	16°C	hálfskýjað	Alicante	21°C léttskýjað
Billund	11°C	hálfskýjað	París	17°C	heiðskírt	Mallorca	16°C hálfskýjað
Osló	13°C	léttskýjað	Frankfurt	13°C	léttskýjað	Basel	16°C hálfskýjað
Stokkhólmur	9°C	skúrir	Friedrichshafen	13°C	skúrir	Eindhoven	14°C léttskýjað
Gautaborg	11°C	hálfskýjað	Berlín	15°C	hálfskýjað	Las Palmas	21°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Krakkadagar
í Hagkaupum

20" Nitro

Bretti að framan og aftan

Stærð: 20"
Gírar: 6 gíra, Shimano
Bremsur: Handbremsur
að framan og aftan
Glitaugu í pedölum,
gjörðum, að aftan
og framan
bjalla
lás

17.999 kr

20" Rider

Bretti að framan og aftan

Stærð: 20"
Gírar: 6 gíra, Shimano
Bremsur: Handbremsur
að framan og að aftan
Glitaugu í pedölum,
gjörðum, að aftan
og framan
bjalla
lás

17.999 kr

Léttmálmsgjarðir

12" Girl

Stærð: 12"
Bremsur: Handbremsur
að framan og fótbremsur að
aftan
Glita

9.999 kr

16" Tank

Bretti að aftan
og framan
hjálpardekk,
keðjuhlíf
lás
bjalla

12.999 kr

25% afsláttur af krakkahjólum

24" White Pearl

Zoom fjölstillanlegir demparar

Stærð: 24"
Gírar: 21 gír,
Bremsur: Diskabremsur að
framan og aftan
Gaffall: Gaffall með
dempara
Glitaugu í pedölum,
gjörðum, að aftan og
framan
bjalla
lás

27.999 kr

Viking Speed diskabremsur

HJC Double Wall léttmálmsgjarðir

24" Extreme

Zoom fjölstillanlegir demparar

Stærð: 24"
Gírar: 21 gír, Shimano
Bremsur: Diskabremsur
að framan og aftan
Gaffall: Gaffall með
dempara
Glitaugu í pedölum,
gjörðum, að aftan og
framan
bjalla
lás

27.999 kr

Viking Speed diskabremsur

HJC Double Wall léttmálmsgjarðir

Gildir til 22. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Finnst þér að starfsmenn eigi að fá að tala frjálst um laun sín?

JÁ	73,3%
NEI	26,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á flugvöllurinn að fara úr Vatnsmýrinni?

Segðu skoðun þína á visir.is

Hetjudáð aldraðs háskólakennara kostaði hann lífið:

Meinaði morðingja inngöngu

BANDARÍKIN, AP Sjötíu og sex ára háskólakennari, Liviu Librescu, er talinn hafa bjargað lífi margra nemenda sinna þegar óður byssumaður gekk laus í kennslubyggingu Virginia Tech-háskólans á mánudag.

Sjálfur komst Librescu ekki lífs af því byssumaðurinn, hinn 23 ára gamli Cho Seung-Hui, skaut hann þar sem hann stóð í dyrum kennslustofunnar og meinaði honum inngöngu.

Nemendur Librescus sendu eiginkonu hans og syni í Ísrael tölvupóst þar sem þeir lýstu hetjudáð hans og vottuðu þeim samúð sína.

„Faðir minn hindraði hann í dyrunum að stofunni og sagði nemendunum að flýja," sagði sonurinn, Joe Librescu, sem býr í Tel Aviv. „Nemendurnir fóru þá og opnuðu gluggana og stukku út."

Librescu var fæddur í Rúmeníu. Hann komst lífs af úr helför nasista og flúði síðan til Ísraels árið 1978 meðan kommúnistastjórn var við völd í Rúmeníu. Librescu flutti til Virginíu frá Ísrael árið 1985 og hefur kennt þar síðan. Hann var loftsiglingafræðingur og naut mikillar virðingar í háskólaheiminum.

Fjöldamorðin í Virginia Tech voru framin 16. apríl, daginn eftir Yom HaSho'ah, minningardag gyðinga um helförina á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. - gb

LIVIU LIBRESCU Lifði af dvöl í fangabúðum nasista en var myrtur daginn eftir minningardag um helförina.

Skólayfirvöld krafin skýringa á viðbrögðum við skotárás:

Tveggja tíma töf vekur furðu

BANDARÍKIN, AP Hvorki lögregla né skólayfirvöld hafa gefið almennilegar skýringar á því hvers vegna Cho gat leynst á skólalóðinni í tvo tíma eftir fyrri skotárásina og hafið þá leikinn á ný með enn skelfilegri afleiðingum en í fyrra skiptið.

Margir nemenda fengu engar fréttir af fyrri árásinni og engar viðvaranir fyrr en seinni árásin var hafin.

„Mér finnst hendur háskólans ataðar blóði vegna þess að ekkert var gert eftir fyrra atvikið," sagði einn nemenda, Billy Bason, sem býr á sjöundu hæð stúdentagarðanna. - gb

Þögull einfari sem þótti sér misboðið

Cho Seung-Hui virtist „bara venjulegur strákur". Hann myrti 32 nemendur og kennara við Virginia Tech-háskólann á mánudag, vopnaður tveimur skammbyssum, rólegur en einbeittur á svip, og skaut á hvern sem varð á vegi hans.

BANDARÍKIN, AP Byssumaðurinn sem myrti meira en 30 manns í Virginia Tech-háskólanum á mánudag hét Cho Seung-Hui og var 23 ára gamall, bjó á stúdentagörðum skólans og hafði stundað þar nám í enskum bókmenntum í nærri fjögur ár. Hann flutti til Bandaríkjanna átta ára gamall.

Lítið er vitað um ástæðu morðanna en hann skildi eftir bréf í herbergi sínu þar sem hann telur upp margvísleg óánægjuefni sín og fer hörðum orðum um „ríka krakka", „ólifnað" og „svikula loddara" á stúdentagörðunum. Dagblaðið Chicago Tribune fullyrti að hann hefði tekið lyf við þunglyndi, en hegðun hans þótti hafa orðið æ óútreiknanlegri og ofbeldisfyllri upp á síðkastið. Meðal annars hafi hann kveikt eld í vistarverum nemenda og nánast ofsótt sumar konur.

Fjölskylda hans bjó í Centreville, einu úthverfa Washingtonborgar. „Hann var mjög þögull, alltaf einn út af fyrir sig," sagði Abdul Shash, einn nágranna fjölskyldunnar. Hann sagði Cho helst hafa varið frítíma sínum í að spila körfubolta, og sjaldnast svarað ef á hann var yrt.

„Hann var einrænn og við eigum í erfiðleikum með að finna upplýsingar um hann," sagði Larry Hincker, talsmaður skólans.

Hann gekk um skólann klæddur ljósbrúnni stuttermaskyrtu, vopnaður tveimur skammbyssum og með bakpoka á bakinu. Derek O'Dell, einn þeirra sem urðu fyrir skotum úr byssu Chos, sagði árásarmanninn hafa skotið „án þess að hafa neitt sérstakt skotmark – skaut bara á alla sem hann gat".

Hann var „mjög alvarlegur á svipinn en mjög rólegur", sagði enn einn nemandinn, Trey Perkins, í viðtali við dagblaðið Washington Post. Erin Sheehan, sem var í þýskutíma skammt frá vettvangi morðanna, sagði að byssumaðurinn hefði verið „bara venjulegur strákur, asískur, en hann var í einhvers konar skátafötum".

Hann tók daginn snemma, byrjaði klukkan 7.15 á fjórðu hæð eins stúdentagarða skólans og myrti þar mann og konu, en síðan spurðist ekkert til hans fyrr en tveimur tímum síðar þegar skothríð hófst í verkfræðibyggingu skólans. Þar fundust lík 30 manna, bæði nemenda og kennara, í fjórum skólastofum og í stigagangi. Auk þess fannst Cho sjálfur látinn í einni skólastofunni. Hann hafði skotið sjálfan sig.

Rannsóknir á byssuskotum leiddu í ljós að önnur byssan var notuð bæði í vistarverum nemenda og í kennslustofum verkfræðibyggingarinnar. Einn maður var handtekinn eftir fyrri skotárásina, en sá maður er kunnugur konunni sem þar var myrt. Ekkert hefur þó komið fram um að nokkur annar en Cho hafi átt hlut að máli.

gudsteinn@frettabladid.is

Mannskæðustu fjöldamorð í sögu Bandaríkjanna

Cho Seung-Hui, 23 ára nemi frá Suður-Kóreu, varð 32 manns að bana í Virginia Tech-háskólanum í Blacksburg og svipti síðan sjálfan sig lífi.



Verstu skotárásir í skólum í Bandaríkjunum

Október 2006:	Charles Roberts myrðir fimm stúlkur í Amish-skóla í Pennsylvaníu og sviptir síðan sjálfan sig lífi.
Mars 2005:	Skóladrengur í Minnesota myrðir níu manns, skýtur síðan sjálfan sig.
Apríl 1999:	Tveir unglingspiltar myrða 12 nemendur og einn kennara og drepa síðan sjálfa sig í framhaldsskólanum Columbine High School í Colorado.
Mars 1998:	Tveir drengir, 11 og 13 ára, myrða fjórar stúlkur og einn kennara í Arkansas.
Ágúst 1966:	Charles Whitman, vopnaður riffli, drepur 15 manns við Texas-háskóla. Hann skaut á fólk úr turni á skólalóðinni í 96 mínútur áður en lögregla skaut hann.

Heimild: Virginia Tech © GRAPHIC NEWS

CHO SEUNG-HUI Svaraði sjaldnast er á hann var yrt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenskur doktorsnemi í sálfræði aðstoðar í kjölfar morða:

Dagmar sinnir áfallahjálp

Dagmar Kristín Hannesdóttir, nemandi við Virginia Tech-háskólann í Blacksburg þar sem skotárásirnar áttu sér stað á mánudag, hefur boðið fram aðstoð sína við áfallahjálp á svæðinu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Dagmar doktorsnemi í barnasálfræði við skólann. Henni var eins og öðrum brugðið við skotárásirnar og lýsti glundroðanum í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við fengum sjokk þegar við heyrðum hvað margir hefðu dáið og slasast," sagði Dagmar en alls létu 32 lífið.

HJÁLPAR SAMNEMENDUM Dagmar ætlar að taka þátt í að veita samnemendum sínum áfallahjálp.

Dagmar lýkur doktorsnámi sínu eftir mánuð og fannst hún geta lagt sitt af mörkum með því að aðstoða við áfallahjálpina. - þo

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

EFLING STÉTTARFÉLAG

Aðalfundur Eflingar –stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2007 í Kiwanishúsinu Engjateig 11 og hefst kl. 20.00.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Tillaga um breytingu á félagsgjaldi
4. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 frá og með miðvikudeginum 18. apríl.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

Expertinn frá Dreumex
– engin vettlingatök við óhreinindin

Expert frá Dreumex
Áhrifaríkt handþvottakrem

Virkar vel á smurningu, hráolíu, bremsuvökva, sement og önnur óhreinindi. Fáanlegt í handhægum 2,7 ltr. brúsa með dælu.

Kynningarverð
1.230 kr.

Örkorn í stað leysiefna

Húðvænt og rakagefandi

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6231

120 1886 2006

LANDSBANKAHLAUPIÐ

5. MAÍ
um allt land

Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans endurvekjum við hið sögufræga Landsbankahlaup.
Hlaupið fer fram 5. maí og hefst á sama tíma um allt land, kl. 11.00.

Landsbankahlaupið er fyrir alla hressa krakka á aldrinum 10-13 ára, fædda 1994, 1995, 1996, 1997.

SKRÁNING HEFST Í DAG, MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL
Skráning fer fram í öllum útibúum Landsbankans og á Klassi.is
Þátttakendur þurfa að staðfesta skráningu með því að sækja rásnúmer sín í útibú Landsbankans, líka þeir sem skrá sig á netinu.

Sameiginlegt hlaup fyrir höfuðborgarsvæðið er á Laugardalsvellinum í Reykjavík.

Á landsbyggðinni verður hlaupið við útibú Landsbankans á eftirfarandi stöðum:

1. Akranes
2. Ólafsvík (fyrir Ólafsvík og Hellissand)
3. Grundarfjörður
4. Ísafjörður
5. Skagaströnd
6. Sauðárkrókur
7. Akureyri
8. Húsavík
9. Vopnafjörður
10. Egilsstaðir (fyrir Egilsstaði og Borgarfjörð eystri)
11. Seyðisfjörður
12. Neskaupstaður
13. Reyðarfjörður (fyrir Reyðarfjörð og Eskifjörð)
14. Fáskrúðsfjörður (fyrir Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð)
15. Hornafjörður
16. Hvolsvöllur
17. Selfoss
18. Reykholt
19. Þorlákshöfn
20. Grindavík
21. Keflavík

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldurshópi drengja og stúlkna
- **Allir þátttakendur fá verðlaunapening**
- **Allir þátttakendur fá Klassa-vatnsbrúsa**
- **Grillveisla að loknu hlaupi**

Taktu þátt!
Allar nánari upplýsingar um hlaupið á Klassi.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Íslenska LBI 36862 04/2007 Myndskreytingar: Þórdís Claessen

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvar var mannskæðasta skólaárás í sögu Bandaríkjanna framin?*
2. *Hvað heitir þjálfari KR-liðs karla í körfubolta sem hampar nú Íslandsmeistaratitlinum?*
3. *Hvað heitir íslenski leikarinn sem þykir koma til greina í hlutverk Voldemort í næstu mynd um Harry Potter?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Geir H. Haarde segir að olíusjóður Norðmanna standist ekki samanburð við íslenska lífeyrissjóðakerfið:

Lífeyrissjóðir grunnur að framtíðinni

SAMFÉLAGSMÁL Mikill meirihluti Íslendinga telur Ísland verða komið í Evrópusambandið árið 2050 samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök atvinnulífsins en aðalfundur samtakanna fór fram í gær. Niðurstöður könnunarinnar voru meðal þess sem var til umræðu á fundinum, þar sem rætt var um Ísland í framtíðinni.

Fjallað var á fundinum um hvernig samfélagsmynd væri líkleg til þess að vera fyrir hendi hér á landi árið 2050. Talið er líklegt að 27 prósent íbúa landsins verði 65 ára og eldri en um tólf prósent íbúa eru það núna.

FRÁ FUNDINUM Fjölmenni var á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í gær en þar var meðal annars rætt um hvernig Ísland myndi standa í alþjóðlegum samanburði árið 2050. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Geir H. Haarde forsætisráðherra gerði þessi mál að umtalsefni í ræðu sinni. „Verðum við í vondum málum eins og stundum er sagt? Ég vil ekki fallast á það og tel að við höfum allar forsendur og burði til að mæta þeim áskorunum sem í þessu felast," sagði Geir sem horfir björtum augum til framtíðar.

Hann sagði olíusjóð Norðmanna ekki standast samanburð við íslenska lífeyrissjóðakerfið. „Það er til marks um styrk íslenska lífeyrissjóðakerfisins að samanlagðar eignir lífeyrissjóðanna nema samkvæmt síðustu tölum meira en 130 prósent af landsframleiðslu. Olíusjóður sem Norðmenn hafa byggt upp með tekjum af olíuvinnslu sinni til að mæta auknum útgjöldum vegna fjölgunar ellilífeyrisþega á næstu áratugum bliknar í þessum samanburði."- mh

www.velaborg.is S: 414 8600

Dunlop sumardekk með
30% afslætti

Eftirtaldar stærðir til - takmarkað magn

195/60 R14
185/65 R15
195/55 R15
195/60 R15
195/65 R15
235/70 R16
265/75 R16
225/45 R17
235/45 R17
245/40 R17
245/45 R17
275/65 R17

Vélaborg ehf

Reykjavík Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

Nýtt rit Samtaka atvinnulífsins, Ísland 2050: Eldri þjóð – ný viðfangsefni:

Erlent vinnuafl knýr hagvöxt

SAMFÉLAGSMÁL Vinnuframlag erlends starfsfólks verður ein meginforsenda hagvaxtar á komandi árum. Ástæðan er að Íslendingum á vinnumarkaði mun fjölga hægt þangað til fjölgunin stöðvast eftir um tvo áratugi. Þetta kemur fram í nýju riti Samtaka atvinnulífsins, Ísland 2050: Eldri þjóð – ný viðfangsefni.

Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar árið 2050 verður frábrugðin því sem nú er, samkvæmt nýrri mannfjöldaspá samtakanna. Einstaklingar á eftirlaunaaldri, 65 ára og eldri, verða 27 prósent íbúanna í stað tólf prósenta nú. Þá mun fjöldi Íslendinga áttatíu ára og eldri fimmfaldast fram til 2050.

Að mati SA er brýnt að afnema allar hindranir fyrir atvinnuþátttöku eldri starfsmanna. Þá telja þau hækkun eftirlaunaaldurs hljóta að koma til álita þar sem fólk á aldrinum 65 til 70 ára búi við mun betri heilsu en áður.

Samtökin benda á að sífellt mikilvægara verði að stuðla að aukinni skilvirkni og framleiðni. Hægur vöxtur vinnuafls kalli ekki aðeins á lengri starfsævi heldur einnig að á yngra fólk. Aukin samþjöppun náms í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum gæti stuðlað að því. Lagt er til að nemendur hefji nám einu ári fyrr í framhaldsskóla og tveimur árum fyrr á háskólastigi. - hhs

VINNUAFL FRAMTÍÐAR Samtök atvinnulífsins leggja til að nemendur hefji nám einu ári fyrr í framhaldsskóla og tveimur árum fyrr á háskólastigi.

Elsa D. Gísladóttir
kennari og myndlistarmaður

„**Við kjósum skapandi leiðir til heilbrigðis.** Stöndum vörð um valfrelsi innan heilbrigðiskerfisins."

Jakob Frímann Magnússon
Útgefandi og tónsmiður

„**Skattkerfi sem laðar að alþjóðleg hátækni** og fjármála fyrirtæki getur styrkt stoðir íslenska velferðarkerfisins svo um munar."

Lárus Vilhjálmsson
framkvæmdastjóri

„**Valfrelsi í skólakerfinu** er lykillinn að bættri menntun - styðjum sjálfstæða skóla til jafns við þá opinberu."

Friðrik Ingi Friðriksson
framkvæmdastjóri

„**Burt með reglugerðafrumskóginn.** Einföldum hlutina fyrir sprota og útrásarfyrirtæki."

Svanlaug Jóhannsdóttir
viðskiptafræðingur

„**Hækkum skattleysismörk** og aukum þannig velferð allra tekjulágra hópa í samfélaginu, ungs fólks, öryrkja og ellilífeyrisþega."

www.islandshreyfingin.is

ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land

Meistaranám við Háskólann á Bifröst opnar tækifæri og skapar þér tengslanet til framtíðar

Staðnám á sumrin – fjarnám á veturna

Menningarstjórnun

Með auknu vægi skapandi starfsemi í samfélaginu hafa faglegar kröfur til stjórnenda farið vaxandi. Nemendur fá þjálfun í rekstri og áætlanagerð á sviði menningarmála auk markvissrar kennslu í menningarhagfræði. Námið hentar jafnt starfandi stjórnendum í menningar- og menntastofnunum og þeim sem hafa áhuga á slíkum störfum í framtíðinni.

Evrópufræði

Í þessu nýja námi, sem hefur algjöra sérstöðu á Íslandi, er lögð áhersla Austur- og Vestur-Evrópuríki, rætur þeirra, menningu og sameiginlega sögu. Nemendur fá raunhæfan og fræðilegan undirbúning að margvíslegum störfum á evrópskum vettvangi um leið og þeir dýpka skilning sinn á öflum sem móta viðskipti, stjórnmál og hagkerfi Evrópuríkja á líðandi stundu.

Umsóknafrestur í meistaranám er til 15. maí 2007

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í
Stofnun og rekstri smáfyrirtækja
hefst 28. apríl nk.

Nánari upplýsingar og skráning hjá *Iðntæknistofnun* í *síma 570 7100* og á vefsíðu *www.iti.is*

NÁM SKEIÐ

Iðntæknistofnun

Björgunarleiðangur staðarhaldarans í Krýsuvíkurskóla endaði úti í mýri:

Grafa festist í miðju góðverki

FÓLK „Þetta átti að vera góðverk en endaði svona," segir Pétur Ásgeirsson, staðarhaldari í Krýsuvíkurskóla.

Á fimmtudag festi Pétur gamla gröfu í eigu Krýsuvíkursamtakanna í mýri við Kleifarvatn.

„Það fór maður með bíl inn á slóða þar sem umferð er bönnuð og festist hann þar. Eins og oft áður þá fór ég á gröfunni til að aðstoða og náði að losa bílinn en það vildi ekki betur til en svo að ég pikkfesti gröfuna í mýri við slóðann," segir Pétur.

Þrátt fyrir ítrekaðar tiltraunir tókst Pétri ekki að losa gröfuna sem í gær var enn föst á sama stað. „Ég verð að fá einhvern sem er klárari á gröfu en ég til að hjálpa mér upp. Ég viðurkenni að ég fór út á viðkvæmt land og það urðu einhverjar skemmdir. Mig tekur þetta sárt því ég bý hérna á staðnum og er annt um náttúruna. En ég held samt að þetta verði sem betur fer fljótt að jafna sig," segir Pétur. - gar

GRAFA FÖST Í AUR Pétur Ásgeirsson ætlaði að hjálpa föstum bíl en festist sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KENNSLUFRÆÐI
30 EININGA DIPLÓMANÁM VIÐ HR

Kynningarfundur um námið verður haldinn föstudaginn 20. apríl kl. 12:00 í Ofanleiti 2, 3. hæð.

Diplómanám í kennslufræði veitir kennsluréttindi í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla. Námið er ætlað þeim sem hafa lokið að minnsta kosti BA- eða BS-námi. Hægt er að taka námið á einu ári eða á lengri tíma ef það hentar betur. Kennt er á haustönn, vorönn og sumarönn.

Námið hentar mjög vel með vinnu því kennsla fer fram þrjá til fjóra daga í viku frá kl. 16:20 til 18:50

Nánari upplýsingar um námið eru á www.hr.is eða hjá
Ásrúnu Matthíasdóttur, lektor við HR í síma 599 6272 og asrun@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

Takmarkaðar fréttir af mótmælafundum

Víða um Rússland hefur fréttaflutningur af mótmælafundunum í Moskvu og Pétursborg verið afar takmarkaður. Mikhaíl Gorbatsjov segir engu líkara en fjölmiðlarnir hafi verið þjóðnýttir.

Frásagnir rússneskra fjölmiðla af mótmælafundum í Moskvu og Pétursborg um síðustu helgi hafa engan veginn gefið sömu mynd af atburðunum og birst hefur í vestrænum fjölmiðlum.

Rússar fengu að vísu að vita að mótmælin hefðu verið haldin, en lítið fór fyrir þeim í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna og ekki var annað að sjá en allt hafi farið nokkuð friðsamlega fram.

Erlendis vöktu harkalegar aðfarir lögreglunnar hins vegar hörð viðbrögð. Meðal annars ætla utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna að ræða málið á fundi með rússneskum starfsbróður sínum í Lúxemborg í næstu viku.

Rússneskir fjölmiðlar eru flestir í eigu eða undir stjórn ríkisins, þar á meðal þrjár stærstu sjónvarpsstöðvar Rússlands sem flestir Rússar reiða sig á um fréttaflutning. Tvær stöðvanna, Rossiya og Stöð eitt, eru í ríkiseigu en sú þriðja, NTV, er einnig undir stjórn ríkisins þar sem ríkisfyrirtækið Gazprom eignaðist hana árið 2000.

Gazprom á einnig mikil ítök í öðrum fjölmiðlum, þar á meðal dagblaðinu Izvestia og útvarpsstöðinni Ekho.

„Enn eru þó til fjölmiðlar sem vinna mjög sjálfstætt," segir Masha Lipman frá bandarísku Carnegie-rannsóknarstofnunni í Moskvu. „En þeir eru samt upp á náð Kremlarstjórnarinnar komnir og gera sér vel grein fyrir því."

Mikhaíl Gorbatsjov, síðasti leiðtogi Sovétríkjanna, segir engu líkara en fjölmiðlarnir hafi verið „þjóðnýttir" og kvartar undan því að Rússar geti ekki „fengið tæmandi upplýsingar sem myndu halda borgurunum upplýstum og gera þeim kleift að dæma sjálfir um það sem er að gerast".

ÁTÖK Í PÉTURSBORG Myndir á borð við þessa hafa ekki verið áberandi í rússneskum fjölmiðlum síðustu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gorbatsjov kvartar hins vegar einnig undan tilraunum Bandaríkjanna til að hafa áhrif á rússnesk innanríkismál, og skipar sér þar við hlið margra rússneskra ráðamanna sem hafa verið ósáttir við afskipti Bandaríkjanna og fleiri Vesturlanda af stjórnmálaástandinu í Rússlandi.

„Fullvalda ríki getur ekki notað reglur sem troðið er upp á það. Við verðum að taka skýra afstöðu: Við munum ekki samþykkja neinar leiðbeiningar," sagði Gorbatsjov á ráðstefnu í Moskvu.

„Lýðræðisþróun verður að mótast á heimaslóðum. Einungis þannig getur hún skilað árangri og haft áhrif á ástandið í landinu."

gudsteinn@frettabladid.is

Samfylkingin

„Í vor getur þú kosið biðlistana burt"

Við ætlum að byggja 400 hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu 18 mánuðum

xS

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 1. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður
Össur Skarphéðinsson, 1. sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður

Þýskt orkufyrirtæki:

Vill kjarnorkuver í Finnlandi

FINNLAND, AP Þýska orkufyrirtækið E.on AG upplýsti í gær að það væri að íhuga að byggja nýtt kjarnorkuver í Suður-Finnlandi. Fyrirtækið hefði nú þegar gert samning um kaup á landi undir hið hugsanlega orkuver.

Engin endanleg ákvörðun hefur þó verið tekin, að því er segir í fréttatilkynningu frá höfuðstöðvum E.on í Düsseldorf. Lóðin þar sem verið myndi rísa er í Loviisa, 90 km austur af Helsinki, en í Loviisa er þegar eitt kjarnorkuver fyrir. Í SV-Finnlandi er nú verið að byggja fimmta kjarnaofn landsins; sá þýski verður því sá sjötti, ef af verður. - aa

Ellert B. Schram skrifar sögu Knattspyrnusambands Íslands og fær styrk úr Menningarsjóði til verksins:

Skrif um Fiske styrkt um milljón krónur

MENNING Hið íslenska bókmenntafélag, sem hyggur á útgáfu rits um Willard Fiske og Kristín Bragadóttir vinnur að, hlýtur hæsta styrk, eina milljón króna, úr Menningarsjóði.

Upplýst var um styrkina í fyrradag en sjóðnum bárust 73 óskir um styrki, samtals upp á 82 milljónir króna. 53 styrkir voru veittir, samtals að fjárhæð 14 milljónir.

Þorsteinn Ingi Sigfússon fær 600 þúsund krónur til að skrifa Bókina um vetnið og JPV útgáfa hlýtur hálfa milljón til útgáfu bókar Fiðriks G. Olgeirssonar um ævi Davíðs Stefánssonar, skálds frá Fagraskógi.

Meðal annarra styrkþega eru Illugi Jökulsson sem fær 400 þúsund krónur til skrifa um merkismenn í Íslandssögunni, Bókafélagið Ugla fær 300 þúsund vegna útgáfu á verki Ólafs Teits Guðnasonar; Fjölmiðlar 2006 og Bókaútgáfan Tindur fær 300 þúsund vegna skrásetningar Ellerts B. Schram á sögu Knattspyrnusambandsins.

Lægri styrki hlutu verkefni á borð við Austfirskar skrímslasögur, Hlutverk fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa tímabilið 1974-1995 og Efnisyfirlit úr öllum blöðum Hugar og handar, ársriti Heimilisiðnaðarfélags Íslands, frá 1966.

Stjórn Menningarsjóðs skipa Bessí Jóhannsdóttir formaður, Jakob Frímann Magnússon og Kári Bjarnason. - bþs

ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON

ELLERT B. SCHRAM

ILLUGI JÖKULSSON

MEIRI KVÓTA Smábátaeigendur sunnanlands segja að nú þegar sé búið að byggja upp þorskstofninn.

Smábátaeigendur óánægðir:

Vilja aukinn þorskkvóta

SJÁVARÚTVEGSMÁL Smábátaeigendur á Suðurlandi skora á sjávarútvegsráðherra að bæta nú þegar 20 til 30 þúsund tonnum við þorskkvóta yfirstandandi fiskveiðiárs og leggja til að kvóti næsta fiskveiðiárs verði ekki undir 280.000 tonnum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ályktun sem samþykkt var á stjórnarfundi hjá Árborg, félagi smábátaeigenda á Suðurlandi.

Í ályktun fundarins segir að þorskafli við landið hafi verið afar góður undanfarin misseri og því sé erfitt að trúa hrópum Hafrannsóknastofnunar um að byggja þurfi upp þorskstofninn. Smábátaeigendurnir telja að stofninn sé nú þegar orðin nógu sterkur til að þola auknar veiðar. - þo

Rannsóknir í hjúkrunarfræði:

Hildur nýr forstöðumaður

HEILBRIGÐISMÁL Hildur Friðriksdóttir hefur tekið við stöðu forstöðumanns Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði.

HILDUR FRIÐRIKSDÓTTIR

Hildur lauk meistaranámi í félagsfræði frá HÍ 2004 og BA-námi í félags- og atvinnulífsfræði frá sama skóla 2002. Hún hefur komið víða við í rannsóknum sínum og meðal annars kannað líðan og vinnuskipulag ýmissa starfshópa.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahús veitir kennurum, hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum aðstoð við rannsóknarverkefni sín. - þo

Strikamerkjaleikur Knorr gæti sent þig í 100.000 kr. verslunarferð í Kringluna

Svona gerir þú:

Klipptu strikamerkin af Knorr vörunum þínum og límdu inn í söfnunarheftið. Þegar þú hefur safnað 10 strikamerkjum fyllir þú út þátttökuseðilinn í heftinu, skilar því eða sendir til Ásbjörns Ólafssonar ehf., Köllunarklettsvegi 6, 104 Reykjavík, merkt „Strikamerkjaleikur“. Merktu þér seðilinn vel og tilgreindu hvaða hlut þú velur*. Innsendingarfrestur rennur út 30.06. 2007.

Þú færð söfnunarheftið í næstu verslun!

Stóri vinningurinn:

Nöfn allra þátttakenda fara í pott þar sem dregið verður um glæsilega vinninga. Þrír heppnir safnarar fá 100.000 kr. vöruúttekt í Kringlunni, hvorki meira né minna.

Fyrir 10 Knorr strikamerki getur þú valið um:

Lasagnefat sem passar fyrir plöturnar

Þú losnar við að brjóta lasagneplöturnar til að koma þeim í fatið. Fyrir 10 strikamerki færðu Pyrex lasagnefat sem passar fullkomlega fyrir Knorr lasagneplötur.

Svuntusett fyrir þig og barnið

Hvernig væri að leyfa börnunum að spreyta sig í eldhúsinu? Safnaðu 10 strikamerkjum og fáðu svuntu fyrir þig og barnið á heimilinu.

*Á meðan birgðir endast.

F1to/SÍA F102052O

Stjórnlagadómstóll Úkraínu hefur umfjöllun um umdeilda forsetatilskipun:

Jústsjenkó boðar lýðræðislausn

ÚKRAÍNA, AP Stjórnlagadómstóll Úkraínu hóf í gær að fjalla um lögmæti tilskipunar Viktors Jústsjenkós forseta frá 2. apríl um upplausn þingsins og boðun kosninga, en þingmeirihluti flokks forsætisráðherrans, Viktors Janúkovíts, hefur neitað að hlíta tilskipuninni og vísaði henni til átján manna dómstólsins.

Staddur í heimsókn í Strassborg sagði Janúkovíts að flokkur hans myndi kæra Jústsjenkó forseta fyrir embættisafglöp ef dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að tilskipunin hefði brotið í bága við stjórnarskrána.

Jústsjenkó fyrir sitt leyti nýtti heimsókn til Brussel sem tækifæri til að fullvissa fulltrúa Evrópusambandsins um að Úkraína myndi finna „lýðræðislega lausn“ á deilunni, sem er sú versta sem upp hefur komið í landinu frá því í appelsínugulu byltingunni síðla árs 2004.

JÚSTSJENKÓ Í BRUSSEL Úkraínuforseti með Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, í Brussel í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetinn skrifaði undir tilskipunina hinn 2. apríl með tilvísun til þess að Janúkovíts hefði reynt að misbeita valdi.

Bæði Jústsjenkó og Janúkovíts hafa heitið því að hlíta niðurstöðu dómstólsins. Þó eru uppi efasemdir um að dómstóllinn, sem skipaður er fulltrúum sem forsetinn, þingið og dómstólar tilnefna, sé fær um að komast að niðurstöðu sem allir aðilar sætti sig við. Dómstóllinn hefur allt að mánuð til að afgreiða málið, en mjög er þrýst á hann að hraða því. **- aa**

Meirihluti vill bjór og léttvín í búðir

Tæp 58 prósent segjast vilja að léttvín og bjór verði selt í matvöruverslunum samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Um tveir af hverjum þrem karlmönnum og stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins eru sama sinnis.

SKOÐANAKÖNNUN Alls 57,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast vilja leyfa sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum. 42,4 prósent segjast ekki vilja slíka breytingu. Vikmörk eru 3,5 prósentustig og er því marktækur munur á milli þeirra sem vilja og vilja ekki að áfengi verði til sölu í matvöruverslunum.

Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir kyni. 62,0 prósent karla vilja að áfengi verði selt í matvöruverslunum, en 53,2 prósent kvenna. Þá er einnig munur á afstöðu fólks eftir búsetu og er fólk á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fleiri verslanir Vínbúðarinnar eru staðsettar, mun áhugasamara um breytingar á þessu sviði en íbúar á landsbyggðinni. 61,5 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu vilja að matvöruverslanir geti selt léttvín og bjór, en 38,0 prósent eru því mótfallin. 51,8 prósent íbúa á landsbyggðinni vilja léttvín og bjór í matvöruverslanir, en 48,2 prósent eru því mótfallin. Ekki er marktækur munur íbúa landsbyggðarinnar eftir því hvort þeir vilja eða vilja ekki slíka breytingu.



Ef afstaða fólksins er skoðuð eftir því hvaða flokk það segist myndu kjósa er einungis marktækur munur hjá stuðningsfólki Sjálfstæðisflokksins og þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk það myndi kjósa. Meðal beggja þessara hópa er meirihlutastuðningur við því að léttvín og bjór sé seldur í matvöruverslunum. 63,5 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn vilja að léttvín og bjór fáist á fleiri stöðum en hjá verslunum Vínbúðarinnar. 57,6 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þau myndu kjósa eru sama sinnis.

Ef litið er til annarra flokka er tæpur meirihlutastuðningur fyrir breytingum á útsölustöðum áfengis, utan stuðningsmanna Frjálslynda flokksins, en 55,6 prósent þeirra vilja ekki að léttvín og bjór fáist í matvöruverslunum.

51,2 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokks, 55,4 prósent stuðningsmanna Samfylkingar og 51,4 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna vilja að léttvín og bjór fáist í matvöruverslunum.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 14. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Á að leyfa sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum? 95,3 prósent aðspurðra tóku afstöðu.

svanborg@frettabladid.is

Fullbúin máltíð á innan við 5 mínútum

Nissan Navara

Ertu að leita að hinum fullkomna pallbíl? Þú þarft ekki að leita lengra. Nýjum Navara er ekkert ofviða. Hann er einstaklega sterkbyggður, kraftmikill og spennandi í akstri. Navara er smíðaður fyrir stritið í dagsins önn og býr að auki yfir öllu því úthaldi sem tómstundir þínar krefjast. Navara er fremstur í sínum flokki, enda mest seldi pallbíllinn í Evrópu árið 2006. Engan skyldi undra, Navara skarar einfaldlega svo áberandi mikið fram úr.

Verð frá 3.060.000 kr.

Nissan Pathfinder SE

Verð **4.950.000** kr.

Stundum er staðreyndin einfaldlega sú að það besta er ódýrara. Nissan Pathfinder er jeppi í alhæsta gæðaflokki en þó er hann bestu kaupin í dag. Pathfinder er leiðandi bíll á öllum sviðum, með hreint magnaðan staðalbúnað.

Tilboð í mars: 32" dekk, stigbretti, dráttarkrókur, vindskeið og Garmin Nuvi 660 leiðsögutæki frítt með.

Nissan Murano

Verð **5.490.000** kr.

Þessi fjórhjóladrifni jaxl sem sameinar glæsileika sportbílsins og notagildi SUV-bílsins (Sports Utility Vehicle) vekur athygli hvar sem hann kemur. Murano býður upp á einstaka akstursánægju og fullkomnustu þægindi, enda eru engar málamiðlanir gerðar hvað varðar búnað, hönnun og aksturseiginleika. Vélin er kraftmikil 3,5 lítra V6, að góðu kunn úr Nissan 350Z sportbílnum, og skilar 234 hestöflum.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Akranesi 431 1376	Akureyri 464 7940	Höfn í Hornafirði 478 1990	Njarðvík 421 8808	Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM28079

Hrefnurannsóknum lýkur með veiðum á 39 dýrum:

Lokaáfanginn í vísindahvalveiðum

SJÁVARÚTVEGUR Hrefnurannsóknir Hafrannsóknastofnunar Íslands hófust í gær. Er hér um að ræða lokaáfanga sýnatöku þeirra viðamiklu rannsókna sem hófust árið 2003. Alls hefur nú veiðst 161 hrefna og mun sýnatökunni ljúka í ár með veiðum á 39 dýrum.

Rannsóknaáætlun var lögð fyrir ársfund vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 2003 í samræmi við reglur ráðsins og fékk þar ítarlega umfjöllun. Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir veiðum á 200 hrefnum vegna rannsóknanna og var gert ráð fyrir að sýnatökunni lyki á tveim árum, en síðar var ákveðið að fara hægar í sakirnar. Fyrir utan lengd söfnunartímabils hefur upphaflegri áætlun verið fylgt hvað varðar dreifingu sýnatökunnar.

HREFNUVEIÐAR Nú hefur 161 hrefna verið veidd af þeim 200 sem leyft var að veiða í vísindaskyni. Veiðunum lýkur í ár.

Í áætlun um hvalarannsóknir var einnig gert ráð fyrir árlegum veiðum á 100 langreyðum og 50 sandreyðum í tvö ár. Meginmarkmið þessara rannsókna Hafrannsóknastofnunar er að kanna betur hlutverk hrefnu í vistkerfi hafsins í kringum Ísland. Ljóst er að nytjafiskar eru hluti af fæðu hrefnu, en samspil fiska og hrefnu í vistkerfinu er lítt þekkt. Frumniðurstöður úr fyrri hluta yfirstandandi rannsókna benda til þess að hlutdeild þorsks í fæðu hrefnu sé meiri en áður var talið. Hvalatalningar úr lofti hófust einnig í september 2003.

- shá

MEÐ ÞEIM STÆRRI Hesturinn Pride er engin smásmíði og gefur Eiffel-turninum lítið eftir í tíguleik. Pride er af bresku shire-kyni sem er hávaxnasta hestakyn heims og geta hestar af tegundinni náð allt að tveggja metra hæð upp á herðakamb. Pride dregur hér vagn með ferðamönnum í París og virðist líka borgarlífið vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Hafsvæðum lokað fyrir flutningaskip

Starfshópur leggur til að hafsvæðum verði lokað fyrir umferð stórra flutningaskipa. Markmiðið er aukið öryggi sjófarenda og verndun umhverfisins. Skipstjórar telja að takmörkun siglinga geti haft þveröfug áhrif við tilgang reglnanna.

SAMGÖNGUMÁL Stórum hafsvæðum fyrir Suður- og Suðvesturlandi verður lokað fyrir siglingum stórra flutningaskipa nái tillögur starfshóps á vegum samgönguráðherra fram að ganga.

Siglingum flutningaskipa stærri en 5.000 brúttótonn og öllum skipum sem flytja hættuleg efni og eiturefni skal siglt fjær landi en tíðkast hefur. Leiðastjórnuninni er ætlað að tryggja öryggi við siglingar og vernda efnahagslega og líffræðilega mikilvæg hafsvæði. Skipstjórar íslenskra kaupskipa telja leiðastjórnunina ekki ráðlega og segja hana geta skapað meiri hættu á slysum en á hefðbundinni siglingaleið.

Undirbúningur að leiðastjórnun flutningaskipa við Íslandsstrendur hófst árið 1993 og hafa siglingar skipa úti fyrir suður- og suðvesturströnd landsins verið til skoðunar enda er skipaumferð þar mest og fara skipin nær undantekningarlaust yfir mikilvægar hrygningarslóðir ýmissa nytjastofna. Þykir sýnt að slys á þessari siglingaleið hefði gífurleg áhrif á lífríki og efnahag þjóðarinnar. Forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar hafa gagnrýnt siglingaleiðir flutningaskipa harðlega og kallað það „glapræði“ að flutningaskip sigli aðeins nokkrum mílum frá landi með stóra farma af olíu og öðrum hættulegum efnum.

Mörkun siglinga við svokallaða ytri leið hefur frá upphafi mætt andstöðu hagsmunaaðila. Þannig lagðist Samband íslenskra kaupskipaútgerða gegn þessum hugmyndum árið 2000. Steinn Ómar Sveinsson, skipstjóri hjá Samskipum, telur hugmyndir starfshópsins óskynsamlegar og í raun hættulegar við ákveðnar aðstæður. „Það er í mörgum tilfellum nauðsynlegt og margfalt öruggara fyrir skip og umhverfi að geta siglt nærri strönd landsins, sé veðurfar og sjólag með ákveðnum hætti.“

svavar@frettabladid.is



Hvað gerist þegar þú blandar saman erlendu láni með lágum vöxtum og íslensku láni með minni áhættu?

GENGUR Í KÚLU Þýski listamaðurinn Arnd Drossel bjó sér til vírkúlu og gekk í henni 300 kílómetra langa leið milli bæjanna Dorsten og Räsfeld í þeim tilgangi að vekja athygli á því hve margt fólk er ekki í jafnvægi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

VATÍKANIÐ

Páfinn áttræður

Benedikt sextándi, páfi kaþólskra manna, varð áttræður í fyrradag. Tugþúsundir þeirra báðu fyrir honum á Péturstorginu í Róm í gærmorgun. Benedikt messaði yfir þeim og þakkaði guði langlífið. Páfi fæddist í Bæjaralandi og var einnig haldið upp á afmæli hans í Berlín.

Með umhverfisverkefninu Kolviði geta Íslendingar bætt fyrir útblástur bíla sinna:

Skógrækt í stað útblásturs

UMHVERFISMÁL Umhverfisverkefninu Kolviði var hleypt af stokkunum í gær. Markmið Kolviðar er að hvetja Íslendinga til þess að kolefnisjafna útblástur bíla sinna með því að planta trjám.

Guðfinna S. Bjarnadóttir, formaður stjórnar Kolviðar, segir að Íslendingar þyrftu að planta sjö milljónum trjáa á ári til þess að vega upp á móti koldíoxíðmengun bílaflotans. „Þumalputtareglan er sú að hver bifreiðaeigandi þurfi að gróðursetja tré fyrir andvirði einnar áfyllingar á eldsneytistank bílsins," segir Guðfinna.

Á heimasíðu Kolviðar sem opnuð verður innan skamms geta einstaklingar reiknað út á afar einfaldan hátt hvað þeir losa mikið koldíoxíð með bílum sínum. Reiknivélin reiknar síðan hversu mörgum trjám viðkomandi þarf að planta til þess að kolefnisjafna sig. Hægt verður að kaupa trjáplönturnar á heimasíðunni og Kolviður sér um að planta þeim.

Guðfinna segir að hér sé komið kjörið tækifæri fyrir landsmenn. „Ef vel tekst til verðum við fyrsta þjóð í heimi sem stendur svona að málum," segir Guðfinna en hjá mörgum þjóðum hefur komið til tals að setja á sérstakan skatt til þess að vega upp á móti kolefnalosun einstaklinga. „Ég vil trúa því að það sé betra að einstaklingar geri þetta sjálfviljugir og ég hef fulla trú á að Íslendingar nýti sér þennan kost," segir Guðfinna.

Kolviður er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og Landverndar og nýtur stuðnings ríkisstjórnarinnar, Kaupþings og Orkuveitu Reykjavíkur. - þo

KOLVIÐUR FER AF STAÐ Verkefnið hvetur almenning til aðgerða gegn loftlagsbreytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

MANDLA MANDELA Sonarsonur Nelsons tekur við höfðingjatign. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nelson Mandela fagnar:

Sonarsonurinn verður höfðingi

SUÐUR-AFRÍKA, AP Konungar og aðrir tignargestir frá hinum fjölmörgu ættbálkum Suður-Afríku komu saman í bænum Umtata á mánudag til að fylgjast með þegar Mandla Mandela, sonarsonur Nelsons Mandela, tók formlega við stöðu sem höfðingi Mvezo-ættbálksins.

Nelson Mandela, sem nú er 88 ára gamall, hafnaði því á sínum tíma að verða höfðingi ættbálksins og helgaði líf sitt þess í stað baráttunni gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans í landinu.

Makgato, sonur Mandela og faðir Mandlas, lést árið 2005 af völdum alnæmis. - gb

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Forsetaskipti valda titringi

Forseti og her Tyrklands berjast nú gegn því að Erdogan forsætisráðherra verði næsti forseti landsins.

TYRKLAND, AP Margir Tyrkir berjast nú gegn því að Racip Tayyip Erdogan forsætisráðherra taki við af Ahmet Necdet Sezers forseta þegar sjö ára kjörtímabil hins síðarnefnda rennur út 16. maí næstkomandi.

Erdogan hefur ekkert látið uppi um það enn hvort hann hyggist gefa kost á sér, en gaf það þó sterklega í skyn á mánudaginn. Sezer forseti hefur á kjörtímabilinu komið í veg fyrir að Erdogan hafi aukið áhrif íslams í stjórn landsins, en verði Erdogan forseti, eða einhver flokksbróðir hans, kemur fátt í veg fyrir að flokkur Erdogans geti farið sínu fram að vild.

„Stoðir hins veraldlega lýðveldis eru nú í fyrsta sinn drengnar opinberlega í efa," sagði Sezer forseti nú fyrir helgina, en allt frá stofnun ríkisins fyrir meira en 80 árum hefur það einkennst af því að trúmálum hefur verið haldið vandlega aðskildum frá veraldlegum ríkisstofnunum.

Ráðamenn í hernum hafa sömuleiðis lýst yfir miklum áhyggjum af því að Erdogan setjist í forsetastólinn, enda hefur herinn jafnan staðið vörð um hina veraldlegu stjórnskipan landsins.

Stjórnmálaflokkur Erdogans, sem heitir Flokkur réttlætis og þróunar, er með góðan meirihluta á þingi og hefur því algerlega frjálsar hendur um það hver tekur við forsetaembættinu, þar sem forseti landsins er kjörinn af þinginu.

- gb

MÓTMÆLI GEGN ERDOGAN Á fjölmennum mótmælafundi í Ankara um síðustu helgi hélt fólk á myndum af landsföðurnum Kemal Ataturk, sem lagði grunninn að aðskilnaði ríkis og trúar í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

4,5%

Ný helmingaskipt húsnæðislán með lægri vöxtum

50% erlendar lágvaxtamyntir - 50% íslenskar krónur. Þannig færðu lánið á lægri vöxtum en býrð við mun minni gengisáhættu en ef lánið væri 100% í erlendri mynt. Spurðu ráðgjafa okkar um nýju helmingaskiptu húsnæðislánin eða kynntu þér málið á glitnir.is

SAMANBURÐUR Á LÁNUM	VEXTIR	GENGISÁHÆTTA	GREIÐSLUBYRÐI	EIGNAMYNDUN
100% íslenskar krónur**	**4,95%**	Engin	Lág	Hæg
NÝTT HELMINGASKIPT LÁN* **	**4,50%***	**Hófleg**	**Lág**	**Í meðallagi**
100% erlend myntkarfa****	**6,14%***	Mikil	Há	Hröð

* M.v. vaxtatöflu og 1 mánaða libor vexti 13.04.2007 ** Verðtryggt jafngreiðslulán
*** 50% íslenskar krónur / 50% erlent lán í CHF og JPY **** EUR, USD, GBP, CHF og JPY

GLITNIR

Svona erum við

> Hreinn sparnaður heimilanna í milljónum króna

MISTÖK ÁTTU SÉR STAÐ VIÐ VINNSLU LÍNURITSINS SEM BIRTIST HÉR Í GÆR. ÞAÐ ER ÞVÍ ENDURBIRT NÚ.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING FÓTPOKI

Íþrótt sem snýst ekki um að sigra

Á góðviðrisdegi má oft koma auga á fjölda manns sem standa í hring og sparka litlum grjónapoka á milli sín. Þetta kemur mörgum furðulega fyrir sjónir en íþróttin, sem nefnist fótpoki á íslensku, er gríðarvinsæl og stunduð um allan heim. Ólíkt öðrum íþróttum snýst fótpoki ekki um að bera sigurorð af andstæðing sínum heldur er markmiðið að halda pokanum á lofti sem lengst og láta hann ganga á milli sem flestra.



Hvenær var fótpoki fundinn upp?

Árið 1972 var Bandaríkjamaðurinn John Stalberger að leita að aðferð til að liðka hnéð eftir aðgerð sem hann hafði nýlega gengist undir. Félagi hans Mike Marshall hafði verið að leika sér að halda litlum grjónapoka á lofti og John leist svo vel á að hann fór að stunda íþróttina með Mike. Upphaflega kölluðu þeir þessa íþrótt „Hack the sack" en nokkrum árum síðar ákváðu þeir að skíra hana „footbag", eða fótpoka. Íþróttin gengur líka undir nafninu „Hacky sack" eða hakkísakk.

Hvaða búnað þarf?

Þó að góðir skór hjálpi til þá er sjálfur fótpokinn eini nauðsynlegi búnaðurinn til að stunda fótpoka. Fótpokar eru til í mismunandi stærðum og gerðum en oftast eru þeir fylltir með sandi eða plastkúlum og gerðir úr bómull eða rúskinni. Vinsældir fótpoka má að stórum hluta þakka þessum einföldu kröfum um búnað, en fótpoki er ódýr og kostar á bilinu fimm hundruð til þúsund krónur. Fótpokinn er handhægur og geymist auðveldlega í vasa.

Hverjar eru reglurnar?

Nokkur afbrigði eru til af fótpoka, meðal annars eitt þar sem þátttakendur sparka boltanum yfir net líkt og í tennis, og annað þar sem einn maður sýnir listir með pokann. Langvinsælasta afbrigðið er þó þannig að þátttakendur standa í hring og sparka pokanum á milli sín. Þar eru engir andstæðingar eða keppendur og enginn sigrar eða tapar. Markmiðið er að halda pokanum sem lengst á lofti með öllum hlutum líkamans fyrir utan hendur og handleggi.

SPURT & SVARAÐ

FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR STÚDENTA

Margir kostir með í för

DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR formaður Stúdentaráðs

Stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur samþykkt ályktun þar sem nýrri og vistvænni borg er fagnað. Ráðið fagnar sérstaklega þeim tíðindum að námsmenn fái frítt í strætó haustönn 2007. Dagný Ósk Aradóttir er formaður Stúdentaráðs.

Hversu vel telur þú að þessi þjónusta eigi eftir að nýtast stúdentum? Ég held að það sé enginn vafi á því að stúdentar eiga eftir að taka þessu fagnandi. Það er þó ólíklegt að þeir eigi eftir að drífa sig í að selja bílana sína þar sem það er bara boðið upp á þennan kost eina önn enn sem komið er.

Telur þú líklegt að tími endurgjaldslausra strætóferða verði framlengdur? Ef stúdentar nýta þetta jafn vel og ég býst við að þeir geri er það líklegt. Þetta gæti jafnvel orðið til þess að fleirum verði boðin þessi þjónusta. Þetta hefur marga kosti í för með sér, ekki aðeins fyrir stúdenta heldur fyrir alla borgarbúa. Loftið verður betra, bílastæðavandi minnkar auk þess sem það dregur úr umferðarþunga.

Óákveðni einkennir baráttuna

Þegar aðeins fáeinir dagar eru til fyrstu umferðar forsetakosninganna í Frakklandi keppast frambjóðendurnir við að reyna að hámarka fylgið meðal hinna fjölmörgu óákveðnu kjósenda, sem ganga munu að kjörborðinu á sunnudaginn.

Nicolas Sarkozy, frambjóðandi hins íhaldssinnaða stjórnarflokks UMP, fór á mánudaginn í óvænta heimsókn að grafhýsi Charles de Gaulle, „föður fimmta franska lýðveldisins". Með heimsókninni höfðaði frambjóðandinn til föðurlandsástar landsmanna og þeirra sem hafa arfleifð marskálksins í hávegum.

Varað við hægriöfgafylgi

Segolene Royal, frambjóðandi sósíalista, og aðrir talsmenn Sósíalistaflokksins reru hins vegar á önnur mið með því að vara við því að hætta sé á að hægriöfgamennirnir í hópi frambjóðendanna tólf fái meira fylgi en margan grunar, en kjósendur verði að hindra að það endurtaki sig sem gerðist í síðustu kosningum árið 2002, þegar Jean-Marie Le Pen komst í úrslitaumferð kosninganna sem sá frambjóðandi sem fékk næstflest atkvæði í fyrri umferðinni, á eftir sitjandi forseta, Jacques Chirac. Með þessu eru sósíalistar að minna kjósendur á vinstri vængnum á að atkvæði greidd öðrum vinstriframbjóðanda en Royal séu dauð atkvæði. Sex af frambjóðendunum tólf eru til vinstri við Royal.

Annar vandi sósíalista er sá, að áætlaður heildarfjöldi kjósenda sem væntanlega kýs til vinstri hefur skroppið saman og mælist nú ekki meira en 37 prósent. „Þetta er hlægilega lítið; hvaðan á eiginlega sá kraftur að koma sem skilað gæti sigri þann 6. maí?" spyr vinstrisinnaða blaðið Libération áhyggjufullt.

Enda hefur Royal líka reynt að höfða til kjósenda hægra megin, svo sem með því að mælast til þess að allir Frakkar eigi þjóðfánann heima hjá sér og hiki ekki við að veifa honum á tyllidögum.

Sarkozy heldur forskoti

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnuninni, sem niðurstöður voru birtar úr í gær, fengi Sarkozy 27 prósent í fyrri umferðinni og Royal 25 prósent. „Þriðji maður" kosningabaráttunnar, miðjumaðurinn Francois Bayrou, mælist með 19 prósenta fylgi. Le Pen, frambjóðandinn af hægri jaðrinum, hefur fjórða mesta fylgið, en það hefur mælzt um 16 prósent. Reynslan frá síðustu kosningum sýnir hins vegar að vera kann að fylgið við Le Pen sé vanmetið.

Hátt hlutfall óákveðinna setur reyndar allar spár í mikla óvissu. Viku fyrir fyrstu umferð kosninganna sögðust um tveir af hverjum fimm kjósendum ekki hafa gert upp hug sinn enn.

Ipsos-stofnunin spurði kjósendur í síðustu viku út í væntingar þeirra til kosninganna, og sögðu þá 84 prósent í yngri aldursflokknum (18-34 ára) að þeir teldu „allt mögulegt" í kosningunum núna á sunnudaginn.

Bayrou bjartsýnn

Bayrou sagðist í gær telja að í þetta sinn tryði hann því að hann yrði sá sem kæmi á óvart. Í útvarpsviðtali sagði hann hvers vegna: „Ég er sá eini sem gæti sigrað Nicolas Sarkozy í seinni umferðinni." Þegar spurt hefur verið í skoðanakönnunum hvernig fólk myndi kjósa í síðari umferðinni, þar sem gera þarf upp á milli tveggja efstu frambjóðendanna úr þeirri fyrri, hefur ítrekað komið út að Sarkozy myndi sigra Royal en Bayrou Sarkozy. Reyndar gefur nýjasta könnunin, sem vitnað er til hér að framan og CSA-stofnunin gerði, Royal í fyrsta sinn sömu möguleika á sigri og Sarkozy, ef þau tvö mætast í úrslitaumferðinni.

Stefnuskrár of líkar

Stjórnmálaskýrendur hafa ýmsar skýringar á reiðum höndum á því að Frakkar eigi svo erfitt með að velja að þessu sinni. „Stefnuskrárnar eru of líkar," hefur svissneska blaðið Neue Zürcher Zeitung eftir stjórnmálafræðingnum Jérôme Fourquet hjá Ifop-stofnuninni. Efstu frambjóðendurnir reyndu að trompa hver annan. Auk þess væru sumir af stuðningsmönnum Royal hikandi þar sem Bayrou er spáð betra gengi gegn Sarkozy í síðari umferðinni.

■ LYKILMÁL Í FRÖNSKU FORSETAKOSNINGABARÁTTUNNI

Segolene Royal, 53: Frambjóðandi sósíalista

Francois Bayrou, 55: Formaður miðflokksins UDF

Nicolas Sarkozy, 52: Frambjóðandi hægriflokksins UMP

EFNAHAGS- OG SKATTAMÁL		
Skera niður skuldir ríkissjóðs, sem hafa náð methæðum, með skattaívilnunum fyrir útflytjendur og fyrirtæki sem skapa ný störf.	Þurrka út hallarekstur ríkissjóðs á þremur árum. 20% opinb. útboða til lítilla fyrirtækja.	Skera niður skuldir, 50% hámark á einstaklingsskatta, afnema erfðaskatt nema hinna ofurríku. Hækka VSK.
ATVINNU- OG LAUNAMÁL		
Hækka lágmarkslaun um 20% í 1.500 evrur á mán. 90% af launum í ár eftir starfsmissi.	Heimila fyrirtækjum að ráða tvo starfsmenn án launatengdra gjalda. Engan skatt á yfirvinnu framyfir 35 stundir.	Afnema gjöld af yfirvinnu, sniðganga 35 tíma vinnuviku, hvetja fólk til að vinna meira.
HEILBRIGÐIS- OG LÍFEYRISMÁL		
Ókeypis heilsugæsla fyrir ungmenni (16-25 ára), hækka ríkistryggð eftirlaun um 5%, endurskoða fríðindi hjá ríkisfyrirtækjum.	Innleiða nýtt punktalífeyriskerfi til að þeir sem vinni lengur fram eftir ævinni fái hærri eftirlaun. Hækka lágmarkslífeyri.	Hækka þjónustugjöld. Endurskoða lífeyriskerfi sem gerir opinberum starfsmönnum kleift að fara snemma á full eftirlaun.
INNFLYTJENDAMÁL, LÖG OG REGLA		
Fólk öðlist rétt til ríkisborgararéttar eftir 10 ára dvöl. Ungir afbrotamenn í agabúðir.	Hjálpa fátækum löndum að halda íbúum sínum heima. Lágmarksrefsingar fyrir síbrot.	Stofna „ráðuneyti innflytjendamála og þjóðarímyndar". Draga úr innflytjendastraumi. Þegnskylduvinna fyrir unga afbrotamenn.
EVRÓPU- OG ALÞJÓÐAMÁL		
Nýr stjórnarskrársáttmáli lagður undir þjóðaratkvæði. Styður ESB-aðild Tyrklands og að ESB beiti sér fyrir friði í Mið-Austurlöndum. Vill viðhalda gagnrýnni afstöðu til Bandar. vegna Íraks	Nýja þjóðaratkvæðagreiðslu, en um „betur gegnsæjan" sáttmála. Tyrkir fái sérsamning um tengsl við ESB frekar en fulla aðild. Vill verjast bandar. þrýstingi á Frakkland.	Ekki endurtekið þjóðaratkvæði - láta þingið afgreiða kjarnasáttmála. Andvígur ESB-aðild Tyrklands. Vill náin tengsl við Washington, en ráðamenn vestra ættu að taka betur gagnrýni.
ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VIÐ KOSNINGASTEFNU		
35-63 milljarðar evra	21-28 milljarðar evra	32-74 milljarðar evra

Heimildir: Fréttastofur, Institut de l'Entreprise

Þetta hik á sér líka aðrar skýringar, að mati Fourquet. Í síðustu forsetakosningum árið 2002 hafi eitt mál yfirgnæft önnur í kosningabaráttunni, en það var innra öryggi ríkisins. Í þetta sinn skortir slíkt yfirgnæfandi kosningamál. Öll möguleg mál sem upp koma í aðdraganda kosninganna – svo sem eins og unglingaóeirðir á lestarstöð í París nýlega – kalla á taugaveiklunarleg viðbrögð af hálfu frambjóðendanna. Atvinnumál, húsnæðisskortur, umhverfismál, kreppan hjá Airbus-flugvélaverksmiðjunum, þjóðernismál: öll þessi mál hafa komið upp en fallið í skuggann jafnskjótt og þeim skaut upp á yfirborðið. Þannig er vaðið úr einu í annað. „Frambjóðendurnir eru eins og kúlur í kúluspili, sem virðast skjótast tilviljanakennt til og frá," kvartaði lesandi íhaldsblaðsins Le Figaro í lesendabréfi.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.

Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

GLEÐILEGT SUMAR!

OPIÐ HÚS - HVERAGERÐI

ÍAV

Opið hús verður á morgun, sumardaginn fyrsta að Lækjarbrún 20 milli kl. 13-16

Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu.

Rómuð náttúrufegurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði.

Þjónustuhús við Lækjarbrún í Hveragerði veitir þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands. Kaupendur gerast sjálfkrafa aðilar að samningi við HNLFÍ sem veitir aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunngjalds.

Kaupendur gerast aðilar að sérstökum þjónustusamningi við HNLFÍ
Innifalið í þjónustusamningnum er:

- ✓ Öryggishnappur
- ✓ Eftirlit næturvarðar
- ✓ Brunaviðvörunarkerfi
- ✓ Hirðing lóðar
- ✓ Aðgangur að baðhúsi HNLFÍ
- ✓ Aðgangur að tækjasal HNLFÍ
- ✓ Heilsuböð/leirböð og partanudd
- ✓ Viðtöl við íþróttafræðinga
- ✓ Viðtöl við næringarráðgjafa
- ✓ Aðgangur að bókasafni HNLFÍ
- ✓ Aðgangur að innra starfi og fræðslu HNLFÍ

Sérkjör íbúa húsanna að:

- ✓ Matsal HNLFÍ
- ✓ Sjúkraþjálfun
- ✓ Hóptímum í leikfimi, hugleiðslu, fræðslu o.fl.

Önnur þjónusta í boði:

- ✓ Ræsting og þvottur
- ✓ Heimsending máltíða
- ✓ Snyrti- og hárgreiðslustofa
- ✓ Heilsuvöruverslun

Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum og flísalögðum gólfum í baðherbergi, þvottaherbergi og forstofu. Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja frá stærðinni 86–99 fm.

Verð frá 22,2 millj.



Þessir hlutir fylgja ekki með íbúð.
Íbúðin afhendist fullbúin með gólfefnum.

TILBOÐ Heilsustofnunar sumardaginn fyrsta:

2 fyrir 1 í mat auk þess sem börn yngri en 12 ára borða frítt.

2 fyrir 1 í baðhúsið.

Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, www.iav.is



GRÍSALUNDIR 1.298 kr. kg



LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN GRILLSPJÓT 2.698 kr. kg

SKÖTUSELSFIÐRILDI Í TÓMAT OG HVÍTLAUK 1.698 kr. kg

KINDAFILLET SPJÓT LAS VEGAS 569 kr. stk.

UNGNAUTA SIRLION 1.698 kr. kg

GRÍSAHNAKKI ÚRBEINAÐAR SNEIÐAR 998 kr. kg

Opið sumardaginn fyrsta til kl. 21

NÓATÚN
Bestir í kjöti

Kjúklingur á hálfvirði!

Úr Kjötborði Nóatúns

36% afsláttur

NÓATÚNS GRÍSARIF BBQ

898 kr. kg

Móa ferskur kjúklingur

NÓATÚN 2 fyrir 1

Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 89 kr. stk.

NAUTAFILLET SPJÓT MEÐ GRÆNMETI

569 kr. stk.

Úr Kjötborði Nóatúns

30% afsláttur

SS GRAND ORANGE LAMBAFILLET

2.430 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

37% afsláttur

ÍTALSKAR NAUTAHAKKS-BOLLUR MEÐ TÓMAT

998 kr. kg

EGILS APPELSÍN

129 kr. 2 L

MAARUD SNAKK

339 kr. 350 g

VOGA ÍDÝFUR

139 kr. stk.

Verði ykkur að góðu!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvort Reykjavíkurflugvöllur fari úr Vatnsmýrinni á ekki lengur við, heldur hvenær og hvert.

Flugvöllurinn fer

JÓN KALDAL SKRIFAR

Reykjavíkurflugvöllur fer burt úr Vatnsmýrinni. Hvorki þarf að eyða orðum né orku í að efast um þá framtíðarsýn. Síðasti naglinn í kistu vallarins var rekinn fyrir löngu þótt formlega liggi ekkert enn fyrir um endalok hans. Auðvitað fyrirfinnast þó einhverjir sem neita að horfast í augu við þá staðreynd að lega vallarins er eins og fleinn í hjarta borgarinnar. En jafnvel fyrir þá þrákálfa hljóta niðurstöður samráðshóps samgönguráðherra og borgarstjóra um þjóðhagslega hagkvæmni þess að flytja flugvöllinn að vera síðustu rekurnar sem kastað er.

Hvort flugvöllurinn fari er því ekki lengur spurningin, heldur hvenær og hvert? Það eru praktísk viðfangsefni sem verður vonandi hægt að leysa þvert á flokkslínur í sæmilegum friði og spekt.

Mest um vert fyrir Reykvíkinga er að flugvöllurinn fari sem fyrst. Eins og skýrsla samstarfshópsins sýnir fram á er landsvæðið þar sem völlurinn liggur nú einfaldlega of verðmætt til að hýsa þessa starfsemi.

Reykjavík þarf á þessu landi að halda til að halda áfram að þroskast og eflast inn á við í stað þess að gliðna í sundur með byggingu nýrra hverfa sem teygja sig upp til fjalla og heiða.

Ný byggð á flugvallarsvæðinu er geysilega spennandi verkefni og ekki síður vandasamt fyrir skipulagsyfirvöld borgarinnar. Skipulag nýrra hverfa þarf að ræða og velta fyrir sér á alla kanta áður en óhætt er taka svo mikið sem fyrstu skóflustunguna.

Að stórum hluta stendur Reykjavík saman af mismunandi úthverfum þar sem einbýlis- og fjölbýlishús eru umkringd stórum görðum og íbúar þurfa að fara akandi annað til að sækja vinnu og þjónustu. Við þurfum ekki fleiri slík hverfi.

Vonandi ber skipulagsyfirvöldum gæfa til að fá fram skipulag fyrir Vatnsmýrina sem verður líkt og framlenging af Þingholtunum og miðbænum með sínum húsalengjum, götum og strætum. Þar er búið þétt og íbúarnir geta auðveldlega sótt nánast alla þjónustu sem þeir þurfa á fæti ef þeir kæra sig um. Það hefur sýnt sig að slíkt borgarlandslag er eftirsótt til búsetu því fasteignaverð á landinu er hvergi hærra en í póstnúmeri 101 Reykjavík.

Helsta framlag samgönguráðherra í umræðum um Reykjavíkurflugvöll hefur verið að ítreka brýna þörf á byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni, eins og samið hefur verið um milli borgar og ríkis. Þær áætlanir hafa verið túlkaðar sem tilraun til að festa völlinn í sessi í Vatnsmýrinni. Engin ástæða er til að óttast að sú verði raunin, sama hver draumur ráðherrans getur mögulega verið.

Í alþjóðlegri samkeppni um skipulag Vatnsmýrinnar, sem Reykjavíkurborg blés til 29. mars, kemur skýrt fram að hönnun fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar verður að bjóða upp á „sveigjanleika til að geta aðlagast mögulega breyttri staðsetningu flugvallarins“, eins og það er orðað.

Það liggur líka í hlutarins eðli að miðborg þarf öfluga samgöngumiðstöð þótt þar sé ekki heill flugvöllur við þröskuldinn.

Niðurstaðna úr samkeppni borgaryfirvalda er að vænta í haust. Vonandi verða þær ávísun á spennandi tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

EFTIRLAUNASJÓÐUR SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

Boðað er til ársfundar Eftirlaunasjóðs Sláturfélags Suðurlands.

Fundurinn verður haldinn að Fosshálsi 1, 3. hæð, miðvikudaginn 2. maí n.k. kl. 17:00.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings, tryggingafræðilegrar úttektar og fjárfestingastefnu.
3. Önnur mál.

Stjórnin

FRÁ DEGI TIL DAGS

Drottning hvikar hvergi

Margrét Þórhildur Danadrottning komst á opinberan eftirlaunaaldur, varð 67 ára, á mánudaginn. Hún hefur hins vegar alls ekki í hyggju að draga sig í hlé frá skyldustörfum sínum sem krýndur þjóðhöfðingi Danaveldis. Fram kemur í því sem hún sjálf hefur sagt og í áliti sérfræðinga í málefnum hirðarinnar að hún telji það skyldu sína að hvika ekki úr hásætinu fyrr en hún er lögst í kör. Friðrik krónprins þarf því rétt eins og stallbróðir hans á Bretlandseyjum að sýna þolinmæði áður en að því kemur að ábyrgð krúnunnar færist á hans herðar frá móðurinni.

Niflungar á ensku

Á sunnudagskvöldið sýndi Sjónvarpið fyrri hluta sjónvarpsmyndar um Niflungahringinn. Það vakti athygli að þótt myndin væri þýsk var talað á ensku, sem væntanlega er til þess að rekja að þeir sem því ráða hjá Sjónvarpinu hafa valið að fá myndina á ensku en ekki á frummálinu. Vekur þetta furðu, ekki síst með tilliti til efnis myndarinnar, sem vart gæti verið germanskara. Og ekki síður með tilliti til þess að hlutfall efnis sem sýnt er í sjónvarpi hérlendis á öðru máli en ensku fer síminnkandi.

Wolfowitz til aðstoðar?

Það var ýmislegt lesið út úr því að Davíð Oddsson skyldi ekki mæta á landsfund Sjálfstæðisflokksins um síðustu helgi og hver samsæriskenningin toppaði aðra. Það ku þó hafa verið löngu skipulagt að Davíð færi á fund alþjóðagjaldeyrissjóðsins með stallbræðrum sínum. Einmitt nú eftir helgi hermdu fréttir að Paul Wolfowitz, forstjóri Alþjóðabankans, hefði leitað aðstoðar seðlabankastjóra helstu iðnríkja heims til að koma í veg fyrir að hann yrði rekinn. Það væri þó ekki að einn þeirra hafi verið Davíð Oddsson?

audunn@frettabladid.is
svanborg@frettabladid.is

Hvernig hagnast ég?

HALLA TÓMASDÓTTIR
Í DAG | Atvinnulíf

Framrás íslenskra fyrirtækja undanfarin ár hefur verið undraverð. Grunninn að henni má rekja til ýmissa samverkandi þátta. Aðgengi að evrópska efnahagssvæðinu, aukið frelsi á fjármagnsmörkuðum, vöxtur og uppgangur lífeyrissjóðanna, einkavæðing bankanna, umbætur í skattamálum og menningarlegir þættir vega þar þyngst. Fyrirtæki hafa vaxið frá því að vera innlend smáfyrirtæki yfir í alþjóðleg stórfyrirtæki á nokkrum árum. Til að viðhalda árangrinum, og ná enn lengra, er mikilvægt að feta áfram þá framfarabraut sem við höfum gert síðustu áratugi. Hagfelld rekstrarskilyrði og skattaumhverfi eru grunnforsenda þess að fyrirtæki landsins dafni hér áfram.

En af hverju er mikilvægt að halda hér öflugu atvinnulífi með sterkum og arðbærum fyrirtækjum? Hvernig hagnast ég og þú og Þórlaug frænka af auknum umsvifum fyrirtækja landsins? Er uppgangur og vöxtur þeirra og landvinningar á erlendri grundu eingöngu hagur fámenns hóps fjármagnseigenda, eða græða einhverjir fleiri á þessu öllu saman? Þetta eru eðlilegir hlutir til að velta vöngum yfir enda ekki alltaf augljóst hvaða hagsmuni hinn almenni borgari hefur af framrás íslensku fyrirtækjanna.

Það fyrsta sem er vert að benda á eru sívaxandi tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja. Þrátt fyrir að skatthlutfall hafi lækkað í skrefum úr 45% niður í 18% á síðustu 15 árum hafa heildarskatttekjur vaxið hröðum skrefum allan tímann. Nú er svo komið að álagning tekjuskatts fyrirtækja fyrir árið 2005 var 35 ma. kr. sem er fjórum sinnum hærra en árið 2000 og sjö sinnum hærra en árið 1996. Þetta sýnir og sannar að lægra skatthlutfall skilar ekki lægri tekjum, heldur getur þvert á móti skilað hærri tekjum í heildina.

Fjármagnið sem innheimt er af fyrirtækjum landsins er hægt að nota til að styrkja velferðarkerfi landsins eða draga úr skattheimtu á einstaklinga landsins. Mismunurinn á álögðum tekjuskatti fyrirtækja nú og fyrir 10 árum síðan dugar fyrir öllum rekstri Landspítala - háskólasjúkrahúss. Ef tekin eru saman öll opinber gjöld á fyrirtæki árið 2005 dugar sú upphæð fyrir öllum útgjöldum til mennta-, menningar- og félagsmála auk viðhalds og öllum framkvæmdum við vegakerfið.

Það eru ekki bara beinir hagsmunir sem við höfum af stórum og sterkum fyrirtækjum. Framrásin hefur stutt við smærri fyrirtæki í stuðnings- og þjónustugreinum á margvíslegan hátt. Lögfræði-, endurskoðunar-, tækniþjónustu- og ýmis ráðgjafarfyrirtæki hafa ekki farið varhluta af þeim miklu verkefnum sem innreið og vöxtur á nýjum mörkuðum hefur skapað. Ferðamenn á vegum íslensku fyrirtækjanna og bankanna skipta þúsundum og koma á þeim árstíma sem hingað til hefur reynst ferðaiðnaðinum erfiður. Stórfyrirtækin hafa stutt við aðrar greinar á fjölmargan og sérhæfðari máta. Það er enginn vafi að grundvöllur fjölbreytilegrar og blómlegrar atvinnusköpunar og tækifæra felst í að halda hér hagfelldu og samkeppnishæfu umhverfi fyrir stór aþjóðleg fyrirtæki sem og þau smærri og sérhæfðari.

Annar ábati sem almenningur hefur haft af vexti og framrás íslensku fyrirtækjanna er í gegnum lífeyrissjóðina. Eignarhlutur þeirra í átta stærstu fyrirtækjum landsins nemur orðið meira en 200 ma. kr. Það er því þannig að ég og þú og Þórlaug frænka eigum öll hlut í þessum fyrirtækjum. Góð ávöxtun og árangur íslenskra fyrirtækja hefur skilað sér beint í vasa landsmanna og stendur íslenska lífeyrissjóðakerfið frábærlega í alþjóðlegum samanburði. Þetta þjónar hagsmunum í báðar áttir því lífeyrissjóðirnir hafa ekki síður verið fyrirtækjunum sterkur bakhjarl með fjármagni sínu.

Það er einnig ástæða til að minnast á aukna samfélagslega ábyrgð sem íslensk fyrirtæki hafa sýnt á undanförnum árum. Mörg stórfyrirtækjanna hafa verið iðin við kolann í margs konar menntunar-, heilbrigðis-, menningar- og íþróttastyrkjum. Þetta eru styrkir sem nýtast mörgum afar vel. Þróun síðustu ára gefur engin tilefni til að ætla að eitthvað dragi úr slíkum framlögum.

Með hagfelldu rekstrar- og skattaumhverfi fyrir atvinnulífið sköpum við ennfremur atvinnutækifæri og fjölbreyttari möguleika fyrir komandi kynslóðir. Þetta eru börnin mín, þín og allur krakkaskarinn hennar Þórlaugar frænku. Að bera saman aðstæður fyrir einstaklinga sem koma út á vinnumarkað í dag við þær sem voru til staðar fyrir rúmum áratug er mjög erfitt. Sú bylting sem átt hefur sér stað skilar sér í möguleikum langt umfram það sem flestir hefðu vænst.

Nú eru kosningar í nánd og því ljóst að umræða um efnahagsmál verður mikil á komandi vikum. Það er mikilvægt, hvar sem maður stendur í pólitík, að halda hér blómlegu og kröftugu atvinnulífi. Tækifæri komandi kynslóða og velferð okkar allra er undir því komin.

Höfundur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Vinstri-græn gegn misrétti

UMRÆÐAN
Velferð

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Hér á landi hefur undanfarin ár verið velmegun og við höfum hrósað því happi að vera talin í hópi ríkustu þjóða heims. Eigi að síður hefur misrétti aukist í íslensku samfélagi á undanförnum árum. Þó að margir hafi það gott hefur tekjulægsti hópurinn verið settur hjá í samfélaginu.

Gjaldtaka hefur aukist stöðugt í velferðarkerfinu, hvort sem er í heilbrigðis- eða menntakerfi, í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þetta gengur gegn hugmyndum okkar Vinstri-grænna um velferðarsamfélag þar sem allir njóta sömu réttinda. Miklu skiptir að velferðarþjónustan verði gjaldfrjáls þannig að tekjulágt fólk hiki ekki við að leita nauðsynlegrar þjónustu.

Það er athyglisvert að um 20% af heildarútgjöldum til fræðslumála eru greidd af heimilum í landinu og nam sú fjárhæð tæpum 17 milljörðum króna árið 2005 og fer vaxandi. Þá sýna kannanir að kostnaður við að senda ungling í framhaldsskóla á heimavist nemur 600–700 þúsund krónum á ári.

Annað atriði er að árið 1980 var kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni 11,8%, 1990 var hún 13,4% en árið 2005 greiddu sjúklingar beint úr buddunni 17,5% af heilbrigðisútgjöldum þjóðarinnar. Á því ári námu sjúklingagjöldin 16,8 milljörðum króna. Margt starfsfólk heilbrigðiskerfisins telur aukna gjaldtöku hafa haft það í för með sér að efnalítið fólk veigri sér jafnvel við að leita læknis eða kaupa lyf. Í því samhengi má nefna að um 8.500 börn á aldrinum 3–17 ára höfðu ekki farið til tannlæknis í þrjú ár árið 2005. Tannheilsa barna er verri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og 12 ára íslensk börn eru með helmingi fleiri skemmdir en börn í Svíþjóð og Danmörku. Þau börn sem illa eru stödd fjárhagslega og félagslega fá minnstar tannlækningar og hafa versta tannheilsu meðal barna. Þannig ýtir þetta kerfi undir misrétti og stéttskiptingu í samfélaginu.

Við Vinstri-græn viljum snúa þeirri þróun við að sjúklingar þurfi að greiða fyrir veikindi sín eða börn fyrir skólavist. Velferðarkerfið á að vera fyrir alla, óháð efnahag. Við viljum bæta kjörin og útrýma fátækt.

Höfundur er varaformaður Vinstri-grænna.

SUMARGJÖF

fyrir þá sem eiga allt!

VARIST EFTIRLÍKINGAR



crocs™

- Crocs-sandalinn vegur aðeins 150 grömm sem gerir hann að léttasta sandala í heimi.
- Crocs-sandalinn er með hálkuvörn og hrindir frá sér lykt og bakteríum.
- Crocs-sandalinn hefur munstur á innanverðum sóla sem gefur létt nudd og örvar blóðrásina.
- Crocs-sandalann er hægt að þrífa með bæði sápu og klór.
- Með sínu sérstaka útliti og litaúrvali, líkist hann engum sandala sem við höfum áður séð.

Notkunarmöguleikarnir eru því óendanlegir, úti sem inni, með eða án hælbands, heima, í vinnuna eða hvar sem er.

1. SÆTI

Vinsælasti skórinn á Íslandi 2006

Opið í báðum verslunum Skór.is á morgun, Sumardaginn fyrsta.

Verð

Fullorðinsstærðir 36-47 verð 5.900.-
Barnastærðir 24-35 verð 4.900.-

Sendum í póstkröfu.

skór.is

KRINGLAN • SMÁRALIND

www.skor.is

Unga Ísland – börnin í forgang

UMRÆÐAN
Réttur barna

ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Börn eiga rétt á lífsgæðum og góðum foreldrum“ sagði í yfirfyrirsögn leiðara Fréttablaðsins sl. mánudag. Um það erum við í Samfylkingunni sammála og höfum unnið ítarlega stefnumótun og sett okkur markmið og aðgerðaáætlun til að tryggja börnum hér á landi mannsæmandi líf, heilsu og menntun.

Eitt mikilvægasta verkefni samtímans er að tryggja velferð barna á Íslandi. Niðurstöður nýrra kannana sýna að þar er verk að vinna. Of mörgum börnum hér líður illa. Of mikið álag er á foreldrum og vinnutími hér á landi er lengri en í nágrannalöndum okkar.

Við í Samfylkingunni munum á næsta kjörtímabili beita okkur fyrir fjölbreyttum aðgerðum til að bæta stöðu barna og barnafjölskyldna á Íslandi.

Upplausn í fjölskyldum og flókin fjölskyldutengsl vekja vanlíðan hjá börnum. Það kom fram í máli Sigrúnar Júlíusdóttur prófessors á ráðstefnunni „Mótum framtíð“ þar sem velferðarmálin voru til umfjöllunar. Átakanlegar eru einnig niðurstöður tveggja nýlegra rannsókna um alvarlegar afleiðingar fátæktar á börn, en 5.300 börn eru í fjölskyldum með tekjur undir fátæktarmörkum. Bein tengsl eru milli fjárhagslegrar afkomu foreldra og andlegrar líðanar barna. Fátækustu börnin voru margfalt líklegri til þess að sýna mikil einkenni depurðar, að vera leið og einmana, langa til að gráta og eiga erfitt með að sofna. Fátæk börn fóta sig verr í skólakerfinu og gengur illa í námi.

Fátæku börnin töldu sig síður bundin af reglum samfélagsins. Þeim fannst heimurinn óréttlátur. Börnin sem upplifðu fátækt fannst þau heilsulausari, þau hreyfðu sig minna, voru of þung, borðuðu óhollari mat og minna af ávöxtum og fóru mun sjaldnar til tannlæknis en önnur börn. Árið 2005 var rannsökuð tannheilsa 2.250 grunnskólabarna og niðurstöðurnar – jú, því lægri sem tekjur foreldranna voru, þeim mun meiri voru tannskemmdirnar.

Börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum og það er mikilvægur mælikvarði á framsýni þjóða hvernig þær búa yngstu kynslóðir sínar undir framtíðina. Við viljum að börnin okkar verði sterkir og sjálfstæðir einstaklingar.

Til þess að öll börn eigi þess kost að rækta og njóta hæfileika sinna til fulls, þarf að skapa þeim hagstæð uppvaxtarskilyrði og foreldrum góðar aðstæður til að sinna uppeldi þeirra og uppvexti. Skólum þarf að skapa skilyrði til að standa vel að menntun þeirra og gott stuðnings- og öryggisnet þarf að vera til staðar ef út af bregður. Það mun Samfylkingin leggja ríka áherslu á komist hún í ríkisstjórn eftir kosningarnar 12. maí, meðal annars með hækkun barnabóta, lengra fæðingarorlofi, ókeypis tannvernd og styttri vinnudegi.

Aðgerðaáætlun Samfylkingarinnar í málefnum barna og ungmenna hefur verið gefin út undir heitinu „Unga Ísland“. Hún er mjög metnaðarfull og framsækin. „Unga Ísland“ er unnt að nálgast á heimasíðu Samfylkingarinnar www.samfylking.is.

Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Er jafnrétti í fyrirtækinu þínu?

UMRÆÐAN
Jafnrétti á vinnustað

ELÍN BLÖNDAL

Á næstunni munu stjórnendur 100 stærstu fyrirtækjanna hér á landi fá sendan spurningalista um nokkra þætti sem varða stöðu jafnréttis í fyrirtækjum þeirra.

Könnunin er liður í verkefninu „Jafnréttiskennitala fyrirtækjanna“, sem unnið er á vegum Rannsóknaseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst. Rannsóknasetrið er styrkt af félagsmálaráðuneytinu en samstarfsaðilar verkefnisins eru Samtök atvinnulífsins, viðskiptaráðuneytið, Félag kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa. Könnunin var gerð í fyrsta skipti á síðasta ári og er ætlunin að endurtaka hana árlega.

Spurt verður um fjölda kvenna og karla í stjórnum fyrirtækjanna. Einnig um fjölda kvenna meðal æðstu stjórnenda (forstjóra og framkvæmdastjóra) og hvort jafnréttisáætlun sé fyrir hendi í fyrirtækinu. Allt eru þetta einfaldar spurningar sem auðvelt og fljótlegt er að svara.

Markmið verkefnisins er einkum að stuðla að umræðu og efla vitund fyrirtækja, starfsmanna og almennings um þýðingu jafnrar stöðu en þó umfram allt jafnra tækifæra kvenna og karla í atvinnulífinu. Forsenda verkefnisins er ekki síst sú að fyrirtæki hagnist á því að nýta sér mannauð kvenna, ekki síður en karla.

Kennitölur jafnréttis í fyrirtækjum eru mikilvægt viðfangsefni þar sem þær geta haft og munu hafa áhrif á hefðbundnar fjármálalegar kennitölur (árangur) fyrirtækjanna. Þannig eru fyrirtæki sem nýta sér færni kvenna jafnt sem karla við stjórnun líklegri til að ná betri árangri í rekstri. Fyrirtæki sem geta sýnt fram á árangur á því sviði eru líkleg til að laða að sér hæfara starfsfólk og fleiri viðskiptavini.

Jafnréttiskennitöluverkefnið er unnið á vegum háskólastofnunar og felst í mótun mælikvarða og söfnun upplýsinga á fræðilegum grunni. Það þarf þó ekki sérfræðiþekkingu til að sjá að kerfisbundin skekkja er fyrir hendi hér á landi, enda voru konur aðeins 12% stjórnarmanna og 10,5% æðstu stjórnenda í 100 stærstu fyrirtækjunum (miðað við veltu) árið 2005. Eðlilegast er að fyrirtækin sjálf leiti leiða til að leiðrétta þessa skekkju og er þátttaka samtaka atvinnurekenda í verkefni þessu liður í því.

Með árlegri birtingu upplýsinga um stöðuna í stærstu fyrirtækjunum er veitt ákveðið aðhald og leiðbeiningar um leið. Unnt verður að bera saman upplýsingar frá ári til árs hvað varðar einstök fyrirtæki og eins heildarútkomu fyrirtækjanna ár hvert. Þá er verkefnið einnig mikilvægt með tilliti til alþjóðlegs samanburðar. Sambærilegar rannsóknir eru gerðar víða á vettvangi virtra rannsóknastofnana, m.a. Catalyst í Bandaríkjunum og háskólans í Cranfield í Bretlandi.

Verkefninu er ætlað að stuðla að breytingum í samvinnu við atvinnulífið. Fyrirtækin sem fá framangreinda könnun í tölvupósti eru hvött til að svara henni greiðlega og stuðla þar með að opinni málefnalegri umræðu um stöðu jafnréttis innan fyrirtækja og jafnframt að verulegum breytingum í náinni framtíð hvað það efni varðar.

Höfundur er dósent og forstöðumaður rannsóknaseturs við Háskólann á Bifröst.

Rekstrarvörustyrkir RV 2007

RV veitir árlega styrki til félaga og samtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt. Styrkirnir eru í formi vöruúttekta hjá RV sem styrkþegar geta nýtt vegna reksturs eða til fjáröflunar.

Í ár verða veittir fjórir rekstrarvörustyrkir og þurfa umsóknir um þá að berast á netfangið **styrkir@rv.is** fyrir 1. maí nk.

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

Tilkynnt verður um val á styrkþegum þann 11. maí nk. á heimasíðu fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar á heimasíðu RV:
www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

RV er sérhæft dreifingarfyritæki sem sinnir þörfum fyrirtækja og stofnana fyrir almennar rekstrar og hreinlætisvörur. RV leggur sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis- og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað 18.maí 1982. RV á og rekur UNIQUE Rengøringssystemer í Rödekro á Suður-Jótlandi. UNIQUE þjónar viðskiptavinum í Danmörku og Norður-Þýskalandi.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6232

Sáttmáli um betra samfélag

UMRÆÐAN
Jafnrétti

SIGURSTEINN MÁSSON

Þann þrítugasta mars sl. var sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra staðfestur af fulltrúa fastanefndar Íslands í New York. Eins og góðir sáttmálar og stefnuskrár eiga að vera er hann stuttur og hnitmiðaður. Honum er ætlað að leiða til byltingarkenndra breytinga á högum 650 milljóna fatlaðra í heiminum hvort sem er í þróunarlöndum eða á Vesturlöndum.

Sáttmálinn mun hafa mikla þýðingu á Íslandi ef rétt er á málum haldið varðandi réttindi, aðgengismál, húsnæðismál, persónulega liðveislu og einstaklingsmiðaða þjónustu, afstofnanavæðingu, atvinnuþátttöku, menntun og endurhæfingu. Allt fer þetta eftir því hve hátt við höldum sáttmálanum á lofti og inntaki hans. Í lögum um málefni fatlaðra frá 1992 á að tryggja fötluðum sambærilegar aðstæður og ófötluðum en einnig að stuðla að því að þeir lifi með ófötluðum í samfélaginu en ekki á jaðri þess. Höfum við farið eftir þessum 15 ára gömlu lögum? Nei, það höfum við ekki gert. Þess vegna tryggir staðfesting Íslands á Sáttmála sameinuðu þjóðanna út af fyrir sig ekkert í þessum efnum fremur en lögin.

Yfir 1.000 glæsilegir aukavinningar í boði!
Taktu þátt á www.visir.is

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Kauptu eina fáðu TVÆR!

EKKERT BRUDL

Sjáðu verðið!

2 fyrir eina!

Brennibolti 399 KR.

BRENNIBOLTAR

Leðurfótbolti 699 KR.

LEÐURFÓTBOLTAR

HRÁSALAT OG KARTÖFLUSALAT frá Kjarnafæði

EKKERT BRUDL

KF SALAT 98 KR. 350g

Beinlausir frosnir LAXABITAR

Beinlausir laxabitar kílóverð nú: 938 KR. frá Norðanfiski

EKKERT BRUDL

Sumarið by

Ferskar svínakótelettur kílóverð nú: 898 KR. Merkt verð 998 KR.

Bónus býður betur!

BOLLUR kúmen og fitness 149 KR. 320g

Kílóbrauð 97 KR. 26 sneiðar

26 SNEIÐAR kílóbrauð

Vinsælustu krydduðu lambalærin í Bónus eru frá KJARNAFÆÐI

EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.

Einiberja lambalæri
40% afsláttur
Við kassann

rjar í Bónus!

Grillkryddaðar svínalærissneiðar

Svínalærissneiðar
kílóverð nú:
899 KR.
Merkt verð 1198 KR.

Grillkryddaðar svínakótelettur

Svínakótelettur
kílóverð nú:
1049 KR.
Merkt verð 1398 KR.

Grillkryddaður svínahnakki

Svínahnakkasneiðar
kílóverð nú:
749 KR.
Merkt verð 998 KR.

Ferskt lambafille

...fyrir góðan dag!

Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.

Bringur
íslenskar og ferskar
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1864 KR.

Ferskir bitar

Læri/leggir
kílóverð nú:
298 KR.
Merkt verð 398 KR.

AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

BÓNUS

www.bonus.is

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rósamunda Ingimarsdóttir
frá Fremri Hnífsdal,

áður til heimilis að Eskihlíð 11, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 12. apríl. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. apríl kl. 13.

Ísólfur Sigurðsson
Ingimar Sigurðsson
Halldór Sigurðsson
Áslaug Guðbjörnsdóttir
Sigrún Guðnadóttir
Jónína Þ. Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

Herdís Ólafsdóttir
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést mánudaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 24. apríl kl. 14.

Elín Hannesdóttir
Helgi Hannesson
Guðmundur Hannesson
Sigríður Ólafsdóttir
og ömmubörn.
Þorsteinn Þorvaldsson
Valdís Einarsdóttir
Margrét Gunnarsdóttir

Kæri frændi minn og bróðir,

Guðmundur Hjartarson
fv. Seðlabankastjóri, Selvogsgrunni 29, Reykjavík,

sem andaðist föstudaginn 6. apríl sl. verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. apríl kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Fjóla Guðrún Friðriksdóttir
Anna Pálmey Hjartardóttir
Emil Hjartarson.

Systir mín,

Guðný Sigríður Þorsteinsdóttir
frá Köldukinn í Holtum, Lindargötu 57,

sem lést miðvikudaginn 11. apríl sl. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Guðrún Svava Þorsteinsdóttir.

Elskaður sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Halldórsson

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 14. apríl sl. Útförin verður auglýst síðar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir
Þórhallur Pálsson
Guðný Þuríður Pálsdóttir
Halldóra Pálsdóttir
og fjölskyldur.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Valgerður Ólafsdóttir
áður til heimilis að Hlíðargötu 23, Neskaupstað,

lést á Hrafnistu í Reykjavík að kvöldi föstudagsins 13. apríl. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 20. apríl kl. 14.00.

Viggó Sigfinnsson
Óla Helga Sigfinnsdóttir
Edda Clausen
Guðmundur Lýðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þökkum innilega öllum þeim sem heiðruðu minningu ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Þráins Guðmundssonar
fyrrverandi skólastjóra

og sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát hans. Guð blessi ykkur öll.

Margrét Guðmundsdóttir
Ingibjörg Þráinsdóttir
Guðmundur Ómar Þráinsson
Hulda Þráinsdóttir
Margrét Þráinsdóttir
Lúðvík Þráinsson
Bergþóra Haraldsdóttir
Helgi Kristinn Hannesson
Héðinn Kjartansson

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem vottað hafa hlýhug og samúð vegna andláts okkar elskulega föður, tengdaföður og afa,

Gunnars Þorbjarnar Gunnarssonar
fyrrv. forstjóra.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

Gunnar Ingi Gunnarsson
Hjördís G. Thors
Ólafur Þór Gunnarsson
Ingibjörg Gunnarsdóttir
og afabörn.
Erna Matthíasdóttir
Ólafur Thors
A. Linda Róberts
Grétar Örvarsson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stóraf-mæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

JAMES WOODS ER SEXTUGUR Í DAG
„Mín skoðun á Hollywood? Ég myndi ekki labba yfir götu til að hjálpa einhverjum af þessum jakkafataköllum upp úr snjónum ef honum væri að blæða út. Ekki nema ég fengi borgað fyrir það. Enginn þessara manna hefur gert mér neina greiða.“

Leikarinn er jafnan opinskár um skoðanir sínar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

FIMMTUG SÖNGKONA Jóhanna Þórhallsdóttir, söngkona og kórstjóri, fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag. Hún segist vera búin að kvíða þessari stund í heilt ár.

JÓHANNA V. ÞÓRHALLSDÓTTIR: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI Í DAG

Hef sjaldan verið eins lifandi

Jóhanna V. Þórhallsdóttir, söngkona og kórstjóri, er fimmtíu ára í dag. Fréttablaðið hafði samband við Jóhönnu til að heyra í henni hljóðið. „Ég er bara aðeins að leika mér og njóta lífsins. Ég skellti mér suður á bóginn í sólina og hitann svona í tilefni af þessum tímamótum, aðeins að lyfta mér upp. Ég mun svo líklega halda smá veislu fyrir nánustu vini og ættingja um helgina,“ segir hún glöð í bragði.

Jóhanna er kórstjóri barna- og unglingakóra Bústaðakirkju, auk þess að stjórna kvennakórnum Léttsveitinni og syngja sjálf. „Allir kórarnir mínir eru að fara að syngja núna á næstunni. Léttsveitin verður með vortónleika í byrjun maí og barna- og unglingakórarnir verða svo með uppskeruhátíð aðeins seinna í maí. Ég er líka að fara austur á land með Léttsveitina í sumar, Við ætlum að syngja bæði á Seyðisfirði, Eskifirði og Norðfirði og svo kíkjum við á Kárahnjúka. Við syngjum okkur vonandi inn í hug og hjörtu Austfirðinga,“ segir Jóhanna og hlær. „Síðan er ég að fara með barna- og unglingakórinn til Barcelona og þar í kring núna í sumar, þar sem við munum meira að segja syngja í Montserrat-klaustinu.“

Spurð um hvernig henni lítist á að komast á sextugsaldurinn segir Jóhanna: „Ég er búin að vera í kvíðakasti í heilt ár, síðan ég varð 49 ára, mér finnst þetta vera rosalegur aldur. Það er samt þannig að þeim mun nær sem dregur því rólegri verð ég og hef sjaldan verið rólegri en akkúrat núna. Maður kemst víst ekki hjá því að eldast á meðan maður er lifandi og ég hef sjaldan verið eins lifandi. Mér finnst ég alltaf vera að yngjast. Aldur er líka svo afstæður. Maður sér það svo vel þegar maður er með svona stóran kór með konum á öllum aldri. Það eru oft yngstu konurnar sem eru elstar í sér og þær elstu sem eru yngstar í anda. Ég segi það nú ekki, ég væri samt alveg til í að vera tvítug aftur,“ segir Jóhanna að lokum.

jara@frettabladid.is

Íslensk heimili hafa nú fengið sendar 110 milljónir til að kaupa bækur í sumargjöf. Notum þær!



Þú getur notað eina ávísun fyrir hverjar 3.000 kr. sem þú verð til bókakaupa.
Af **12.000 kr.** bók færðu **4.000 kr. afslátt.** Sæktu fleiri ávísanir í næsta útibú Glitnis!

Notaðu þína ávísun!

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

Framseldu ávísunina þína.
Þú gætir unnið bankabók frá Glitni með **10.000 kr. innstæðu!**

Þjóðargjöfin er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. **Í Viku bókarinnar** fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til að auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. **Ávísunin gildir dagana 17. apríl – 7. maí 2007.**

GLITNIR

DAGUR BÓKARINNAR 23. APRÍL 2007 · WORLD BOOK DAY

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK



STUÐ MILLI STRÍÐA Ungfrýr Íslands

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR VILL VERA VASELÍNLAUS FRÖKEN GÓA

Þegar ég var lítil dreymdi mig ekki um að taka þátt í fegurðarsamkeppni, og brosa breitt framan í myndavélarnar með vaselínkám á tanngarðinum. Sem er í rauninni mjög undarlegt, þar sem mig dreymdi alla hina hefðbundnu stelpudraumana. Mig dreymdi um að eiga bara bleik föt, að verða búðarkona og flugfreyja. Ég lék mér í barbí af ástríðu og þráði prinsessukjólana úr Kays-listunum sem ég fletti heima hjá ömmu með stjörnur í augunum.

Á síðustu árum hafa ofannefndar samkeppnir þó sótt í sig veðrið í mínum bókum. Ég hef setið límd við skjáinn og horft á Reykjavíkur-ungfrýrnar, eða ungfrýr Íslands í beinni. Það er hin besta skemmtun. Í góðum félagsskap vinkvenna belgi ég mig út af poppi, kóki, blandi í poka og öllu því sem ungfrúnum er bannað að borða í margar, margar vikur fyrir keppni. Svo hlæ ég að dansporunum og vaselínkáminu, og læt mig dreyma um að taka þátt til þess að geta verið pían sem er alltaf úr takti. Mig dreymdi líka um að vera ungfrúin sem dettur af sviðinu, en það myndi náttúrlega missa marks í dag eftir fall Unnar Birnu þarna um árið.

Nautgripasýning eður ei, þá er bara eitthvað við þessar keppnir sem veitir mér þennan dásamlega aulahroll. Sama hroll og ég fæ af að horfa á Borat eða Ricky Gervais í The Office.

Í kvöld fer hins vegar fram keppni sem mig myndi langa til að taka þátt í og ekki bara til þess að klúðra málunum. Mig langar að keppa um titla á borð við Michelin 2007 og Fröken Góa 2007. Ég ætti jafnvel séns í Töltari 2007, ef gömlu dansfæturnir mínir eru ekki farnir að fúna. Ég óska keppendum í Óbeislaðri fegurð góðs og falllauss gengis í kvöld. Þar er raunveruleg skemmtun á ferð.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

www.ondvegi.is, ondvegi@ondve

LOKA DAGUR

RÝMINGAR-SÖLUNNAR

30-70%

AFSLÁTTUR!

Grafíska smiðjan ehf. 04-07

ÖNDVEGI HÚSGAGNAVERSLUN, SÍÐUMÚLA 20, SÍMI 568 8799 - **OPIÐ: KL 10-18.**

Kl. 20.00
Stúdentaleikhúsið sýnir verkið Eximasjón í gömlu kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku. Í verkinu er sjónum beint að lægstu hvötum mannskepnunnar sem fæstir vilja kannast við. Leikstjóri er Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

menning

menning@frettabladid.is

Skáldið frá Bólu

Skáldsins Hjálmars frá Bólu í Skagafirði er minnst fyrir margt en saga hans verður rakin í tali og tónum í Salnum í Kópavogi í kvöld.

Karlakórinn Heimir stendur að sýningu um Hjálmar þar sem flutt eru ljóð og vísur hans auk þess sem hagleiksverk hans eru sýnd á myndum.

Dagskrá þessi var frumflutt í marsmánuði norður í Skagafirði og var þá gerður að henni góður rómur. Hún var síðan endurtekin í Sauðárkrókskirkju á föstudaginn langa fyrir troðfullu húsi. Höfundur og ritstjóri textans er Agnar H. Gunnarsson á Miklabæ í Skagafirði en Stefán R Gíslason, söngstjóri og tónskáld, hefur tónsett sýninguna fyrir kórinn. Myndefni er hannað af Kára Gunnarssyni. Agnar flytur textann og bregður sér í hlutverk skáldsins en auk hans taka fleiri lesarar þátt í dagskránni þar á meðal niðji skáldsins og nafni, séra Hjálmar Jónsson, sem er langa-langa-langafabarn hans.

Dagskráin í Salnum hefst kl. 20.

MINNIST NAFNA SÍNS Hjálmar Jónsson tekur þátt í dagskrá Karlakórsins Heimis um langa-langa-langafa sinn, Bólu-Hjálmar.

> Ekki missa af...

tónleikaferð **Sprengjuhallarinnar** sem fagnar sumri um víðan völl. Í kvöld leikur hljómsveitin á **Græna hattinum** á **Akureyri** en annað kvöld er stefnan sett á **Sauðárkrók**. Íbúar á **Egilsstöðum** og nærsveitum fá notið spilamennsku þessarar yfirlýstu undrasveitar á föstudagskvöldið. Því næst er komið að **Vestmannaeyingum** og í næstu viku leika félagarnir á **Selfossi** og í **Reykjanesbæ**.

Breyttar áherslur í útgáfu

Nú er Vika bókarinnar hafin og því við hæfi að leggjast í grúsk. Þegar horft er til íslenskra útgáfumála kemur margt forvitnilegt í ljós, til dæmis að hér á landi koma að meðaltali út fjórar bækur í viku hverri.

GJÖRIÐ ÞIÐ SVO VEL Bækurnar bíða lesfúsra en fjöldi nýrra kilja er nú fáanlegur í verslunum.

Þegar rýnt er í töluyfirlit um útgáfu á Íslandi sem Landsbókasafnið tekur saman kemur í ljós að á árunum 1999-2005 hefur safnið skráð 13.797 rit af öllu tagi í safnkost sinn. Þar er átt við efni sem gefið er út á Íslandi, óháð tungumáli, sem borist hefur safninu til skráningar. Það skal þó tekið fram að listinn er ekki tæmandi því safninu berast ekki öll útgefin rit. Í þessari tölu eru heimildir um 10.540 útgefnar bækur á þessu sjö ára tímabili auk hljóðrita, nótna, tölvugagna, tímarita, korta og myndefnis.

Fleiri bækur á markað

Ef leikið er frekar með þessar tölur má áætla að ár hvert komi að meðaltali út um 1500 bækur hér á landi eða 4,12 bækur á dag. Samkvæmt heimildum Félags íslenskra bókaútgefenda gæti þessi tala þó verið hærri því það sem af er þessu ári hafa þegar komið út 92 bækur eða rúmlega sex bækur í hverri viku að meðaltali. Kristján Bjarki Jónasson, formaður félagsins, segir tölur þessar mun hærri en flestir geri sér grein fyrir.

Þó svo að fjöldi útgefinna bóka hér á landi samkvæmt yfirlitinu taki ekki miklum breytingum milli ára bendir Kristján á þá staðreynd að auglýstum bókum í Bókatíðinum félagsins hafi fjölgað verulega, til dæmis hafi titlum þar fjölgað um þrjú hundruð síðustu tíu árin. „Inn í meðaltali Landsbókasafnins eru auðvitað fjöldamörg rit sem ætluð eru til kennslu, fræðslurit stofnana og ýmsar sérútgáfur en tölurnar í Bókatíðindum þýða að sífellt fleiri ætla nú útgáfur sínar á almennan markað," útskýrir Kristján.

Ávísun á lestur

Félag íslenskra bókaútgefenda stendur nú að átaksverkefninu Þjóðargjöfin ásamt bóksölum og Glitni hf. og hafa ávísanir merktar átakinu nú borist inn á heimili landsmanna. Líkt og í fyrra geta áhugasamir lesendur nýtt inneignina, að andvirði 1.000 krónum, til kaupa á bókum en hver sá sem kaupir bækur útgefnar á Íslandi fyrir upphæð sem nemur 3.000 krónum eða meira getur nýtt ávísunina sem innborgun. Gildistími ávísananna er til 7. maí en tapist ávísunin eða ef heimilisfólk vill nýta sér fleiri ávísanir til að kaupa fleiri bækur má nálgast aukainneignir í útibúum Glitnis.

„Hugmyndafræði átaksins er sem fyrr að vekja athygli á lestri barna og unglinga. Það er óumdeilt að lestur er lykill að námshæfni og lestrarskilningur meginforsenda fyrir aðgangi barna og unglinga að flóknu samfélagi nútímans," segir Kristján. Aukinheldur nýtir félagið þetta tækifæri til að benda neytendum á fjölbreytt úrval af bókum og nýjum ritum sem komið hafa út að undanförnu. Markmiðið með ávísunum er einnig að ýta undir „vormarkaðinn" í bókaútgáfunni sem gerir útgefendum mögulegt að gefa út frumútgáfur á þessum árstíma.

Kristján bendir á þá þróun sem orðið hefur í útgáfu á þýddum kiljum. „Innbundnar kiljur eru á undanhaldi, það er ekkert flóknara. Það er spurning um hversu lengi þær verða gefnar út í slíku formi," segir Kristján. „Það þýðir að það þarf að selja fleiri eintök af hverri bók til þess að dæmið gangi upp því útsöluverðið er mun lægra." Á níunda áratug síðustu aldar voru innbundnar þýðingar stór hluti af útgáfumarkaðnum en sú staða er breytt, til dæmis vegna þess að nú kjósa sífellt fleiri að kaupa erlendar bækur á netinu.

„Þeir sem eru á annað borð að lesa erlendar bækur gera meiri kröfur til þess að þær séu „neysluvara", þær séu ódýrar og fólk geti lesið þær og síðan náð í þá næstu." Kristján áréttar að þannig sé vorútgáfa forlaganna nú með áherslu á bækur sem lesendur kaupa til eigin afnota fremur en að útgáfan miðist við bækur til gjafa líkt og algengt er í jólabókaútgáfunni. „Þjóðargjafarátakið er dálítið stílað inn á það, að fólk kaupi bækur fyrir sig eða sína nánustu."

Átakið í fyrra heppnaðist vonum framar að sögn Kristjáns en þá voru leystar út um 10.000 ávísanir í átakinu eða rúm 9% þeirra sem gefnar voru út. „Það er miklu meira en við þorðum nokkurn tíma að vona," segir Kristján og útskýrir að það markmið þeirra að 6% af ávísununum yrðu nýttar hefði þótt fremur djarft á þeim tíma.

Aðstandendur átaksins einsetja sér að jafna þann árangur í ár eða gott betur og þá er bara spurning hvort lesendur taki ekki við sér og hampi Þjóðargjöfinni í næstu bókabúð.

- khh

VEKJA ATHYGLI Á GILDI LESTURS Kristján Bjarki Jónasson er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

LESIÐ Í TÖLUR

■ Þegar horft er til skáldrita á yfirliti Landsbókasafnsins kemur í ljós að á sjö ára tímabili komu út um 1.300 þýdd skáldverk og um 700 frumsamin skáldrit á íslensku en inni í þeim tölum eru einnig barnabækur. Útgefnum skáldsögum hefur fjölgað jafnt og þétt á árabilinu og árið 2005 skráði Landsbókasafnið 325 skáldsögur, þýddar og frumsamdar, í safnkost sinn. Fjöldi útgefinna ljóðabóka hér á landi stendur nokkuð í stað ef marka má listann en árið 2005 skráði safnið inn 82 nýjar ljóðabækur sem útgefnar voru hérlendis.

■ Samkvæmt heimildum frá Borgarbókasafninu voru um 900.000 rit, utan tónlistar og myndbanda lánuð út á vegum safna þeirra á síðasta ári en það jafngildir því að í hverjum mánuði hafi notendur safnanna fengið um 75.000 rit að láni.

Do you want to study Computer Science or IT?

- Do you want to study in Denmark?
- Do you want to study in Denmark in an international environment?
- Are you looking for a programme which gives you good job opportunities?
- Are you interested in Computer Science or IT?
- Are you looking for a short education at university level?

Do as Hrund Brynjólfsdóttir and other young students.

Every year The Academy of Southern Denmark in Sønderborg welcomes students from Iceland. Come and join us! Sønderborg has an active "Íslendingafélag".
Visit our website **www.sdes.dk** to read more about your future in Denmark.

Syddansk Erhvervsakademi

Grundtvigs Allé 88
DK-6400 Sønderborg
Tlf. +45 7412 4141
www.sdes.dk

NÝJAR BÆKUR

Forlagið Salka gefur út barnabókina Sólskinsbarn eftir Huldu Ólafsdóttur. Höfundurinn hefur skrifað fjölmörg leikrit og leikstýrt áhugaleikhópum. Nýlega var frumsýnt nýtt verk eftir hana í Keflavík. Karli Theódóri finnst gaman í leikskólanum og enn skemmtilegra þegar hann byrjar í fyrsta bekk. Ævintýrin eru sífellt handan við hornið og hann hefur brennandi áhuga á öllu í kringum sig, hvort sem það er sandkassaleikur, skólalífið, fótbolti eða heimsmálin. Sólskinsbarn gefur hlýlega og raunsæja mynd af veröld barna í dag og er tilvalin saga fyrir litla lestrarhesta því hún er með stóru letri og fallegum teikningum eftir Jean Antoine Posocco.

Fyrra tölublað þessa árs af tímaritinu Börn og menning er komið út. Í blaðinu eru birtar greinar um barnabókmenntir, tónlist, leiklist og ýmislegt fleira sem tengist barnamenningu.eðal efnis í þessu nýjasta hefti má nefna grein eftir Ármann Jakobsson um hina sígildu sögu um Stubb eftir Bengt og Grete Janus Hertz, Guðrún Hannesdóttir skrifar um gamla húsganga og lausavísur, Þorgerður E. Sigurðardóttir fjallar um hinar sívinsælu Nancy-bækur og einnig skrifar hún grein um þróun Latabæjar frá leiksviði til stafræns myndefnis og Ævar Örn Jósepsson skrifar grein með yfirskriftina „Hetjur og varðeldar", þar sem hann rifjar upp lestur sinn af sígildum drengjabókum. Sigfríður Gunnlaugsdóttir skrifar um barnæskuna í Malaví, Margrét Örnólfsdóttir, Harpa Jónsdóttir og Dr. Gunni fjalla um nýlega útgefið tónlistarefni og Bjarni Guðmarsson skrifar um leikritið Abbababb. Þá eru einnig í blaðinu greinar um nýlegar barnabækur eftir Arndísi Þórarinsdóttur, Ingólf Gíslason og fleiri. Börn og menning kemur kemur út tvisvar á ári á vegum Íslandsdeildar IBBY-samtakanna. Ritstjóri er Þórdís Gísladóttir.

Listasafn Íslands gefur út rit í tilefni af yfirlitssýningum Jóns Engilberts og Jóhanns Briem sem nú standa yfir í húsakynnum safnsins við Fríkirkjuveg. Í bók um Jóhann Briem skrifar dr. Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, grein um málarann en Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur skrifar grein um Jón. Greinarnar eru prentaðar á íslensku og ensku. Aðfararorð ritar Harpa Þórsdóttir listfræðingur sem er sýningarstjóri sýninganna. Báðar bækurnar eru prýddar fjölda litmynda af verkum eftir listamennina. Bækurnar eru til sölu í Safnbúð Listasafnsins á tilboðsverði meðan á sýningunum stendur.



Ævintýri fyrir eina krónu

Í tilefni af stórafmæli Leikfélags Akureyrar verður efnt til leiklesturs á hinu sígilda verki Ævintýri á gönguför í Samkomuhúsinu í kvöld.

Á morgun verða liðin 90 ár frá stofnun Leikfélags Akureyrar sem starfað hefur sem atvinnuleikhús frá árinu 1973 en fyrr í vetur var einnig haldið upp á 100 ára afmæli Samkomuhússins. Fyrrgreint verk hefur tíu sinnum verið sett upp á Akureyri en að sögn Þráins Karlssonar, leikara og leikstjóra kvöldsins, er Ævintýri á gönguför líklega það verk sem oftast hefur verið sett upp á íslenskum fjölum. „Þetta verk naut gríðarlegra vinsælda og var leikið úti um allar koppagrundir," segir Þráinn kátur en sjálfur lék hann tvívegis í verkinu í uppfærslu LA árið 1960 og 1974.

Ævintýri á gönguför var fyrst flutt á íslensku árið 1882 í Gildaskálanum í Reykjavík en áður hafði það verið leikið hérlendis á dönsku. Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili þýddi þennan söngvaleik Christians Hostrups en síðar voru gerðar nokkrar endurbætur á þýðingunni.

„Þetta er nú svolítil sápa síns tíma. Þetta er alþýðlegt leikrit með söngvum og fjallar um gott og illt, það gengur ýmislegt á en allt fer vel að lokum – skúrkurinn leiðist til betri vegar og allt fellur í ljúfa löð," segir Þráinn. Tíu leikarar munu flytja þennan gleðileik við undirleik Arnórs Vilbergssonar og ættu glöggir áhorfendur þá að heyra kunnugleg stef því sum laganna eru vel þekkt, til dæmis vonarbragurinn „Ég vil eignast kærustu" sem reggísveitin Hjálmar hljóðritaði nýverið.

Miðaverðinu er stillt í hóf því í tilefni af afmæli leikfélagsins verður aðgangseyririnn sá sami og þegar verkið var frumsýnt, fyrst allra, í Samkomuhúsinu fyrir hundrað árum. Það kostar bara krónu inn og því vissara að tryggja sér sæti í tíma.

- khh

ÞRÁINN KARLSSON LEIKARI OG LEIKSTJÓRI KVÖLDSINS Þótti afar gaman að rifja upp kynni sín af leikritinu Ævintýri á gönguför.

Við skulum vinna saman

Við bjóðum ykkur velkomin á kosningaskrifstofur Sjálfstæðisflokksins sem verða opnaðar í öllum hverfum borgarinnar á næstu dögum. Komið við hjá okkur og vinnum saman í baráttunni sem framundan er eða fáum okkur kaffi og ræðum um það sem skiptir mestu máli: framtíðina.

Árbær - Grafarholt
Félagsheimi Sjálfstæðisflokksins Hraunbær 102b — Opið

Hóla - Fellahverfi , Skóga – Seljahverfi, Bakka – Stekkjahverfi
Félagsheimi Sjálfstæðisflokksins, Álfabakka 14a – Mjóddin — 18. apríl kl. 15:00

Smáíbúða – Bústaða – Fossvogshverfi – Háaleitishverfi, Hlíða – Holtahverfi, Heimdallur og Hvöt, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7 — 19. apríl kl. 15:00

Laugarnes – Túnahverfi og Langholtshverfi
Langholtsvegi 43 í húsi Landsbankans — 19. apríl kl. 16:30

Nes – Melahverfi, Vestur – Miðbæjarhverfi, Austurbær – Norðurmýri
JL-húsinu, Hringbraut 119 — 21. apríl kl. 14:00

Grafarvogur og Kjalarnes
Félagsheimili Sjálfstæðisflokksins, Hverafold 5, 2. hæð — 22. apríl kl. 16:00

Óperuídívurnar Davíð og Stefán koma fram við opnun á öllum kosningaskrifstofunum - Veitingar í boði

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Í kvöld kl. 20 UPPS. Í kvöld kl. 22:30
Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Þri 24/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20
Síðustu sýningar

LADDI 6-TUGUR
Fim 19/4 kl. 14 UPPS. Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS. Lau 5/5 kl. 14
Fim 10/5 kl. 22:30 Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl. 20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 UPPS. Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS. Sun 29/4 kl. UPPS.
Fim 3/5 kl. 20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20
Fim 10/5 kl. 20 Fös 11/5 kl. 20
Lau 12/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

DAGUR VONAR
Fim 19/4 kl. 20 UPPS. Fim 26/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20 Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Fim 24/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Grænn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 29/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus.**
Síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 19/4 **nokkur sæti laus**, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4 **uppselt, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.**
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Lau. 21/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4, lau. 5/5. **Umræður eftir sýningu með Jóhönnu Kristjánsdóttur 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.**

Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning í kvöld mið. 18/4 **uppselt,** fim. 19/4 **uppselt,** fös. 20/4 **uppselt,** lau. 21/4 **örfá sæti laus,** fim. 26/4 **uppselt,** fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **örfá sæti laus,** sun. 29/4 **örfá sæti laus,** fim. 3/5 **uppselt,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus**. sun. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 örfá sæti laus, þri. 1/5 kl. 16:00, mið. 2/5 kl. 20:00.

Þjóðleikhúskjallarinn
LJÓTU HÁLFVITARNIR - Ein skemmtilegasta hljómsveit landsins!
Lau. 21/4 kl. 22:00. **Miðasala við inngangin. Miðaverð kr. 1.500,-**
LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR - Þetta mánaðarlega
Sun. 22/4 og fim. 26/4. **Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-**

Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00 á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00. Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

Saga af týndri festi

LEIKLIST
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette
Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins
Leikstjóri: María Sigurðardóttir / Leikarar: Edda Arnljótsdóttir, Arnar Jónsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir
★★★
Þrír leikarar í verki með erindi standa sig af mikilli prýði.

Hálsfesti Helenu heitir kanadískt verk sem Þjóðleikhúsið frumsýndi á föstudag á Smíðaverkstæðinu. Höfundurinn er kona, leikskáld á miðjum aldri sem fór til Líbanon og samdi verkið eftir skamma dvöl þar. Leikarar eru þrír, allir þrautreyndir, og leikstjóri María Sigurðardóttir. Hún leikstýrir nú í fyrsta sinn hjá Þjóðleikhúsinu eftir langan feril í kvikmyndaleikstjórn og starfa hjá ýmsum leikhópum, meðal annars hjá Leikfélagi Reykjavíkur þar sem henni var gefið tækifæri til starfa undir leikhússtjórn Þórhildar Þorleifsdóttir.

Því er við það staðnæmst að konur í leikstjórastétt hafa um langan aldur átt erfiðara með að komast að, þótt saga borgaralegs leikhúss á Íslandi hafi frá upphafi verið rík af þátttöku kvenna í þessu erfiða fagi: þar var Stefanía Guðmundsdóttir brautryðjandinn en fleiri fylgdu, Soffía Guðlaugsdóttir, Hildur Kalman, Ragnhildur Steingrímsdóttir, Brynja, Bríet og Þórhildur, Kristín Magnús, Þórunn Sigurðardóttir og svo hinar yngri. Raunar munu konur í leikstjórastétt hafa fengið flest verkefnin þar í húsi í tíð Gísla Alfreðssonar.

Þetta er kvennasýning: Edda Arnljótsdóttir leikur konu frá köldu landi sem er á ráðstefnu í Líbanon: hún týnir hálsfesti sem henni er kær og leitar hennar á viðkomustöðum sínum og hittir í leit sinni fólk í hinu stríðshrjáða landi. Guðrún Gísladóttir fer með lítið en áhrifamikið kvenhlutverk, en Arnar Jónsson leikur fjögur hlutverk karla sem koma við sögu: raunar sést á frammistöðu þessara þriggja að þeim er í mun að koma boðskap verksins á framfæri, efni þess og erindi snertir þau á þann veg og þau miðla þeirri reynslu sinni af skapfestu. Sýningin verður býsna áhrifamikil á köflum en sviðsetningin er afar hefðbundin, beisli sett á konuna vestrænu en er í forsendum leiksins ekki gefinn laus taumur, form verksins felst ekki í átökum heldur ferðasögu sem er rakin í nokkuð þýðingarkenndu talmáli Hrafnhildar Hagalín. Það eru aðeins tveir karlmenn sem koma að sýningunni, þrettán konur.

Verkið gerir ekki annað en að tæpa á þeim langvinna hryllingi sem Líbanon hefur mátt þola, bendir ekki á hina seku, staðhæfir aðeins hið augljósa: við getum ekki lifað svona lengur. Það var löngu fullljóst þótt við lokum augum og eyrum fyrir þjáningu þeirra sem búa milli Tyrkja, Ísraelsmanna og Sýrlendinga. Beirút: the last home movie sem hér var sýnd í sjónvarpi 1989, látlitlar fréttir, síðast fréttamyndir, sem þaggað var niður í, frá síðustu innrás inn í landið sunnanvert ættu að hafa fært hverju mannsbarni heim þann sannleik. Leikurinn er því þörf áminning um svívirðu sem allir vita af. Þann leik getum við ekki skakkað nema með skýrri utanríkisstefnu sem er í máttlausum höndum og samtakamætti annarra þjóða sem þora að rísa gegn yfirgangi Ísraels á svæðinu.

Hálsfesti Helenu er snoturlega unnin leiksýning en það er byggt í verkið átakaleysi sem megnar ekki að draga fram hin stóru skil sem skapa þessu landi slík örlög.

Páll Baldvin Baldvinsson

Hundur, naut og heimsendir

Listamaðurinn Matthew Barney hristi upp í menningarlífinu í New York á dögunum ef marka má lýsingar blaðamanns tímaritsins New York Magazine. Þar kemur fram að um tvö hundruð áhorfendur, þar á meðal hans ektakvinna Björk, hafi verið viðstaddir dýónísískan gjörning Barneys í yfirgefinni vöruskemmu þar sem listamaðurinn framdi frumlegan uppskurð á Chrysler-bifreið, með hund spenntan á höfði sér. Fjarlægði listamaðurinn vélarhluta bílsins og kom þeim fyrir í krukkum hliðstæðum þeim er geyma síðustu líkamsleifar manna.

Blómaskreytt og gullinhyrnt naut tók einnig þátt í uppákomunni en óljóst er af lýsingunum að dæma hvað nautið vildi upp á bílinn eða hvort því tókst ætlunarverk sitt. Önnur fylgismeyja nautsins, svartklædd en lítt hulin neðan, er síðan sögð hafa migið í gylltum boga á nálæga steinsteypu. Hin á að hafa reynt að gera slíkt hið sama en ekki tekist enda var afar kalt þegar gjörningurinn var framinn.

Er uppákomunni lýst sem kosmískri blöndu af egypskri jarðarför, heimsendi, vúdú-helgiathöfn, klámmynd og klessubílakeppni. Af skrifum blaðamannsins Jerry Saltz að dæma var þetta vel heppnað hjá listamanninum og til marks um þau undur sem geta átt sér stað í borginni.

- khh

KRUFÐI CHRYSLER-BIFREIÐ Listamaðurinn Matthew Barney fer ekki troðnar slóðir.

CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir Miðaverð kr. 2.500

SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Stórsveit Suðurnesja, „Tenórinn" o. fl. góðir gestir Miðaverð kr. 3.000

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

15 16 17 18 19 20 21

Miðvikudagur

TÓNLEIKAR

- 20.30 **Anna Sigríður Helgadóttir** og **Jónas Þórir** halda tónleika í **Fríkirkjunni** í **Reykjavík**. Á efnisskránni er tónlist sem flutt hefur verið við ýmiskonar athafnir í kirkjunni. Í andyrinu verður söfnunarbaukur og það sem safnast í hann verður gefið til Félags **krabbameinssjúkra barna**.

SÝNINGAR

- 09.00 í **Þjóðarbókhlöðunni** stendur yfir sýning á bókverkum eftir rithöfundinn **Sigurð Pálsson** og franska listamanninn **Bernard Alligand.**
- 11.00 í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** stendur yfir yfirlitssýning á verkum myndlistarmannsins **Rúríar**. Sýningin stendur til 6. maí.
- 13.00 Myndlistarmaðurinn **Spessi** sýnir í **Gallerí Anima** í **Ingólfsstræti**.
- 13.00 í **SAFNI** við **Laugaveg** stendur yfir sýning franska myndlistarmannsins **Mathieu Copeland Exhibitions' ruins / Emotional Landscapes**. Sýningin byggist á leifum eða rústum eldri sýninga. Hún stendur til 13. maí.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason

20. apr fös. 9 sýning **kl. 20**
21. apr lau. 10 sýning **kl. 20**
26. apr fim. 11 sýning **kl. 20**
27 apr fös. 12 sýning **kl. 20**
28 apr lau. 13 sýning **kl. 20**

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Viðburðir Landnámssetur í apríl

mið 18. apríl kl.20
Mr.Skallagrímsson **uppselt**
fi 19. apríl kl. 20 Mýramaðurinn **Laus sæti**
fö 20. apríl kl. 20 Mr Skallagrímsson **uppselt**
lau 21. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
su 22. apríl kl. 16
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
má 23. apríl kl. 20
Brúðuleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
fö 27. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
lau.28.apríl kl 16 **aukasýning**
Mr.Skallagrímsson **uppselt**
lau. 28. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su. 29 aprríl kl. 16 **aukasýning**
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su 29. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsíngar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Britney kaldhæðin í nýju myndbandi

Britney Spears virðist síður en svo dauð úr öllum æðum en söngkonan óútreiknanlega lét gamninn geisa fyrir framan myndatökumann í Bel Air nýverið. Ef marka má myndbandið virðist Britney vera búin að fá nóg af allri umfjöllun um sig og hefur augljóslega látið á sjá eftir allt fjölmiðlafárið í kringum hana undanfarið ár. Spears hefur enda farið í tvær meðferðir, er skilin við K-Fed, er sögð vera samkynhneigð og þarf á öllu sínu að halda til að fríska upp á feril sinn sem söngkona.

Breska blaðið The Sun birtir myndbandið í fullri lengd á heimasíðu sinni en þar hrósar Spears meðal annars umboðsskrifstofu sinni fyrir að hafa sent sig í meðferð. „Þeir vissu nákvæmlega hvað þeir voru að gera," sagði Britney við spyrilinn og glotti við tönn. Hins vegar herma nýjustu fréttir frá Bandaríkjunum að Britney hafi rekið umboðsmann sinn, Larry Rudolph, á föstudaginn fyrir þær sakir að hafa gert henni að leita sér hjálpar.

BRITNEY SPEARS Er augljóslega í vígahug og sendi fjölmiðlum tóninn í stuttu myndbroti.

Þá gerði hún einnig meinta óléttu sína að umtalsefni en bandarískir fjölmiðlar hafa ýjað að því að Britney ætti von á barni. „Í Bandaríkjunum eigið þið að trúa öllu sem þið lesið. Ég er heimsk og þið eruð klár," sagði Britney og rétti upp tvo þumla til merkis um að allt væri eins og það ætti að vera.

Að endingu minntist Britney á fund sem hún átti við eldri konu. „Hún sagði mér að leita ljóssins og fela mig örmum Jesú Krists. Ó guð, það er nákvæmlega það sem ég ætla að gera," sagði Britney og brosti til umheimsins.

UNGUR ALDUR EKKERT VANDAMÁL Manson segir það ekki trufla sig að kærasta hans sé 19 árum yngri en hann.

Fann sálufélaga sinn

Marilyn Manson segist hafa fundið sálufélaga sinn í núverandi kærustu sinni, hinni kornungu Evan Rachel Wood. Í viðtali við Le Parisien segir Manson leikkonuna vera tvíbura sinn. Manson og burlesque-dansarinn Dita Von Teese slitu samvistum um jólin, eftir eins árs hjónaband. Skilnaðinum fylgdi orðrómur um að samband Manson við Wood hefði haft mikil áhrif á Von Teese.

Manson segir ungan aldur ástkonu sinnar ekki trufla sig, en sjálfur er hann 38 ára gamall. Hann segir Wood skilja sig, á meðan Von Teese hafi reynt að breyta honum. „Vissulega er hún mjög ung," sagði Manson, „en mér finnst það ekkert vandamál."

Heitur dans Heather heillar ekki Breta

Heather Mills hefur unnið hug og hjörtu bandarískra áhorfenda í sjónvarpsþættinum Dancing with the Stars en það hefur hins vegar ekki breytt áliti landa hennar í Bretlandi sem enn telja hana flagð undir fögru skinni.

Árangur Heather Mills í raunveruleikaþáttunum hefur komið flestum í opna skjöldu enda Mills fyrsti þátttakandinn sem dansar með aðstoð gervifótar. Heather hefur verið kosin áfram fjögur kvöld í röð en í gærkvöldi var fimmti þátturinn sýndur á ABC-sjónvarpsstöðinni. Og allt stefndi í að Mills yrði meðal þeirra sem berjast um sigurinn. Framleiðendur þáttanna eru himinlifandi með Heather enda hafa samtök fatlaðra í Bandaríkjunum lýst yfir miklum stuðningi við Mills og hvetja hana óspart áfram. Hún sýni með þessu að fötlun sé engin hindrun.

Þessi óvænta frægð og velgengni Mills í Bandaríkjunum hefur þó ekki hrifið breska landa hennar. Þeir hafa enn horn í síðu þessarar fyrrverandi eiginkonu Pauls McCartney en dómstólar í Bretlandi taka nú fyrir skilnað hjónakornanna fyrrverandi sem gæti orðið sá sjötti dýrasti í sögunni. „Sú staðreynd að henni gengur vel í Bandaríkjunum hefur lítið með það að gera hvaða skoðanir fólk í Bretlandi hefur á henni," segir Max Clifford, fjölmiðlafulltrúi í Bretlandi, í samtali við USA Today. „Hún hefur aldrei verið vinsæl hérna og Bretar munu alltaf efast um heilindin bak við hjónaband hennar og sir Pauls," bætir Clifford við. „Og þegar þú átt í fjölmiðlastríði við eina vinsælustu og dáðustu persónu allra tíma þá munt þú alltaf verma annað sætið."

USA Today greinir jafnframt frá ófrægingarherferð breskra blaða á hendur Mills en nú síðast um helgina greindi News of the World frá því að Mills hefði tekið þátt í fjölmennri kynlífsathöfn ásamt arabískum prins á sínum yngri árum. Enda hefur blaðið haldið því fram á síðum sínum að Mills hafi verið háklassa fylgdarkona á árum áður. „Mills gæti náð sér aftur á strik í Bretlandi með því að semja við Paul eins og fljótt og eins ódýrt og mögulega er," segir Clifford. „Aðeins þannig gætu Bretar hugsanlega tekið hana í sátt."

Fjölmiðlafulltrúi Mills, Michele Elysabeth, sagði hins vegar við Usa Today að óvinsældir Mills heimafyrir væru það síðasta sem hún hugsaði um. „Heather ætlar bara að gera sitt besta í þessum þáttum og hún einbeitir sér af fullum krafti að því núna," sagði Elysabeth.

HEATHER MILLS Hefur unnið hug og hjörtu Kanans en Bretunum er sem fyrr í nöp við þessa fyrrverandi eiginkonu Pauls McCartney. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Hjólbarða í rétta rás

H2 hönnun

Við kaup á hjólbörðum er innheimt úrvinnslugjald. Það er notað til að greiða fyrir meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun hjólbarða eftir að notkun þeirra lýkur. Einstaklingar og fyrirtæki geta því skilað ónýtum hjólbörðum án þess að greiða sérstakt gjald fyrir eyðingu eða förgun þeirra.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is

Nektarmyndir af Moss á uppboði

Tvær nektarmyndir af ofurfyrirsætunni Kate Moss verða seldar á uppboði hjá Christie´s 31. maí næstkomandi, ásamt öðrum myndum sem ekki hafa verið birtar áður. Önnur nektarmyndin er eftir hinn víðfræga tískuljósmyndara Irving Penn og telja starfsmenn Christie´s að hún verði slegin á sem samsvarar um þremur milljónum íslenskra króna. Hina myndina tók Albert Watson og búist er við því að hún fari á rúmlega tvær milljónir. Myndasyrpa eftir Chuck Close, sem samanstendur af sex myndum af ómálaðri Moss, fer væntanlega á svipaða upphæð.

Á meðal myndanna á uppboðinu er ljósmynd sem Corinne Day, vinkona fyrirsætunnar, tók af henni aðeins tveimur árum eftir að Moss var uppgötvuð. Önnur mynd eftir Day, sem birtist í Vogue árið 1993, er talin hafa komið „heroin chic" útlitinu upp á pallborðið og fer því væntanlega líka fyrir fúlgur fjár.

Ferill Kate Moss hófst þegar Sarah Doukas, stofnandi Stormumboðsstofunnar, sá hana á flugvelli á leið heim frá Bahamaseyjum. Moss var þá fjórtán ára gömul. Myndir sem ofannefnd Corinne Day tók af fyrirsætunni fyrir breska tímartitið The Face, þegar Moss var fimmtán ára, urðu hins vegar til að koma henni á kortið.

ÁHRIFAMIKIL Á meðal myndanna á uppboðinu er ljósmynd Corinne Day af Moss, sem talin er hafa markað upphaf „heroin chic"-útlitsins sem tröllreið tískuheiminum.

SÉRFRÆÐINGUR Í LÍKAMSVÖRUM

tryggir þér heilbrigða og fallega húð

BIOTHERM

KYNNINGAR Í LYF & HEILSU

AUSTURVERI OG JL-HÚSINU (HRINGBRAUT)

MIÐVIKUDAGINN 18. OG FÖSTUDAGINN 20. APRÍL

FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á SNYRTIVÖRUM ÚT FRÁ ÞINNI HÚÐGERÐ OG ÞÍNUM ÞÖRFUM.

Kynntar verða ýmsar spennandi vörur:

- **NUTRISOURCE** nærandi krem sem byggir upp þurra húð og ver hana gegn kulda og vindi.
- **CELLULI INTENSE PEEL** gelið losar um vökvauppsöfnun, grennir, styrkir og vinnur gegn appelsínuhúð.
- **HIGH RECHARGE** rakakremið gerir húðina frísklega og rakafyllta. Sannkallað orkuskot fyrir húð karlmanna.
- **AQUASOURCE SUPERSERUM** er einstaklega rakagefandi og húðin verður rakafyllt, frískleg og endurnærð.

Líttu við á BIOTHERM kynninguna og fáðu persónulega ráðgjöf.

Allir sem koma á kynninguna fá lúxusstærð af líkamsvöru og bækling á íslensku, um fjórtán daga prógramm sem hjálpar þér að fá fallegri línur.

Glæsilegir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru 2 vörur frá BIOTHERM.

Lyf & heilsa - Austurveri
Sími: 581 2101

Lyf & heilsa - JL-húsinu (Hringbraut)
Sími: 561 4600

Lyf & heilsa
Við hlustum!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

HILLS HAVE EYES 2	kl. 5.50, 8 og 10. 10 B.I. 18 ÁRA
HILLS HAVE EYES 2 SÝND Í LÚXUS	kl. 5.50, 8 og 10. 10
PERFECT STRANGER	kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA
SUNSHINE	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 5, 7, 9 og 11
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 4
TMNT	kl. 4, 6, og 8 B.I. 7 ÁRA
SCHOOL FOR SCOUNDRELS	kl. 10

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

HILLS HAVE EYES 2	kl. 6, 8 og 10 B.I. 18 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA
SUNSHINE	kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
THE SCIENCE OF SLEEP	kl. 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6
TMNT	kl. 6 B.I. 7 ÁRA

Borgarbíó SÍMI 462 3500

SHOOTER	kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

450 kr. í bíó! Gilda á alla sýningar! Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað

Gömul en ágæt glæpauppskrift

Grand Theft Auto: Vice City Stories er afskaplega klassískur GTA-leikur. Hann er alveg jafn ofbeldisfullur og fyrirrennarar hans, verkefnin eru svipuð og áður og grafíkin hefur ekki tekið neinum stakkaskiptum. Hann kom út fyrir handleikjatölvuna PSP fyrir nokkru, og er nú kominn á PlayStation 2.

Sögusvið leiksins er Vice City borgin, og gerist hann tveimur árum áður en GTA: Vice City, sem kom út fyrir nokkrum árum. Leikmaðurinn spilar sem Vic Vance, bróðir Lance Vance, aðalpersónunnar í GTA: Vice City. Vic hefur gengið í herinn til þess að þéna pening fyrir fjölskyldu sína, og að áeggjan yfirmanns síns fer hann að sinna æ skuggalegri verkefnum og flækist vegna þess í blóðugan og ofbeldisfullan söguþráð.

Sagan er ágæt, en persónusköpunin ansi slöpp. Frá byrjun fær maður að heyra að Vic sé góður gaur sem vill ekki brjóta lög, en þrátt fyrir það hreyfir hann ekki við mótmælum þegar hann er beðinn um að skutla vændiskonum hingað og þangað, fela fíkniefni og drepa hóp Mexíkóa vegna fíkniefnaskuldar. Fyrir vikið á maður frekar erfitt með að taka persónuna alvarlega.

Hvað spilunina varðar er fátt nýtt á ferðinni, sem er ekkert endilega slæmt. Borgin er stór, frelsið er mikið og það þreytist seint að slátra löggum og saklausum fótgangendum með fjölbreyttu vopnabúri. Hljóðið er áberandi gott og í raun hápunktur leiksins. Raddsetningin er raunveruleg og tónlistin er skemmtilegur þverskurður af rokk-, popp-, dans- og hiphop-tónlist níunda áratugarins.

Þeir sem hafa spilað alla hina GTA-leikina og þyrstir í meira munu eflaust hafa nokkuð gaman af þessum leik.

Sagan er ágæt og leikurinn spilast eins og klassískur Grand Theft Auto-leikur. Ekki spillir fyrir að hann kostar aðeins þrjú þúsund kall úti í búð.

Aðrir ættu sennilega að sleppa honum og spila frekar GTA: San Andreas. Eða bara ekki spila svona ofbeldisfulla tölvuleiki.

Salvar Þór Sigurðarson

TÖLVULEIKIR

GTA: Vice City Stories

Annar GTA-leikurinn sem kemur upphaflega út fyrir PSP og er fluttur yfir á PlayStation 2. Kemur ekki með neitt nýtt til borðsins, en það sleppur því borðið var alveg ágætt fyrir. Ódýr.

★★★

Lily fer heim

Breska söngkonan Lily Allen hefur aflýst tónleikaferð sinni um Bandaríkin. Ástæðan er ofþreyta og óánægja með eigin frammistöðu á tónleikum. Lily Allen hætti við tónleika í New York í síðustu viku og nú hefur hún endanlega gefist upp. „Ég er búin að vera á ferðinni í heilt ár og er bara komin með nóg," segir hún.

LILY ALLEN Hætt við tónleikaferð sína um Bandaríkin.

www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6934

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Dansað á Barnum í kvöld

„Við ætlum að fagna sumarkomunni í kvöld á miðnætti og fara aftur af stað með „Dansa meira"-kvöldin sem við vorum með sumarið 2005 og gengu rosavel," segir Helgi Már Bjarnason Partyzone-maður og einn skipuleggjenda kvöldanna. „Í kvöld spila Jack Schidt, sem er DJ Margeir, DJ Lazer, sem er Jón Atli úr Hairdoctor, og þýsk stelpa sem kallar sig Miss Chernobyl. Aðalmálið hjá okkur er að fá alla til að dansa. Við ætlum að hafa þetta á frekar litlum stöðum því þá næst skemmtilegri stemning. Það eru Jón Atli og Margeir sem verða þungamiðjan í þessu en við stefnum líka á að flytja inn erlenda gesti í sumar."

SPENNTUR Helgi Már í Partyzone endurvekur Dansa meira-kvöldin.

Gestir kvöldanna geta átt von á því að fá gefins geisladisk. „Jack Schidt og DJ Lazer eru búnir að setja saman svakalegan mixdisk sem verður eingöngu fáanlegur á þessum kvöldum. Við gerðum þetta líka síðast og fólk var rosalega ánægt," segir Helgi. Sumargleðin hefst kl. 23 á Barnum á Laugavegi 22.

DJ LAZER Jón Atli spilar með Dj Margeiri á Barnum í kvöld.

Frönskunámskeið

Námskeið hefjast 2. maí

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

Innritun í síma 552-3870 18.-30. apríl.

Netfang: alliance@simnet.is
Veffang: http://af.simnet.is

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

> Gunnar Berg og Gísli í Hauka

Handknattleikslið Hauka tilkynnti í gær að það hefði náð samningum við skyttuna Gunnar Berg Viktorsson og markvörðinn Gísla Guðmundsson. Þetta er mikill liðstyrkur fyrir Hauka en Gunnar Berg hefur leikið sem atvinnumaður í Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku síðustu sex ár. Hann lék með Fram áður en hann hélt utan. Gísli hefur leikið með danska liðinu Ajax Heroes í vetur en hann hefur áður leikið með Selfossi, ÍBV, ÍR og Gróttu/KR. Gísli mun sjá um markmannsþjálfun hjá Haukum samhliða því að leika með liðinu.

sport
sport@frettabladid.is

HARALDUR FREYR GUÐMUNDSSON: MEIDDUR Í BAKI STRAX Í UPPHAFI NORSKU ÚRVALSDEILDARINNAR

Verður frá næstu vikurnar hið minnsta

Keflvíkingurinn Haraldur Freyr Guðmundsson varð fyrir því óláni að meiðast í baki í síðustu viku. Hann hafði aðeins spilað einn leik með Álasundi í norsku úrvalsdeildinni sem hófst um þarsíðustu helgi.
„Það er ekki endanlega ljóst hvað ég verð lengi frá en örugglega í einhverjar vikur. Ég vaknaði allt í einu mjög stífur í bakinu á föstudagsmorgun og sennilega hef ég fengið högg á vöðvafestingu neðst í bakinu fyrr í vikunni. Þetta er það vont að ég get ekkert æft. Ég get þó gengið eðlilega en það er eina hreyfingin sem ég má stunda á næstunni," sagði Haraldur við Fréttablaðið.
Hann hefur einu sinni áður meiðst á sama stað er hann lék með öðrum flokki Keflavíkur. „Ég var þá frá í 2-3 mánuði en ég vona að þetta sé ekki eins slæmt í þetta skiptið."
Hann segir þetta vissulega vera vonbrigði og tímasetninguna slæma. „Ég hef æft vel í vetur og er í mjög góðu formi. Þetta er leiðinlegt en það er ekkert annað að gera en að taka þetta dag frá degi og vona að batinn verði skjótur."
Álasund hefur ekki gengið vel í upphafi tímabilsins og situr stigalaust á botni deildarinnar ásamt Odd Grenland.
„Við áttum reyndar ágætan leik gegn Start í fyrstu umferðinni en misstum mann út af í þegar við vorum 2-1 yfir. Við töpuðum svo leiknum 4-2."
Um helgina tapaði liðið svo fyrir Sandefjord og liggur ljóst fyrir að það er þungur róður fram undan hjá nýliðunum.
„Deildin er reyndar mjög jöfn en við höfum sett okkur það markmið að halda sæti okkar," sagði Haraldur.
Liðsfélagi hans, Brasilíumaðurinn Dede, var mikið í fréttunum í Noregi í vetur þar sem hann skilaði sér ekki eftir frí og ekkert spurðist til hans lengi vel.
„Hann kom hingað fyrir um tveimur vikum en fór aftur út strax daginn eftir. Pabbi hans er víst mjög veikur og var ákveðið að hann færi aftur til Brasilíu í launalaust leyfi. Þetta er auðvitað afar slæmt fyrir okkur þar sem hann er okkar aðalmarkaskorari. Félagið reyndi að fá annan leikmann í hans stað en það gekk illa og nú er búið að loka félagaskiptaglugganum."

KR-kórinn söng KR í gegnum mótlætið

KR-ingar voru aðeins yfir í rúmar 27 mínútur í úrslitaeinvíginu gegn Njarðvík en náðu með einstökum karakter og frábærum stuðningi í þremur síðustu leikjunum að snúa tapi í sigur í lokaleikhlutanum. Tyson Patterson fann taktinn á hárréttum tíma.

KÖRFUBOLTI Það er óhætt að segja að karakter KR-liðsins og magnaður stuðningur úr stúkunni hafi verið lykillinn að því að Íslandsmeistaratitillinn sé kominn í vesturbæinn í fyrsta sinn í sjö ár. Vesturbæjarliðið vann þrjá leiki í röð gegn sterku liði Njarðvíkur sem hafði fyrir úrslitaeinvígið aðeins tapað 4 leikjum af 29 á öllu Íslandsmótinu.

Það hefur oft einkennt stuðningsmenn íslenskra liða að styðja aðeins við bakið á þeim þegar vel gengur en það var ekki málið í þessu úrslitaeinvígi.

KR-ingar voru undir í 129 mínútur og 12 sekúndur í einvíginu eða í 78,3 prósent leiktímans. Stuðningsmenn liðsins sungu hins vegar allan tímann, þeir hættu aldrei að hvetja sína menn og hjálpuðu þeim að koma sér upp úr holunni sem þeir lentu ofan í í öllum leikjunum. Leikmenn KR-liðsins vottuðu það í viðtölum eftir leikina.

Ótrúlegasta dæmið var síðasti leikurinn þar sem Njarðvíkingar voru komnir fimm stigum yfir eftir aðeins 41 sekúndu og voru með forskotið í 39 mínútur og 41 sekúndu í venjulegum leiktíma. KR-liðið komst yfir í fyrsta skipti í leiknum eftir 14 sekúndur í framlengingunni og hélt forustunni út leikinn.

Tyson Patterson, leikstjórnandi KR-inga, var valinn besti leikmaður lokaúrslitanna eftir að hafa skorað 19,5 stig og gefið 10,3 stoðsendingar að meðaltali í úrslitaeinvíginu. Margir KR-ingar höfðu haft áhyggjur af leikstjórnanda sínum Tyson Patterson eftir tvo tapleiki í röð á móti Snæfelli í undanúrslitunum.

Tyson var þá búinn að eiga tvo mjög slaka leiki í röð og í seinni leiknum skoraði KR-liðið aðeins 61 stig á heimavelli. Tyson var með jafn mörg stig (7,0) og tapaða bolta í þessum tveimur leikjum, nýtti aðeins 33 prósent skota sinna og komst aðeins tvisvar á vítalínuna á 69 mínútum. KR var á leiðinni í sumarfrí ef ekki yrði breyting á.

Tyson fann hins vegar taktinn á hárréttum tíma og var með 18,8 stig, 10 stoðsendingar og aðeins 1,8 tapaða bolta að meðaltali í síðustu sex leikjum KR-inga í úrslitakeppninni. KR-ingar unnu fimm þeirra og tryggðu sér titilinn.

Tyson var með flest stig (19,5) og flestar stoðsendingar (10,3) í úrslitunum, Igor Beljanski hjá Njarðvík tók flest fráköst (11,5) og varði flest skot (2,3), félagi hans Brenton Birmingham stal flestum boltum (2,0) og Jev Ivey skoraði flestar þriggja stiga körfur eða 10. Njarðvíkingurinn Egill Jónasson var með bestu skotnýtinguna (83,3%) og KR-ingurinn Edmond Azemi nýtti vítin best (100%).

ooj@frettabladid.is

HVERJIR VORU MEÐ FORUSTUNA Í EINVÍGINU?

KR yfir	27:25 mín (16,6%)
Njarðvík yfir	129:12 mín (78,3%)
Jafnt	8:23 mín (5,1%)

HETJAN HYLLT Tyson Patterson var valinn besti leikmaður lokaúrslitanna og hann fékk höfðinglega meðferð eftir að titillinn var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

HÆSTA FRAMLAGIÐ Í ÚRSLITAEINVÍGINU

1. Tyson Patterson, KR	**26,8**
Stig (Skotnýting)	19,5 (44,3%)
Fráköst	7,0
Stoðsendingar	10,3
2. Brenton Birmingham, Njarðv.	**20,3**
Stig (Skotnýting)	17,3 (42,3%)
Fráköst	6,5
Stoðsendingar	6,0
3. Igor Beljanski, Njarðvík	**19,0**
Stig (Skotnýting)	17,0 (45,9%)
Fráköst	11,5
Varin skot	2,3
4. Jeb Ivey, Njarðvík	**18,0**
Stig (Skotnýting)	17,8 (39,7%)
Fráköst	6,0
Stoðsendingar	5,3
5. Friðrik Stefánsson, Njarðvík	**15,8**
Stig (Skotnýting)	10,8 (34,4%)
Fráköst	9,8
Stoðsendingar	3,3
6. Jeremiah Sola, KR	12,5
7. Edmund Azemi, KR	12,0
8. Egill Jónasson, Njarðvík	12,0
9. Fannar Ólafsson, KR	11,5
10. Pálmi Freyr Sigurgeirsson, KR	10,8
10. Jóhann Árni Ólafss., Njarðvík	10,8

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

Breyting á samþykktu deiliskipulagi á Hvaleyrarbraut 30 í deiliskipulagi Suðurhafnar Hafnarfjarðar.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2007, að auglýsa til kynningar breytingu á samþykktu deiliskipulagi á Hvaleyrarbraut 30 í deiliskipulagi Suðurhafnar Hafnarfjarðar, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan felst í aukin byggingarétt á lóðinni og hækkun á húsi.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 18. apríl 2007 - 16. maí 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 30. maí 2007. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

HARMONIKUTÓNLEIKAR

Finnsku harmonikuleikararnir Reijo Kumpulainen & Tatu Kantomaa halda tónleika í Reykjavík og á Norður- og Austurlandi.
Á efnisskránni er létt harmonikutónlist þar sem þeir leika dúetta og einleik.

Tónleikarnir verða á eftirtöldum stöðum:
Fimtudaginn 19. apríl Sumardaginn fyrsta í Neskirkju, Reykjavík kl 13.00
Fimmtudaginn 19. apríl Sumardaginn fyrsta Ósbær á Blönduósi kl 20.30
Föstudaginn 20. apríl Breyðumýri, Reykjadal kl.20.30
Laugardaginn 21. apríl Laugaborg, Eyjafirði kl.15.00
Sunnudaginn 22. apríl Egilsstaðakirkju kl.13.00
Sunnudaginn 22. apríl í sal Grunnskóla Reyðarfjarðar kl.20.00
Mánudaginn 23. apríl Nýheimum, Hornafirði kl.20.00

Aðgangseyrir kr. 1.500,- 12 ára og yngri kr. 500,-

Reijo er meðal efnilegri harmonikuleikara sem er að finna í dag og Tatu er Íslendingum að góðu kunnur fyrir leik sinn og störf.

Harmonikusýning

Að tónleikum loknum verður harmonikusýning þar sem EG-Tónar sýna mikið úrval af harmonikun ásamt harmonikugeisladiskum, harmonikunótum,harmonikuólum og harmonikupokum.

EG TÓNAR
Mosateigi 5 600 Akureyri 462 7374 & 680 1648 egtonar@heimsnet.is
Álfalandi 7 108 Reykjavík 588 3670 & 824 7610 www.egtonar.com

© DAGSKRÁIN

Tvær umferðir eftir í hollensku úrvalsdeildinni og AZ Alkmaar á enn möguleika á tveim titlum:

Úrslitakeppni um meistaradeildarsæti það fáránlegasta sem ég hef heyrt

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson og félagar í hollenska úrvalsdeildarliðinu AZ Alkmaar hafa átt góðu gengi að fagna á tímabilinu. Liðið komst í fjórðungsúrslit UEFA-bikarkeppninnar þar sem það tapaði fyrir Werder Bremen. Það er í öðru sæti deildarinnar, tveimur stigum á eftir PSV, þegar tvær umferðir eru eftir. AZ er einnig í undanúrslitum bikarkeppninnar og leikur þann leik á morgun.

Holland fær að senda tvo fulltrúa í Meistaradeild Evrópu en þrátt fyrir að AZ hafi lent í öðru sæti deildarinnar í fyrra komst það ekki í keppni þeirra bestu. Fyrirkomulagið í Hollandi er óhefðbundið. Meistararnir komast beint í Meistaradeildina en liðin í öðru til fimmta sæti keppa í sérstakri úrslitakeppni að tímabilinu loknu um hitt sætið.

„Þetta er án efa það fáránlegasta sem ég hef nokkru sinni vitað um. Ef við spilum aftur í þessari keppni í ár verður það eftir langt tímabil þar sem við komust langt í Evrópukeppni og bikarnum. Í fyrra töpuðum við fyrir Groningen sem hafði spilað kannski 10-15 leikjum færra en við á tímabilinu. Það er nóg að eiga einn slæman leik og allt sem maður hefur unnið fyrir í 34 leikjum á tímabilinu er fyrir bí," sagði Grétar Rafn.

Það er hætt við því að AZ lendi í sömu aðstöðu í ár og í fyrra; nái öðru sætinu en þurfi engu að síður að taka þátt í sérstakri keppni um Meistaradeildarsæti.

„Við eigum reyndar enn ágætan möguleika á titlinum. Ef við vinnum báða okkar leiki og PSV missir annan sinn í jafntefli er líklegt að við verðum meistarar."

Grétar verður í banni um helgina þegar AZ tekur á móti Heerenveen. Hann fékk gult spjald í leik gegn Vitesse um helgina. Í leiknum gegn Vitesse var hann reyndar sleginn niður af leikmanni Vitesse, sem fékk fyrir vikið rautt spjald og þriggja leikja bann. „Ég hljóp í veg fyrir hann og ætlaði að hægja á honum. Það fór í taugarnar á honum og hann sló mig því niður. Hann fékk rautt og ég gult fyrir að stoppa hann."

- esá

GRÉTAR RAFN Gengið hefur á ýmsu hjá honum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Siarhei Rutenka:

Á eftir spænsku vegabréfi

HANDBOLTI Ein besta rétthenta skytta heims, Siarhei Rutenka, íhugar það alvarlega þessa dagana að sækja um spænskt ríkisfang.

Rutenka er upprunalega Hvít-Rússi en fékk síðar slóvenskt vegabréf og þetta yrði því í annað sinn sem hann skipti um ríkisfang. Rutenka leikur með Ólafi Stefánssyni hjá Ciudad Real.

Félagi þeirra hjá Ciudad, Serbinn Arpad Sterbi, hefur þegar sótt um spænskt ríkisfang. **- hbg**

Iceland Express-deild kvenna:

Fjölnisstelpurnar komnar upp

KÖRFUBOLTI Fjölniskonur tryggðu sér sæti í Iceland Express-deild kvenna með 86-68 sigri á Snæfelli í lokaleik sínum í 2. deild kvenna.

Þetta verður í fyrsta sinn sem kvennalið Fjölnis spilar í efstu deild. Fjölnisliðið hafði betur í harðri baráttu við KR en með liðinu leika meðal annars Gréta María Grétarsdóttir og Birna Eiríksdóttir, sem hafa leikið í efstu deild og voru báðar valdar bestu nýliðar deildarinnar á sínum tíma.

Fjölnir tekur sæti Breiðabliks, sem fékk úr Iceland Express-deild kvenna í vetur. - óój

Á FÖRUM? Fátt bendir til þess að Guðlaugur Arnarsson og félagar verði áfram með lið hjá Fylki.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fylkismenn ósáttir:

Áfram handbolti í Fylki

HANDBOLTI Fylkismenn hafa óskað eftir því að fram komi að áfram verði spilaður handbolti í Fylki en í Fréttablaðinu um helgina var talað um endalok handboltans í Árbænum. Var þar reyndar vísað til karlahandboltans en heimildir blaðsins herma að ekki verði teflt fram meistaraflokki á næstu leiktíð. Tekin verður ákvörðun um það eftir næstu helgi.

Það er aftur á móti hárrétt hjá Fylkismönnum að handboltalífið utan meistaraflokks karla blómstrar og á næsta ári mun félagið tefla fram meistaraflokki kvenna í fyrsta skipti í mörg ár.

Iðkendum hefur fjölgað hjá félaginu og Árbæingar horfa bjartir til framtíðar þrátt fyrir áfall vetrarins hjá körlunum. **- hbg**

GÓÐUR LEIKUR Kristján Örn Sigurðsson og félagar í Brann unnu góðan sigur. NORDIC PHOTOS/AFP

Norska úrvalsdeildin í fótbolta:

Kristján Örn og Stefán bestir

FÓTBOLTI Annarri umferð norsku úrvalsdeildarinnar lauk í fyrrakvöld með sigri Brann á Strömsgodset, 3-1. Af Íslendingunum þrettán í deildinni komu sjö við sögu í umferðinni og voru þeir allir í byrjunarliðinu. Tveir voru á bekknum en fjórir ekki í hópi sinna liða.

Stefán Gíslason, Lyn, og Kristján Örn Sigurðsson, Brann, fengu hæstu einkunnir fjögurra stærstu fjölmiðla Noregs fyrir frammistöðu sína eða 5,5 í meðaleinkunn. Athygli vekur að besti Íslendingurinn í Noregi í fyrra, Veigar Páll Gunnarsson, er með lélegustu heildareinkunnina fyrir fyrstu tvær umferðirnar, 4,1. - esá

EINKUNNIRNAR

Nafn	VG	N.	Aft.	Db.	m.e.
Stefán	6	5	6	5	5,5
Kristján	5	6	6	5	5,5
Ólafur	5	5	6	5	5,3
Hannes	4	6	5	5	5,0
Árni	5	4	5	5	4,8
Indriði	5	4	4	5	4,5
Veigar	5	5	4	4	4,5

Pressan komin yfir á Chelsea

Manchester United náði sex stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir 2-0 sigur á Sheffield United í gær. Arsenal fór upp fyrir Liverpool í 3. sætið.

FÓTBOLTI Manchester United náði aftur sex stiga forskoti á Chelsea í ensku úrvalsdeildinni með 2-0 sigri á Sheffield United á Old Trafford í gærkvöldi. Pressan er því komin yfir á Chelsea sem heimsækir West Ham á Upton Park í kvöld. Á sama tíma vann Arsenal 3-1 sigur á Manchester City og komst um leið upp fyrir Liverpool í 3. sætið.

Michael Carrick og Wayne Rooney skoruðu mörkin eftir frábærar sendingar frá Cristiano Ronaldo og Ryan Giggs.

Heppnin var með Manchestermönnum og Gabriel Heinze þegar dómari leiksins sleppti augljósri vítaspyrnu en Heinze felldi þá Luton Shelton sem var sloppinn í gegn.

Manchester er komið með 81 stig, sex stigum meira en Chelsea en eftir leiki morgundagsins eiga liðin fimm leiki eftir. Tap í síðasta leik Manchester United gegn Portsmouth hafði gefið Chelsea tækifæri á að minnka forskotið niður í þrjú stig en nú þurfa lærisveinar Jose Mourinho að vinna West Ham á Upton Park til þess að koma pressunni aftur fyrir á United-menn.

„Sheffield United kom með eitt markmið í þennan leik og það var að vera með allt liðið sitt fyrir aftan boltann. Markið okkar í upphafi leiks eyðilagði skipulagið þeirra. Við höfum verið heppnir í síðustu leikjum og höfum skorað mikið af mörkum. Við sættum okkur alveg við 1-0 eða 2-0 sigra því við getum ekki skorað fjögur eða fimm mörk í hverjum leik," sagði Ryan Giggs, fyrirliði Manchester United, sem lék sinn 500. deildarleik í gær.



20. MARKIÐ Wayne Rooney innsiglaði sigur United með fallegri afgreiðslu. Þetta var 20. markið hans á tímabilinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Þetta var fagmannlega gert og við náðum að spara kraftana. Við hugusuðum fyrst og fremst um að ná öllum þremur stigunum og það tókst," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester, eftir leikinn.

Arsenal fór upp fyrir Liverpool í 3. sætið með 3-1 sigur á Man. City. Arsenal hefur fengið 62 stig einu meira en Liverpool sem á heimaleik inni gegn Middlesbrough í kvöld. Þetta var annar sigur liðsins í röð eftir að hafa leikið fimm sigurlausa leiki þar á undan.

Tomas Rosicky kom Arsenal yfir á 12. mínútu en DaMarcus Beasley jafnaði fyrir hálfleik. City byrjaði seinni hálfleikinn af krafti en tvö lagleg mörk frá Cesc Fabregas and Julio Baptista tryggði heimamönnum sigurinn.

ooj@frettabladid.is

ERFITT Vonir Eiðs Smára Guðjohsnen um að keppa á stórmóti dvínuðu mikið í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Evrópukeppnin í knattspyrnu:

Ekki fjölgað á EM árið 2012

FÓTBOLTI Það verður ekki fjölgað í úrslitakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu sem fer fram 2012 og möguleikar Íslands aukast því ekki.

Knattspyrnusamband Evrópu ákveður á morgun hvar Evrópumótið fer fram eftir fimm ár en þrír aðilar sækjast eftir að verða gestgjafar. Tillaga um að fjölga úr 16 liðum upp í 24 var felld í gær en í dag verður ákveðið hvort EM 2012 verður haldin á Ítalíu, í Póllando og Ungverjalandi eða í Króatíu og Ungverjalandi en tvö síðustu framboðin eru sameiginleg líkt og það frá Sviss og Austurríki sem hreppti EM 2008.

Það hefur alltaf verið búist við því að Ítalir fái keppni en ólæti áhorfenda og önnur vandamál tengd knattspyrnunni í landinu hafa valdið spennu í kjörinu. - óój

www.volvo.is

VOLVO C30 VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO C70 VOLVO S80 VOLVO XC70 VOLVO XC90

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að billinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.

Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo S40 bensín. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Tvö lið geta orðið Íslandsmeistarar á sunnudag:

HSÍ verður með bikar á Akureyri og Ásvöllum

HANDBOLTI Lokaumferð DHL-deildar karla fer fram næstkomandi sunnudag. Tvö lið - Valur og HK - geta orðið Íslandsmeistarar. Valur stendur betur að vígi og verður Íslandsmeistari leggi Hlíðarendaliðið Hauka að Ásvöllum. HK þarf aftur á móti að leggja Akureyri nyrðra og treysta á hagstæð úrslit í Hafnarfirði til að verða meistari. Botnbaráttan er þegar ráðinn og öll spennan er því á toppbaráttu deildarinnar.

Þessi staða skapar ákveðinn vanda fyrir HSÍ enda ekki heiglum hent að skjótast með bikarinn á milli Hafnarfjarðar og Akureyrar. Blessunarlega á HSÍ þrjú sett af verðlaunagripum en til þess ráðs varð að grípa fyrir nokkrum árum og því verður þetta ekkert vandamál.

Upprunalegi bikarinn verður á Ásvöllum ásamt formanni HSÍ en eftirlíking verður á Akureyri. Það verður að teljast mjög eðlilegt þar sem Valur er á toppi deildarinnar og því líklegri aðilinn til að lyfta bikarnum.

HVER FÆR BIKARINN? Guðmundur Guðmundsson hampaði bikarnum með Fram í fyrra. Nú er komið að Val eða HK.

Ekki er víst hver situr leikinn á Akureyri fyrir HSÍ en ekki er loku fyrir það skotið að það verði sjálfur Erlingur Kristjánsson sem situr í varastjórn HSÍ. **- hbg**

Skagamenn styrkja sig fyrir átök sumarsins:

ÍA reynir að fá tvo til þrjá útlendinga fyrir sumarið

FÓTBOLTI Það er tæpur mánuður í að Landsbankadeildin hefjist og félögin í óðaönn við að styrkja sig fyrir komandi átök. Það hefur lítið farið fyrir Skagamönnum það sem af er á markaðnum og ljóst að hópur liðsins er þunnur og óreyndur að stóru leyti.

Skagamenn eru búnir að auglýsa eftir tveim íbúðum fyrir sumarið: tveggja og þriggja herbergja. Að sögn Gísla Gíslasonar, formanns rekstrarfélags meistaraflokks ÍA, stefna Skagamenn á að bæta tveim til þrem leikmönnum við hópinn fyrir næsta tímabil.

Tveir Bretar eru í sigti ÍA þessa dagana og skýrist væntanlega í vikunni hvort af komu þeirra verði. **- hbg**

ÍSLENSKA SÍA.IS/ ISP 36276 02/06

Hverjir eiga heima hérna?

Það eru vinsamleg tilmæli okkar hjá Póstinum að bréfalúgur og póstkassar séu merkt skýrt og greinilega með fullu nafni allra sem búa í viðkomandi húsi.

Lélegar eða alls engar merkingar geta orðið til þess að endursenda verði póst, sendanda og viðtakanda til verulegra óþægindi. Aðstoð þín og tillitssemi auðvelda okkur að koma póstinum til þín hratt og örugglega.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is

VOLVO

Volvo. For life.

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is

BRUCE WILLIS

Bruce fæddist í Vestur-Þýskalandi árið 1955. Móðir hans er þýsk en amerískur faðirinn var þarlendis við herþjónustu. Bruce fór í skóla í Bandaríkjunum og tók þátt í öllum skólauppfærslum sem buðust. Eftir menntaskóla vann Bruce meðal annars fyrir sér sem fjárhirðir og barþjónn og spilaði á munnhörpu í R&B hljómsveit. Hann fór þó fljótlega til New York til að finna spennandi tækifæri í kvikmyndum og starfaði sem þjónn með. Það var einmitt á bar sem hann var fyrst uppgötvaður af kvikmyndaleikstjóra og boðið hlutverk í mynd. Bruce leikur í The Whole Ten Yards á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR STENST EKKI TÖFRA EIRÍKS HAUKSSONAR

Við eigum eftir að mala þessa keppni

Fátt vekur jafn mikla gleði í brjósti mér og speki norrænu Eurovision-fræðinganna sem RÚV birtir landsmönnum á hverju ári. Eftirlæti mitt er vitanlega Eiríkur Hauksson, það fær enginn staðist töfra þessa rauðhærða hógværa manns. Finninn Thomas Lundin heillar mig einnig mikið. Hann minnir mig reyndar mikið á Pál Óskar Hjálmtýsson, sem aldrei bregst áhorfendum sínum. Alltaf skemmtilegur með vel ígrunduð tilsvör.

Charlotte frá Svíþjóð kom einnig vel fyrir í frumraun sinni í þessum magnaða sjónvarpsþætti. Fulltrúar Noregs og Danmerkur svo jafn leiðinlegir og hin þrjú voru heillandi og skemmtileg. Það vakti athygli mína

að gleðigjafarnir gáfu fleiri stig heldur en danski og norski durgurinn. Þau skildu gleði og glys Eurovision fullkomlega en voru þó hörð þegar þjóðir reyndu að smygla einhverjum viðbjóði inn í keppnina. Frumraun íbúa Svartfjallalands er gott dæmi um það versta sem fólki getur dottið í hug að bjóða aðdáendum keppninnar. Jákvæðu norrænu spekingarnir sneru þá vitleysu strax niður með gagnrýni sinni. Mikill meistari er þýðandi þessara dásamlegu þátta.

Ég segi þetta á hverju ári en aldrei hef ég verið jafn viss um að Íslendingar eigi eftir að mala þessa keppni og nú, þegar við höfum Eirík Hauksson í broddi fylkingar.

EKKI MISSA AF

▶**20.00 The Whole Ten Yards** STÖÐ 2 BÍÓ

▶**20.05 Extreme Makeover** STÖÐ 2

▶**20.30 Fyrstu skrefin** SKJÁREINN

▶**21.00 Skemmtiþáttur Catherine Tate** SJÓNVARPIÐ

▶**21.10 Supernatural** SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

16.00 Kastljós - Borgarafundur
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Alvöru dreki (5:19)
18.23 Sígildar teiknimyndir (30:42)
18.30 Suðandi stuð (10:21)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ljóta Betty (10:22) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
▶**21.00 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (3:6)
21.35 Nýgræðingar Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
22.00 Tíufréttir
22.25 Ístölt Þáttur um ístöltsmót í Skautahöllinni í Laugardal.
22.55 Velkomin til Teheran (2:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum þar sem blaðamaðurinn Rageh Omaar fjallar um lífið og tilveruna í Teheran, höfuðborg Írans, og sögu og menningu landsins.
23.45 Kastljós
00.45 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 (1:4) e.
01.45 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Whole Ten Yards
08.00 The Day After Tomorrow
10.00 Lóa og leyndarmálið (e)
12.00 Anchorman . The Legend of Ron Burgundy
14.00 The Day After Tomorrow
16.00 Lóa og leyndarmálið (e)
18.00 Anchorman . The Legend of Ron
▶**20.00 The Whole Ten Yards** Stórskemmtileg glæpagrínmynd.
22.00 Back in the Day
00.00 Man on Fire
02.25 Cubbyhouse
04.00 Back in the Day

STÖÐ 2

07.20 Grallararnir
07.40 Tasmanía
08.00 Oprah
08.45 Í fínu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Forboðin fegurð
10.05 Most Haunted (3.20)
10.50 Fresh Prince of Bel Air 4
11.15 Strong Medicine (13.22)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Osbournes (6.10) (e)
13.30 Leyndardómur Stonehedge
14.20 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
15.20 Fresh Prince of Bel Air 4
15.50 Sabrina - Unglingsnornin
16.13 Stubbarnir
16.38 Pocoyo
16.48 Könnuðurinn Dóra
17.13 Kalli og Lóla
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 Kosningafundur Stöðvar 2 (4.7)Svanhildur og Sigmundur halda til Hafnarfjarðar og funda um málefni Suðvesturkjördæmis.
▶**20.05 Extreme Makeover** (15.23)
20.50 Strictly Confidential Ný bresk smásería í anda Footballers Wives og Hótel Babýlon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið. Bönnuð börnum.
21.40 Medium (10.22)
22.25 Oprah (Do You Believe?)
23.10 Grey´s Anatomy (25.36) Grey´s Anatomy er vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum í dag.
23.55 Kompás
00.30 Innocents
02.00 Friday After Next
03.25 Full Disclosure
05.00 Entourage (7.14)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld (20.24) (e)
19.55 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
20.20 American Inventor
▶**21.10 Supernatural** (10.22) Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
22.00 Shark (15.22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins.
22.45 Las Vegas NÝTT (1.17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavítinu en það er ekki auðvelt í partíborginn Las Vegas. (1.17) Starfsmenn spilavítisins eru í áfalli vegna árásarinnar á Ed en gestirnir þurfa enn alla athygli þeirra.
00.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
00.30 Gene Simmons. Family Jewels (Fan-Tastic)
00.55 Sirkus Rvk (e)
01.25 Seinfeld (20.24) (e)
01.50 Entertainment Tonight (e)
02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
10.30 Óstöðvandi tónlist
14.45 Vörutorg
15.45 Innlit / útlit (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Melrose Place
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Will & Grace (e)
20.00 According to Jim (4.22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Cheryl vinnur boðsmiða fyrir tvo á góðgerðarsamkomu í Playboy-setrinu eftir að Jim skráði hana til leiks að henni forspurðri. Hún ákveður að bjóða systur sinni með sér frekar en Jim.
▶**20.30 Fyrstu skrefin** (8.12) Frábær þáttaröð sem fjallar um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverkum foreldra og annarra aðstandenda.
21.00 Britain's Next Top Model (8.10) Að þessu sinni verður litið um öxl og farið yfir það sem gerst hefur til þessa.
22.00 Jericho (11.22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno
00.05 Close to Home (e)
00.55 Kidnapped (e)
01.45 Beverly Hills 90210 (e)
02.30 Melrose Place (e)
03.15 Vörutorg
04.15 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

07.00 Að leikslokum (e)
13.15 Sheff. Utd.-West Ham(frá 14.apríl)
15.25 Inter - Roma (beint)
18.00 Eggert á Upton Park (e)
18.35 West Ham - Chelsea (beint)
21.00 Liverpool - Middlesbrough (frá í kvöld)
23.00 Man. Utd. - Sheff. Utd. (frá 17. apríl)
01.00 Dagskrárlok

Tilboð dagsins!
T-Bone steik á pönnuna eða í ofninn
á aðeins 2390.- kr.kg

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 Tjarnarvöllum 15 gallerikjot.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
Strictly Confidential

Í kvöld hefst glæný bresk smásería í anda Footballers Wives og Hótel Babýlon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið. Lindu dreymir um að eignast barn en það hefur ekki gengið eftir og skapar það stöðugt álag á hjónabandið. Erfiðleikarnir aukast þó enn meira þegar Linda ákveður að aðstoða fyrrum elskhuga sinn við að leysa morðmál. Þetta er spennandi og skemmtileg þáttaröð fyrir alla þá sem hafa gaman af alvöru breskri dramatík.

▶ VELKOMIN TIL TEHERAN
Sjónvarpið kl. 23.05

Welcome to Teheran er bresk heimildarmynd í tveimur hlutum. Þar fjallar blaðamaðurinn Rageh Omaar um lífið og tilveruna í Teheran, höfuðborg Írans, og sögu og menningu landsins. Íran er mikið í heimsfréttunum og þá aðallega vegna ægivalds ofsatrúarmanna og kjarnorkumála en í landinu dafnar fjölskrúðug blanda gamla tímans og þess nýja. Rageh Omaar hefur áður verið með talibönum í Kabúl og Írökum í Bagdad og sagt þaðan fréttir svo að eftir var tekið. Hér segir hann frá mótsagnakenndu þjóðfélagi þar sem búrkur og alskegg ber við sýningarsali fyrir glæsibíla og farsímaauglýsingar og ýmislegt kemur á óvart.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.05 Morgunvaktin 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Pipar og salt
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
14.30 Miðdegistónar
15.03 Þættir úr íslenskri leikritun
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Vítinn
19.30 Laufskálinn
20.10 Heima er best
21.00 Út um græna grundu
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Glæta
23.05 Fallegast á fóninn
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

07.00 Meistaradeild Evrópu - endurs
17.10 Gillette World Sport 2007
17.40 Spænsku mörkin
18.25 Spænska bikarkeppnin (Barcelona - Getafe) Bein útsending frá leik Barcelona og Getafe í spænsku bikarkeppninni í knattspyrnu. Vonandi fær landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen að spreyta sig í þessum leik en hann sat á varamannabekknum í síðasta leik liðsins.
20.25 Meistaradeild Evrópu (Liverpool - PSV)
22.05 Meistaradeildin með Guðna Bergs
22.25 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2006-2007 - Highlights) Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá Þjóðverjum og hallirnar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.
22.55 Spænska bikarkeppnin (Barcelona - Getafe) Útsending frá leik Barcelona og Getafe í spænsku bikarkeppninni.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Ud i det blå **7.00** Italienske fristelser **7.30** Smagsdommerne **8.10** Meditation i bevægelse **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Den 11. time **9.30** Hold masken **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Ud i naturen **11.00** Hvad er det værd **11.25** Aftenshowet **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Det Vildeste Westen **14.15** SKUM TV **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Junior **15.30** Der var engang... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kongehuset **18.00** Søren Ryge - Direkte **18.30** I lære som stjerne **19.00** TV Avisen **19.25** Penge: Er boligbøtten vendt? **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Mission integration **22.15** Boogie Update **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Gnotterne **6.00** Postmand Per

NRK 1

7.30 Dyreklinikken **8.00** Siste nytt **8.05** Muntlig spørretime **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Familien **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Perspektiv: Diddelido! **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Der fartøy flyte kan **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis: Begrenset frihet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** Lov og orden: New York **22.30** Helleristerne **4.25** Frokost-tv

SVT 1

7.30 Kaksi/två **8.00** Soñaba con una aventura **8.10** Courts de francais: Sur la route **8.30** Keith on the road **9.00** Garage guld **9.30** Krokomax **10.00** Rapport **10.05** The Robinsons **12.20** Illdåd planeras **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Förskolan Månstugan **16.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Klister **17.00** Polleke **17.30** Rapport **18.00** Vi hänger mé **18.30** Mitt i naturen **19.00** Robins **19.30** Entourage **20.00** Lantana **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Bror och syster **23.20** Bingo Royale **0.05** Sändningar från SVT24 **4.00**

+Lyfjabókin er komin út



1.000 kr. afsláttur
Þeir sem skila inn eldri útgáfum lyfjabóka fá þúsund króna afslátt af verði nýju bókarinnar

FÆST Í NÆSTU VERSLUN LYFJU

Lyfjabókin 3ja útgafa er komin út
- Handbók um lyf á Íslandi
- Endurbætt útgáfa
- Myndir af lyfjunum í raunstærð
- Á erindi á hvert heimili

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA/SÍA.IS/LYF 37202 04/2007

GAMLA MYNDIN

„Það var nú þekktur hönnuður sem hannaði þennan galla. Fyrrverandi kærastan mín í kringum ´95 fékk jakkann svo lánaðan til að fara á djammið, hann glitraði svo flott á diskóinu.“

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarmaður.

Myndin er tekin á tónleikum Todmobile í Hafnarfirði árið 1991.

Gagnkynhneigðir gleðjast saman

„Ætlunin er að fagna gagnkynhneigðu hversdagslífi. Við hvetjum fjölskyldur til að koma í hversdagsklæðnaði, taka með sér hundinn og rölta eða keyra niður Laugaveginn á fjölskyldubílnum. Það verður svo lúðrasveit sem fer fyrir göngunni,“ segir Anne Marte Overaa, myndlistarnemi og skipuleggjandi fyrstu „Straight Pride“-göngunnar á Íslandi.

Gangan verður haldin þarnæsta laugardag, 28. apríl. „Við höfum hannað fána göngunnar. Hann er ekki ósvipaður regnbogafána samkynhneigðra nema í grátónaskalanum. Við ætlum svo að dreifa honum fyrir gönguna þannig að búðir og kaffihús geti hengt upp fánann til að sýna stuðning sinn. Við vonum svo að sem flestir komi, líka samkynhneigðir,“ segir Anne.

Að sögn Anne eru göngur af þessu tagi ekki alveg óþekktar og hafa farið fram víða um heim. Hún segir gönguna ekki síður fyrir samkynhneigða en gagnkynhneigða. „Margir samkynhneigðir mæta í bolum með áletrunum á borð við „Ég á gagnkynhneigðan vin“ eða „ég er dóttir gagnkynhneigðra foreldra“. Þarna snúast hlutföllin líka oft við því samkynhneigðir geta tekið sér stöðu á gangstéttunum og veifað til þeirra gagnkynhneigðu í göngunni.“

Slagorð göngunnar er „Straight is great“ sem útleggst á hinu ylhýra „gagnkynhneigt er frábært“.Gangan hefst klukkan 14 laugardaginn 28. apríl á Hlemmi og verður farið niður Laugaveginn. - jar

SKIPULEGGUR GÖNGU GAGNKYNHNEIGÐRA Anne Marte Overaa hvetur alla til að mæta í fyrstu „Straight Pride“-gönguna á Íslandi sem verður um aðra helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

STEFÁN BIRGIR Gagnrýndi talsetninguna á heimasíðu sinni en var síðan boðið lítið hlutverk í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STEFÁN BIRGIR AÐDÁANDI SIMPSONS NÚMER EITT Á ÍSLANDI

Fær hlutverk í talsetningunni

Stefán Birgir Stefánsson, rúmlega tvítugur sálfræðistúdent, hefur haldið úti öflugri gagnrýni á talsetningu kvikmyndarinnar um Simpsons-fjölskylduna, sem frumsýnd verður í sumar, á heimasíðu sinni. Honum brá því eðlilega í brún þegar hringt var í hann frá Senu og honum boðið að tala fyrir eina persónuna í myndinni. „Ég veit reyndar ekkert hvaða hlutverk þetta er, er að bíða eftir símtali frá leikstjóranum en ætli það yrði ekki mest við hæfi að ég fengi að tala fyrir The Comic Book Guy í ljósi aðstæðna,“ segir Stefán og skellir upp úr en umræddur aðili rekur teiknimyndasögubúð í Springfield og veit allt um allar myndasögur sem framleiddar hafa verið. „En þetta verður örugglega mjög gaman,“ bætir hann við.

Stefán hefur verið aðdáandi gulu fjölskyldunnar lengi og fylgst vel með gangi mála í Springfield. Hefur meira að segja látið húðflúra sjálfan Hómer Simpson á handlegginn á sér. Og þykir mikið til fjölskylduföðurins koma þótt Stefán vonist auðvitað til þess að hann stígi meira í vitið en Hómer. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá þá hefur því verið haldið leyndu hvernig hlutverkunum verður útdeilt en þó hefur blaðið heimildir fyrir því að Örn Árnason tali fyrir Hómer og þá þykir Álfrún Örnólfsdóttir koma sterklega til greina sem Lísa, dóttirin ofurgáfaða.

Mikil leynd hvílir yfir söguþræðinum og vita fáir um hvað hún verður. Stefán segir það enga tilviljun heldur sé þetta allt með ráðum gert. „Framleiðendur myndarinnar voru búnir að lýsa því yfir að þeir hygðust gefa út alls konar misvísandi leiðbeiningar um söguþráðinn þannig að enginn vissi í raun hvert plottið væri heldur væru á sveimi fullt af hvers kyns samsæriskenningum,“ útskýrir hann.

Simpsons-þættirnir eru þekktir fyrir gagnrýni sína á bandarískt þjóðfélag og eru jafnvel enn meira fullorðinsefni heldur en teiknimyndir fyrir börn. „Ég horfi á þættina á hverju ári og er alltaf að sjá eitthvað nýtt. Þriggja ára gömul frænka mín hefur alveg jafn gaman af þáttunum af því hún elskar litina en hún á síðan eftir að sjá nýja og nýja hluti í þáttunum þegar hún verður eldri,“ segir Stefán sem útilokar ekki að skrifa BA-ritgerðina sína í sálfræði um áhrif Simpsons-fjölskyldunnar í samtímanum. freyrgigja@frettabladid.is

COMIC BOOK GUY Hefur meira vit á teiknimyndasögum en nokkur annar íbúi Springfield og þótt víðar væri leitað.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Freyr Einarsson,dagskrárstjóri sjónvarpsstöðvarinnar Sirkuss, hefur slegið í gegn hjá bloggsvæði Vísir.is. Heimsóknir á síðuna náðu nýjum hæðum þegar fyrrv. ritstjóri DV skrifaði færslu undir heitinu „Dóttir mín er hnakkamella“. Þau skrif hafa reyndar verið fjarlægð vegna óviðurkvæmilegra athugasemda gesta en dagskrárstjórinn bætir um betur í nýjustu skrifum sínum. Freyr á von á barni með unnustu sinni, þulunni **Ellý Ármannsdóttur** og upplýsir að hún og Kastljósstjórnandinn **Jóhanna Vilhjálmsdóttir** sem líka gengur með barn undir belti, hafi verið settar á sama dag, fimmtánda maí. Og skrifar Freyr að þetta sé til marks um svo gott skipulag hjá **Páli Magnússyni** og félögum hjá RÚV að starfsmennirnir séu farnir að samræma barneignir.

Þær fréttir að leikarinn og leikstjórinn **Jón Páll Eyjólfsson** eigi möguleika á því að fá hlutverk í næstu Harry Potter-mynd skapar óvissu í íslenskum leikhúsheimi. Jón Páll ætlaði að leikstýra **Partílandi**, leikverki **Jóns Atla Jónassonar**, sem verður lokapunktur Listahátíðar í maí en nú er það verkefni í óvissu. Jón Atli sér fram á að leita út fyrir landsteinana að nýjum leikstjóra kjósi Jón Páll að hverfa frá verkefninu. Þannig mun hann hafa borið víurnar í **Egil Heiðar Anton Pálsson** sem starfar við konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn og eins hefur nafn **Tue Biering** verið nefnt í þessu sambandi. Fyrsti samlestur verksins er á næstu dögum svo Jón Atli þarf að láta hendur standa fram úr ermum við leikstjóravalið.

- fgg

West Ham-söngur Garðars vekur athygli

EINAR Sagði fátt geta komið í veg fyrir að plata Garðars yrði mest selda klassíska platan í Bretlandi.

„Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Garðar verði með söluhæstu klassísku plötuna á Bretlandi í þessari viku,“ segir Einar Bárðarson, kampakátur yfir fyrstu sölutölum sem hann hafði þá nýlega fengið í hendurnar en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum kom fyrsta breiðskífa tenórsins í breskar plötubúðir á mánudaginn. „Ég veit af fenginni reynslu frá Nylonflokknum að þessar sölutölur gefa yfirleitt raunsanna mynd af því sem koma skal og við erum því ákaflega bjartsýn á framhaldið,“ bætir umboðsmaðurinn við.

Einar segist þó vera með báða fætur á jörðinni þegar kemur að hinum almenna lista en eini sígildi listamaðurinn sem hefur gert góða hluti á þeim lista er góðvinkona Garðars, Katherine Jenkins. „Við erum ekkert að gera okkur of miklar vonir en auðvitað væri það frábært ef það tækist að brjóta sér leið inn á þann lista,“ segir Einar. Garðar verður önnum kafinn í þessari viku við að veita fjölmiðlum viðtöl og verður meðal annars aðalgesturinn í Kastljósþætti þeirra Breta, London Tonight, sem sýndur er á ITV. „Við verðum bara að reyna að nýta okkur þennan meðbyr og kynna hann sem best,“ segir Einar.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær mun Garðar Thor syngja fyrir stuðningsmenn West Ham á Upton Park áður en liðið etur kappi við ensku meistarana í Chelsea. West Ham er sem kunnugt er í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar og leita þeir nú allra leiða til að blása þeim baráttuandann í brjóst en liðið er í harðri fallbaráttu í ensku úrvalsdeildinni. „Þetta hefur vakið mikla athygli hérna úti og birtu meðal annars Guardian, Times og Metro litla frétt um þetta.“

MIKIL ATHYGLI Garðar hefur verið duglegur við að koma sér á framfæri og verður meðal annars í London Tonight annað kvöld á ITV.



LÁRÉTT
2. íþróttafélag, **6.** gylta, **8.** örn, **9.** knæpa, **11.** tveir eins, **12.** kortabók, **14.** pressuger, **16.** tveir eins, **17.** angra, **18.** for, **20.** gangþófi, **21.** könnun.

LÓÐRÉTT
1. ungdómur, **3.** guð, **4.** hagnaður, **5.** sigti, **7.** mótbárur, **10.** fiskur, **13.** temja, **15.** svall, **16.** þunnur vökvi, **19.** holskrúfa.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. fram, **6.** sú, **8.** arí, **9.** krá, **11.** ðð, **12.** atlas, **14.** ólger, **16.** ll, **17.** ama, **18.** aur, **20.** il, **21.** prófl.
LÓÐRÉTT: 1. æska, **3.** ra, **4.** arðsemi, **5.** mið, **7.** úrtölur, **10.** áll, **13.** aga, **15.** rall, **16.** lap, **19.** ró.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Í skólanum Virginia Tech í Blacksburg í Virginíu.
2. Benedikt Guðmundsson.
3. Jón Páll Eyjólfsson.

Elizabeth Arden

i love my

gift

Elizabeth Arden dagar í Hagkaupum frá 18. - 25. apríl.

ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 4.600 KR. ÞÁ ER ÞESSI GLÆSILEGA GJÖF ÞÍN !

Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

visir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Allir með strætó

Reykjavíkurborg hefur kynnt vistvæna stefnu. Það á að taka umhverfismálin í gegn til dæmis með því að útbúa náttúrusvæði til útikennslu í öllum hverfum, breikka göngu- og hjólreiðastíga og bæta skilyrði til fuglalífs og fuglaskoðunar í Vatnsmýri og á Tjörninni. Síðan verður líka mótuð loftslagsáætlun fyrir borgina til næstu tíu ára og þá mega nagladekkin aldeilis fara að skríða í skjól því til stendur að sporna við notkun þeirra.

EKKI efast ég um að þessi græna bylting borgaryfirvalda tengist yfirvofandi ríkisstjórnarkosningum. Það er umhverfissveifla í þjóðfélaginu og sjálfstæðismenn eru uggandi. Ég vona bara að vistvænu skrefin reynist borgarbúum jafn vel og lofað er í blaðaauglýsingunum. Það er samt ekki allt jafnskýrt sem þar stendur. Þessi setning býður til að mynda upp á stúdíu: „Ný mannvirki í borginni taka mið af hjólreiðum sem samgöngutæki.“ Vonandi þýðir þetta eitthvað meira en reiðhjólastatív við anddyri nýja hátæknisjúkrahússins.

ÞAÐ sem er þó hvað gleðilegast við umhverfisáætlunina er að Reykjavíkurborg ætli að bjóða námsmönnum ókeypis í strætó næsta haust. Það getur sparað þeim drjúgan skilding á ársvísu og verður jafnvel til þess að sumir geti selt bílinn sinn eða hætt við að kaupa svoleiðis grip. Margir eiga líklega eftir að átta sig á því að það tekur venjulega ekki meiri tíma að bíða eftir strætó en að skafa bíl á köldum vetrarmorgni. Gef ég mér þá þær forsendur að fólk þekki áætlun vagnanna. Það getur líka sparað heilmikið umstang að stimpla upplýsingasíma strætisvagnanna inn í farsímann sinn til að fá að vita hvernig best er að tengja saman tvær leiðir. Þar svarar fólk fullt þekkingar og þjónustulundar.

FÆSTIR námsmenn búa svo vel að geta geymt bílana sína í bílskúrum yfir nóttina og þurfa því ekki aðeins að skafa heldur líka að setjast inn í hrollkaldan bíl. Það getur því oft verið mun notalegra að koma akandi til skóla eða í vinnu á upphituðum strætisvagni en í ísköldum einkabíl. Eini munurinn er sá að í eigin bíl getur fólk ráðið tónlistinni sem sjaldnast er í boði í strætó. Á móti kemur að í strætó má efna til fjöldasöngs. Möguleiki sem allt of sjaldan er nýttur.

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

www.toyota.is

AURIS

Nýtt upphaf

Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir nýjan bíl, nýja tegund: Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 1.940.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070